

**SKOÐUN** Við getum ef til vill orðið ríkari en Norðmenn, skrifar Jón Steinsson. 29



**MENNING** Svala Björgvinsdóttir giftist Einari Egilssyni í sumar eftir nítján ára samband. 66



**SPORT** Fyrsti lax sumarsins veiddist í Norðurá í þriðja kasti eldsnemma í gærmorgun. 62







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
6. júní 2013
131. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



**Áfangasigur Assads** Stjórnarherinn í Sýrlandi náði undir sig mikilvægri borg í fyrrinótt þegar Quasair féll í hendur hans eftir þriggja vikna umsátur. 8

**Vildu veiða fyrstir** Stjórn Veiðifélags Norðurár íhugaði að kaupa opnunarhollið af Stangaveiðifélagi Reykjavíkur svo að stjórn þess gæti opnað Norðurá þrátt fyrir vanskil við landeigendur. 2

**Unglingaball tekjuleið** Forvarnarhópur segir „flöskuböll“ með 16 ára aldurstakmarki í reiðhöllinni Faxaborg í Borgarnesi ávísun á unglingadrykkju. 4

**Verðið skiptir ekki öllu** Ódýr sólgleraugu vernda augun jafn vel fyrir útfjólubláum geislum og dýr sólgleraugu. 22




30

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 9° | SA | 6 |
| Akureyri | 17° | S | 2 |
| Egilsstaðir | 17° | SV | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 12° | SA | 2 |
| Reykjavík | 11° | SA | 7 |

**Hlýtt** Dálítil riging NV-til fyrri hluta dags en skúrir V- og N-til síðdegis. Nokkuð bjart á A-helmingi landsins. Hiti 10-18 stig. 4

**SÉRBLAÐ**

Fólk




# Nubo reynir aftur

Talsmaður Huangs Nubo á Íslandi segir að á næstunni verði sótt í annað sinn um ívilnunarsamning við iðnaðarráðuneytið vegna leigu á hluta Grímsstaða á Fjöllum.

**VIÐSKIPTI** Zhongkun, fjárfestingarfélag Huangs Nubo, mun á næstu mánuðum gera aðra tilraun til að fá leyfi frá iðnaðarráðherra til langtímaleigu á Grímsstöðum á Fjöllum. Félaginu var í fyrstu tilraun neitað um ívilnunarsamning, þar sem fullnægjandi upplýsingar um áform Huangs þótti skorta.

„Við höfum verið að vinna að frágangi á málum með sveitarfélögunum á svæðinu og þeirri vinnu hefur miðað mjög vel,“ segir Halldór Jóhannsson, arkitekt og talsmaður Huangs Nubo á Íslandi, en hann vonast til að ný umsókn verði lögð inn nú í sumar.

Þegar Zhongkun leggur inn umsóknina mun hún lenda á



HUANG NUBO

borði Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, nýs iðnaðarráðherra, en hún vildi ekki tjá sig um málið í gær. Hún hefur hinsvegar áður sagst jákvæð í garð áformanna.

Eftir að Ögmundur Jónasson, þáverandi innanríkisráðherra, hafnaði undanþágubeiðni Zhongkun um kaup á Grímsstöðum á Fjöllum haustið 2011 hófust viðræður milli sveitarfélaga á Norðausturlandi um að kaupa jörðina og leigja hluta hennar svo til

> **Ég vona að þetta verði í sumar þegar ný ríkisstjórn er búin að koma sér fyrir.**
>
> *Halldór Jóhannsson talsmaður Huang Nubo*

Zhongkun. Stofnuðu sex sveitarfélög á svæðinu að lokum félag utan um verkefnið og sömdu síðan á síðasta ári við Huang Nubo um skilyrði leigunnar. Sá samningur nægir Nuobo ekki því hann þarf fyrrnefndan ívilnunarsamning við iðnaðarráðuneyti Ragnheiðar Elínar Árnadóttur. - mþl

Nektarmyndir af unglingum:

## Stúlkur fórnarlömb spjallsíðu

**LÖGREGLUMÁL** Kynferðisbrotadeild lögreglunnar skoðar tugi mála þar sem myndir af ungum íslenskum stúlkum eru birtar á síðu á netinu án leyfis þeirra. Yfirmaður kynferðisbrotadeildar segir unnið í að loka síðunni.

„Þetta er bara hræðilegt. Ég veit ekki hvernig er hægt að gera svona lagað. Þetta er sjúkt,“ segir ung stúlka sem Fréttablaðið ræddi við. „Konurnar geta fundið fyrir mikilli vanmáttarkennd þar sem þær geta aldrei verið vissar um að myndirnar dúkki ekki einhvers staðar upp aftur,“ segir Guðrún Jónsdóttir hjá Stígamótum.

Flestar myndirnar á síðunni eru af stúlkum á aldrinum fimmtán til átján ára en yngstu stúlkurnar eru þrettán ára. - mlþ / sjá síðu 6



**GLEÐI Í SORG** Dætur Hermanns, Björg Sigríður, Sigrún, Edda og Eva Laufey, mættu á minningarathöfnina í Valsheimilinu í gær. Par var slegið á létta strengi inni á milli og því brosað í gegnum tárin þegar hans var minnst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Valsarar syrgja góðan félaga:

## Minntust Hemma Gunn

**FÓLK** Fjöldi fólks kom saman í Valsheimilinu að Hlíðarenda í gær til að minnast Hermanns Gunnarssonar, Hemma Gunn, sem varð bráðkvaddur í fríi í Taílandi í fyrradag.

Það var íþróttafélagið Valur sem stóð fyrir athöfninni í gær. „Valsmenn minnast eins af þekktustu og bestu sonum Knattspyrnufélagsins Vals með þakklæti og virðingu,“ var sagt í tilkynningu félagsins. Séra Vigfús Þór Árnason og Ólafur F. Magnússon héldu meðal annars stutt ávörp. Þá var ungt danspar fengið til að dansa undir lok athafnarinnar og lagið Valsmenn léttir í lund var sungið.

Óhætt er að segja að skyndilegt andlát Hemma hafi vakið þjóðarathygli undanfarna daga og hans hefur verið minnst víða. Klappað verður fyrir honum í eina mínútu á landsleik Íslands og Slóveníu annað kvöld og leikmenn Íslands munu bera sorgarbönd. - þeb / sjá síðu 20






Gengjastríðunum í Breiðholti er lokið og hverfið er orðið mun öruggara:

## Há glæpatíðni er lífseig mýta

**REYKJAVÍK** „Það er einfaldlega lífseig mýta að Breiðholtið sé eitthvað hættulegra en önnur hverfi. Það þarf ekki annað en að skoða tölfræðina til að sjá það,“ segir Heimir Ríkharðsson, rannsóknarlögreglumaður í Breiðholti og Kópavogi.

Afbrotum í hverfinu hefur fækkað ár frá ári síðan 2007 og er hlutfallið orðið sambærilegt öðrum hverfum borgarinnar.

Lögregla og íbúar hverfisins eru sammála um að nauðsynlegt sé að „afglæpavæða“ ímynd hverfisins en fordómar og gamlar sögur lifa enn góðu lífi. Hann segir svæðið lengi hafa einkennst af hópamyndun barna og unglinga, sem oft hafi endað illa, en slíkt heyri nú sögunni til.

„Það voru notaðir hnífar, vopn og steinar, það voru barsmíðar og það var setið fyrir mönnum. En þetta verður maður mun minna var við, enda náðum við á endanum trausti

> **Það voru notaðir hnífar, vopn og steinar, það voru barsmíðar og það var setið fyrir mönnum.**
>
> *Heimir Ríkharðsson rannsóknarlögreglumaður*

strákanna sem voru í þessu og þeir áttuðu sig á því að maður var með þeim en ekki á móti þeim,“ segir hann. - sv / sjá síðu 18


HOLLAND & BARRETT
Heilsubúð í Smáralind
MIKIÐ ÚRVAL • FRÁBÆR GÆÐI • BETRI VERÐ
15% afsláttur af öllu í dag
Sími 534-1414 • www.hollandandbarrett.is • Holland and Barrett Ísland



## SPURNING DAGSINS



Hilmir, er þetta söngleikur um mikið magn ruslpósts?

**„Ekki alveg, það má segja að hann fjalli um grínista hringborðsins.“**

Hilmir Snær Guðnason mun leikstýra uppfærslu Þjóðleikhússins á söngleiknum Spamalot í lok árs. Söngleikurinn byggir á kvikmyndinni vinsælu Monty Python and the Holy Grail.

Stjórnarandstaðan mun fá formennsku í þingnefndum:

# Óljóst með dagskrá þingsins

**ALÞINGI** Alþingi verður sett í dag og reiknað er með því að fundað verði í tvær til þrjár vikur. Dagskráin liggur ekki enn fyrir en Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra mun flytja stefnuræðu sína á mánudag. Fyrsti vinnudagur þingsins verður síðan á þriðjudag.

Vinna stendur yfir í ráðuneytunum um þau mál sem tekin verða fyrir á sumarþinginu. Áður hefur komið fram að líklegast sé að tekið verði á tryggingargjaldi á fyrirtæki. Ákveðið var í gær að stjórnarandstaðan fengi formennsku í tveimur fastanefndum þingsins. Til fastanefnda teljast allsherjar- og menntamálanefnd, atvinnuveganefnd, efnahags- og viðskiptanefnd, fjárlaganefnd, stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, utanríkismálanefnd og velferðarnefnd.

Þá mun stjórnarandstaðan fá fyrsta varaformann í þremur fastanefndanna og annan varaformann í öðrum þremur. - kóp



**ALÞINGI** Þing verður sett klukkan 13.30 í dag. Einar K. Guðfinnsson stýrir fundi sem starfsaldursforseti, í fjarveru Steingríms J. Sigfússonar, en Einar verður síðan kjörinn forseti Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ráðherra um gengislán:

# Hefji útreikninga tafarlaust

**FJÁRMÁL** Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra segist vænta þess að fjármálastofnanir muni nú hefja endurreikninga á gengislánum tafarlaust og gera það vel.

Þetta kemur fram í tilkynningu vegna gengislánadóms Hæstaréttar í síðustu viku. Umboðsmaður skuldara gaf álit sitt á dómnum og telur fordæmisgildi hans skýrt. Samkvæmt dómnum megi ekki endurreikna lán til skemmri tíma með vöxtum Seðlabankans aftur í tímann. - þeb



**STEINNINN AFHJÚPAÐUR** Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, og Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfisráðherra afhjúpuðu skjöldinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Fimmtíu ár liðin frá því að gosið í Surtsey hófst:

# Nýr minnisvarði um Surtsey

**UMHVERFISMÁL Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, afhjúpaði í gær skjöld til staðfestingar því að Surtsey er á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.**

**Skjöldurinn er á Breiðabakka á Heimaey, þar sem Surtsey er í sjónmáli. Í næsta mánuði eru fimm ár liðin frá því að eyjan var samþykkt inn á listann. Fimmtíu ár eru á þessu ári frá því að gosið hófst og 46 ár síðan því lauk.**

**Eftir að ráðherra hafði ávarpað gesti voru framkvæmdir við Eldheima skoðaðar, en það er nýtt sýningarhús um minjar frá gosinu í Heimaey. Að því loknu var boðið til móttöku í Surtseyjarstofu.** - þeb

# Sigfús Jóhann Johnsen látinn

Sigfús Jóhann Johnsen prófessor lést miðvikudaginn 5. júní á hjúkrunarheimilinu Slottet í Kaupmannahöfn. Hann fæddist 27. apríl árið 1940.

Sigfús starfaði bæði við Kaupmannahafnarháskóla og Háskóla Íslands, lengst af við margvíslegar rannsóknir á djúpkjörnum úr Grænlandsjökli. Hann hlaut fjölda alþjóðlegra viðurkenninga. Hann var heiðursdoktor við Háskóla Íslands og heiðursfélagi í Jöklarannsóknafélagi Íslands.

Sigfús lætur eftir sig eiginkonu og þrjú uppkomin börn.

Segja tafir óþægilegar:

# Vinnsla hauggass frestast

**AKUREYRI** Metanstöðin á Akureyri getur ekki hafið vinnslu hauggass frá urðunarstaðnum á Glerárdal á Akureyri sökum seinkunar á afhendingu hreinsistöðvar frá framleiðanda hennar.

Áætlað var að Norðurorka keypti hreinsistöð sem þegar var hafin smíði á en niðurstaða framleiðandans var sú að stöðin mætti ekki umræddum kröfum og óskaði hann eftir því að hafin yrði smíði nýrrar stöðvar.

Áætlanir gera ráð fyrir að sala metangass geti hafist fyrir áramótin en Metanstöðin segir tafirnar þó óþægilegar vegna þess að verktíminn á Íslandi sé erfiður með tilliti til veðurs. - le

# Vildu kaupa opnun Norðurár fyrir SVFR

Stjórn Veiðifélags Norðurár íhugaði að kaupa opnunarhollið af Stangaveiðifélagi Reykjavíkur svo stjórn þess gæti opnað Norðurá þrátt fyrir vanskil við landeigendur. Fyrir óstaðfestan trúnaðarbrest átti að útiloka fulltrúa Lífsvals frá félagsfundi.

**STANGVEIÐI** Veiðifélag Norðurár ræddi að kaupa opnunarhollið í ánni og gefa það stjórn Stangaveiðifélags Reykjavíkur, sem opnað hefur ána síðustu 67 árin en er nú í vanskilum við veiðifélagið.

Stjórn SVFR ætlaði að selja frá sér opnunarhollið í ljósi bágrar fjárhagsstöðu félagsins. Engin viðunandi tilboð bárust að sögn stjórnarinnar, sem opnaði því ána á fyrstu tveimur vöktunum í gær. Næstu dagar ruku hins vegar á 40 þúsund krónur dagurinn þegar þeir voru settir í vefsölu SVFR í gær.



**BIRNA G. KONRÁÐSDÓTTIR**

Þótt ekki hafi náðst áframhaldandi samningar milli Veiðifélags Norðurár og SVFR um leigu árinnar vildi stjórn veiðifélagsins að haldið yrði í þá hefð að stjórnarmenn SVFR opnuðu ána. Birna G. Konráðsdóttir, formaður veiðifélagsins, stakk því upp á félagsfundi um miðjan maí að félagið keypti opnunarhollið af SVFR til að bjóða stjórnarmönnum þess til veiða.

Fram kom það sjónarmið á félagsfundinum að slíkt gæti verið góð auglýsing fyrir Norðurá en einnig að þetta gæti verið niðurlægjandi fyrir SVFR. Einn benti á að útlit væri fyrir að veiðifélagið fengi hvort eð er ekki peninga frá SVFR og gæti því allt eins keypt opnunina. Ekkert varð úr málinu.

Helsta fundarefnið var einmitt uppnámið í útleigu árinnar. Um miðjan maí námu vanskil SVFR við veiðifélagið um 25 milljónum króna. Nefnt var á fundinum að vanefndir SVFR gagnvart veiðifélaginu væru ástæða fyrir því að útleiga árinnar væri ófrágengin.

Sumir fundarmanna lýstu áhyggjum af því að greiðslur sem þeir treystu á myndu ekki skila sér. Tillaga kom um að semja áfram við SVFR en ekki voru greidd atkvæði um hana því meirihlutinn samþykkti að fela Einari Sigfússyni, sem verið hefur með Haffjarðará, að selja leyfi í ána næsta sumar í umboðssölu.

Birna formaður gaf á félagsfundinum yfirlýsingu varðandi neyðarlegt mál sem útspilaði sig eftir næsta fund þar á undan. Kvaðst Birna hafa talið að Þórir Örn Þórisson, fulltrúi Lífsvals ehf., á félagsfundinum hefði lekið upplýsingum þaðan í formann SVFR. Hún hefði því óskað eftir að fulltrúi Lífsvals mætti ekki á næsta fund. Kvaðst Birna hafa haft Þóri fyrir rangri sök og bað hann innilega afsökunar.

gar@frettabladid.is



**VEITT VIÐ NORÐURÁ** Stjórnarmenn í Stangaveiðifélagi Reykjavíkur hófu veiðar í Norðurá í gær en létu sér nægja fyrsta veiðidaginn í stað þess að vera tvo og hálfan dag eins og tíðkast hefur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**25** milljónir króna eru vanskil Stangaveiðifélags Reykjavíkur við Veiðifélag Norðurár.




Hlynur Hallsson myndlistarmaður rakst á listaverk með náttúruspjöllunum:

# Telur náttúruníðing fundinn

**LÖGREGLUMÁL** Hlynur Hallsson, myndlistarmaður á Akureyri, telur sig hafa fundið þann sem framdi náttúruspjöll í Mývatnssveit á dögunum. Það er Akureyri vikublað sem greinir frá þessu.

Hlynur var á sýningarrölti í Berlín þegar hann rakst á listaverk eftir listamann að nafni Julius von Bismarck, en þar komu náttúrufyrirbrigðin við Mývatn við sögu eftir að búið var að mála á þau orð.

Myndir sem Hlynur tók benda til þess að fleiri náttúruspjöll hafi verið framin en greint hefur verið frá. Umhverfisstofnun hefur kallað gjörninginn „náttúruterrorisma“ og stangast hann á við íslensk lög.

Listamaðurinn sem spjótin beinast að er sagður hafa margvísleg tengsl við Ísland og hefur samkvæmt heimildum Akureyrar vikublaðs haldið sýningar hér á landi. Von Bismarck nemur við rýmisstofnun Ólafs Elíassonar í Berlín og kvað heilla aður af Ólafi.

Spjöllin vöktu mikla athygli og umtal þegar greint var frá þeim, en meðal annars var búið var að mála orðin CRATER á Hverfjalli, LAVA við Kálfaströnd og CAVE í Grjótagjá. Lögreglan á Húsavík fer með rannsókn málsins en hefur orðið einskis vísari þar til nú. „Mér finnst ekki ólíklegt að tekin verði skýrsla af Hlyni,“ segir talsmaður lögreglunnar á Húsavík. Hann segir vísbendingar hafa komið um hóp listamanna sem staddur var í Mývatnssveit á þeim tíma sem skemmdarverkin voru unnin, en þær hafi ekki skilað neinu.




**HVERFJALL** Skemmdarverkin vöktu mikla athygli, enda mjög áberandi.

„Með tilkomu nýrra vísbendinga finnst mér líklegt að farið verði í málið af fullum þunga.“ - hva


GARÐA DAGAR
BRJÁLUÐ TILBOÐ!
20% afsláttur Öll garðhúsgögn*
VERÐDÆMI
Garðstóll Evergreen
7.900 kr.
fullt verð 9.990 kr.
Sólboði 699 kr
20% afsláttur Allar sláttuvélar*
VERÐDÆMI
Sláttuvél B&D
29.596 kr.
fullt verð 36.995 kr.
Nellika 299 kr
25% afsláttur Harpa Sjöfn útimálning
VERÐDÆMI
Útitex 10 ltr.
9.746 kr.
fullt verð 12.995 kr.
ÚTITEX
AKRYL
5
20% afsláttur ÖLL viðarvörn*
JOTUN
Treolje
VERÐDÆMI
Jotun Pallaolía 3 ltr.
2.390 kr.
fullt verð 3.290 kr.
20% afsláttur Bugg gasgrill
VERÐDÆMI
BUGG gasgrill með undirvagni
63.990 kr.
fullt verð 79.840 kr.
SÝPRIS 799 kr
Útipottar 30% afsláttur
25% afsláttur Allar hekkklippur*
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
LÆGSTA LÁGA VERÐ
Tilboð gilda ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" eða öðrum tilboðum
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## SVONA ERUM VIÐ



**206.112** **fólksbílar voru á skrá hér á landi í lok árs 2011, sem jafngilti um 0,6 bílum á hvert mannsbarn.**

**Í árslok 2001 voru 159.865 bifreiðar á skrá.** *Heimild: hagstofa.is*

Tíu teymi valin til þátttöku í Startup Reykjavik árið 2013:

# Hanna rennibraut í Kömbunum

**NÝSKÖPUN** Alls sóttu 207 teymi um þátttökurétt í Startup Reykjavík sem haldið verður í annað sinn í sumar. Í fyrra sóttu 179 teymi um.

Það eru Arion banki og Klak-Innovit sem standa að Startup Reykjavik. Hafa aðilarnir valið tíu teymi af þeim sem sóttu um til þátttöku. Mun hvert þessara tíu teyma fá tvær milljónir króna í hlutafé frá Arion banka gegn 6 prósent hlut í viðkomandi félagi. Þá verður þeim útveguð vinnuaðstaða og ráðgjöf frá sérfræðingum.

Meðal félaga sem taka munu þátt eru Þoran Distillery, sem hyggst framleiða fyrsta íslenska viskíið, og Silverberg, sem hannar, þróar og selur mælingarbúnað fyrir líkamsræktarstöðvar og hugbúnað sem gerir notendum kleift að fylgjast með líkamsræktarárangri sínum.

Þá er félagið Zalibuna meðal þátttakenda, sem hefur áhuga á því að hanna og setja upp sleðarennibraut niður Kambana og byggja upp ferðaþjónustu í tengslum við rennibrautina. **- mþl**



**HUGMYND KYNNT** Teymum sem sóttu um þátttöku í Startup Reykjavik fjölgaði um 15,6% milli ára.

Hrein orka skilar árangri:

# Ísland vænlegt fyrir gagnaver

**VINNUMARKAÐUR** Ísland er einkar ákjósanlegur staður fyrir gagnaver samkvæmt nýrri skýrslu sem ráðgjafafyrirtækið BroadGroup vann fyrir Landsvirkjun. Að mati BroadGroup hefur landið samkeppnisforskot á önnur lönd, vegna hreinnar og ódýrrar orku.

Ríkarður Ríkarðsson, forstöðumaður hjá Landsvirkjun, segir vb.is að skýrslan staðfesti að Ísland búi yfir öllum þeim grunnþáttum sem þarf fyrir gagnaversiðnað. **- le**



**UNDIRSKRIFTIR AFHENTAR** Stjórnvöld eru hvött til að nota hluta áfengisgjalds í úrræði fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra tók við undirskriftum:

# 31.000 skrifuðu undir hjá SÁÁ

**SAMFÉLAGSMÁL Gunnar Smári Egilsson, formaður SÁÁ, afhenti Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra í gær undirskriftir vegna átaksins Betra líf. Alls skrifuðu 31.000 undir í átakinu.**

**Markmiðið með söfnuninni er að skora á stjórnvöld að verja tíu prósentum af áfengisgjaldi til að byggja upp úrræði fyrir verst settu áfengis- og vímuefnasjúklingana og að aðstoða fólk eftir meðferð til að komast til virkni í samfélaginu. Þá vill SÁÁ einnig nýta féð til að skapa úrræði fyrir börn sem alast upp við álag vegna mikillar ofneyslu á heimilum.** **- kóp**

# Unglingaball með víni tekjuleið fyrir reiðhöll

Forvarnarhópur segir „flöskuböll“ með sextán ára aldurstakmarki í reiðhöllinni Faxaborg í Borgarnesi ávísun á unglingadrykkju. Forsvarsmaður Faxaborgar segir böllin nauðsynlega fjáröflun. Því séu tilmæli um hækkun aldursmarksins hunsuð.

**FÉLAGSMÁL** „Það er óásættanlegt að börnum sé boðið upp á þær aðstæður að vera með fullorðnum á böllum þar sem má vera með vín á flöskum,“ segir Inga Vildís Bjarnadóttir úr samstarfshópi um forvarnir í Borgarbyggð.

Forvarnarhópurinn gagnrýnir svokölluð „flöskuböll“ í reiðhöllinni í Faxaborg þar sem gestir mega hafa með sér áfengi og þar sem aldurstakmarkið er aðeins sextán ár. Hestamannafélögin Skuggi í Borgarnesi og Faxi í Borgarbyggð reka Faxaborg, sem að stærstum hluta er í eigu sveitarfélagsins.



**FAXABORG** Reksturinn er í járnum og hestamannafélögin skjóta stoðum undir fjárhaginn með balli síðasta vetrardag. MYND/FAXABORG

Eftir ábendingu frá forvarnarhópnum í fyrra setti Borgarbyggð reglur um að börn yngri en átján ára mættu ekki sækja dansleiki í húsnæði sem sveitarfélagið á nema í fylgd með fullorðnum.

Síðasti dansleikurinn í Faxaborg með sextán ára aldurstakmarki var með Páli Óskari á síðasta vetrardag. Forvarnarhópurinn hefur aftur óskað eftir íhlutun sveitarfélagsins.

„Við erum ekki að tala um að það sé hræðilegt að detta í það einu sinni heldur til hvers það leiðir. Og við viljum ekki að sveitarfélagið bjóði upp á þær aðstæður. Ekki er Reykjavíkurborg að halda úti húsnæði þar sem sextán ára krakkar eru velkomnir inn á böll þar sem áfengi flýtur,“ segir Inga Vildís.



**PÁLL ÓSKAR** Skemmti á unglingaballi í Faxaborg þar sem allt ku hafa farið vel fram.

„Þetta eru engin lög og við ákváðum að hunsa þetta,“ segir Kolbeinn Magnússon, formaður stjórnar Seláss, rekstrarfélags Faxaborgar. Alger einhugur hafi verið um málið hjá hestamannafélögunum.

Að sögn Kolbeins er um að ræða tvo dansleiki á ári, svokallaða Sauðamessu Borgnesinga í október og ball sem reiðhöllin heldur sjálf í fjáröflunarskyni á síðasta vetrardag.

„Við verðum að halda okkur á fullu gasi til að missa ekki höllina heldur koma henni á réttan kjöl,“ segir Kolbeinn og undirstrikar að ballið síðasta vetrardag hafi verið auglýst með leyfi sýslumanns.

„Við ákváðum að fara ekki að þessum tilmælum þeirra og vera í staðinn með mjög öflugt eftirlit. Krakkarnir voru til algerrar fyrirmyndar,“ segir Kolbeinn. „Okkur persónulega, mér og mörgum fleiri, finnst þessi forvarnarhópur fari offari. Eru ekki sextán ára krakkar betur komnir undir eftirliti á samkomu en hangandi í sjoppum og húsasundum?“

**gar@frettabladid.is**

> **Okkur persónulega, mér og mörgum fleiri, finnst þessi forvarnarhópur fari offari.**
> *Kolbeinn Magnússon, formaður stjórnar Seláss.*

## NÁTTÚRA

### Miklir vatnavextir

Veðurstofa Íslands hefur varað við hættu á skriðuföllum, krapaflóðum og áframhaldandi vatnavöxtum víða um land á næstunni. Mikil hlýindi hafa verið á Norður- og Austurlandi síðustu daga og flóð hafa komið í ár vegna snjóbráðnunar.

## VIÐSKIPTI

### Kamprad úr stjórn IKEA

Ingvar Kamprad, stofnandi sænsku húsgagnaverslunarinnar IKEA, hefur ákveðið að hætta í stjórn fyrirtækisins. Kamprad, sem er orðinn 87 ára gamall, mun eftirláta yngsta syni sínum, Matthíasi, stjórnarformennskuna. IKEA fagnar 70 ára afmæli á þessu ári.

Ný könnun MMR:

# Flestir treysta Katrínu best

**STJÓRNMÁL** Flestir treysta Katrínu Jakobsdóttur, formanni Vinstri grænna, best allra stjórnmálamanna. Traust til Katrínar er 62,5 prósent en var 44,4 prósent í síðustu mælingu MMR.

48,8 prósent bera traust til forsætisráðherrans Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Ríflega 56 prósent sögðust treysta forsetanum Ólafi Ragnari Grímssyni.

93,4 prósent kjósenda Samfylkingarinnar sögðust treysta Katrínu en aðeins 76,6 prósent formanni flokksins, Árna Páli Árnasyni. **- þeb**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**LJÓMANDI** Hægviðri og hlýtt á A-verðu landinu næstu daga en ákveðnari vindur SV-til fram að helgi. Dálítil væta V-lands og stöku skúr NA-til síðdegis. Hiti 10-18 stig í dag en 8-16 stig á morgun. Lítur út fyrir milt veður um helgina.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 23° | Billund | 21° | Gautaborg | 19° | London | 19° | Orlando | 27° | San Francisco | 18° |
| Basel | 26° | Frankfurt | 23° | Kaupmannahöfn | 19° | Mallorca | 26° | Ósló | 17° | Stokkhólmur | 21° |
| Berlín | 23° | Friedrichshafen | 24° | Las Palmas | 22° | New York | 21° | París | 26° | | |




**Á morgun**
5-13 m/s SV-til, víða hægviðri A-til.




**Laugardagur**
Víða hægviðri.

**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


Miðnætur-
opnun
6. júní
Valdimar Guðmundsson
Kiriyama Family
Hoola Hop
Krapís-námskeið
Allar búðir opnar til
kl. 24
Frábær tilboð
Bollywood danssýning
kl. 17-19 Krapís-námskeið með Ebbu Guðnýju
kl. 18-20.30 Dj Yamaho
kl. 18-21 Blöðrulistamenn
kl. 20 Töframaðurinn Einar Mikael
kl. 20-22 Skopmyndateiknari
kl. 20.30 Þórunn, Guðrún og Bjartmar úr Le Sing
kl. 21 Kiriyama Family
kl. 21.30 Hoola Hop
kl. 21.30 Breakdans
kl. 22 Valdimar Guðmundsson
kl. 22.30 Bollywood danssýning
Smáralind
smaralind.is Opið: Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18 Finndu okkur á facebook

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Sjónvarpsviðtal við hvaða alþingismann vakti áhuga Kanadamannsins Roy Albrects á Íslandi?
**2.** Hversu margir eru nú búnir að sækja Fréttablaðsapppið?
**3.** Hvað heitir Monthy Python-söngleikurinn sem setja á upp í Þjóðleikhúsinu?

**SVÖR:**
**1.** Birgitta Jónsdóttir úr Pírötum. **2.** Tíu þúsund. **3.** Spamalot.

Annþór Kristján Karlsson og Börkur Birgisson hafa verið ákærðir fyrir alvarlegt ofbeldisbrot:

# Ákærðir fyrir að valda rofi á milta og blæð

**DÓMSMÁL** Ákæra hefur verið gefin út á hendur Annþóri Kristjáni Karlssyni og Berki Birgissyni, föngum á Litla-Hrauni. Þeim er gefið að sök að hafa þann 17. maí í fyrra veist að samfanga sínum og beitt hann hrottafengnu ofbeldi sem síðan leiddi hann til dauða. Þeir neita staðfastlega sök.

Árásin átti sér stað innan veggja Litla-Hrauns þar sem Annþór og Börkur afplána báðir eftirstöðvar fyrri dóma, meðal annars fyrir hættulegar líkamsárásir. Í ákæru kemur fram að árásin hafi átt sér stað í fangaklefa númer 42 í húsi númer þrjú. Nákvæm eftirlíking af klefanum þar sem árásin átti sér stað var smíðuð og notuð af lögreglu við úrlausn vafaatriða við rannsóknina, sem var afar umfangsmikil.

Hinn látni hét Sigurður Hólm Sigurðsson og í ákæru kemur fram að banamein hans hafi verið þungt högg í kvið. Höggið varð til þess að rof kom á milta hans og bláæðina út frá því. Sigurður lést skömmu síðar vegna mikilla innvortis blæðinga.

Fjöldi sérfræðinga, bæði innlendra og erlendra, var kallaður til við rannsóknina sem og fjöldi vitna, sem nutu öll nafnleyndar. Einnig voru tveir prófessorar í sálfræði kvaddir til svo greina mætti atferli fanganna á upptökum öryggismyndavéla. Jafnframt var prófessor í verkfræði við Háskóla Íslands fenginn til að rannsaka nánar það afl sem þurfti til að valda áverkunum á hinum látna. Þingfesting málsins fer fram í Héraðsdómi Suðurlands þann 11. júní næstkomandi. **- mlþ**



**LITLA-HRAUN** Sakborningarnir neita báðir sök í málinu.

**Frá Ólafi F. Magnússyni, sérfræðingi í heimilislækningum, Heimilislæknastöðinni Kringlunni 4-12, sími 5687770.**

Hér með tilkynnist skjólstæðingum mínum, allt frá því að ég hóf störf sem sjálfstætt starfandi heimilislæknir í Reykjavík, árið 1986, að ég hef nú lagt niður stofurekstur minn í Kringlunni. Við rekstri mínum hefur nú tekið Ragnar Victor Gunnarsson, sérfræðingur í heimilislækningum. Ég vænti þess að skjólstæðingar mínir leiti til hans í framtíðinni.

Með vinsemd og virðingu, Ólafur Friðrik Magnússon, læknir.

Sumartilboð á sólgleraugum
Sólgler með styrkleika fylgja kaupum á gleraugum
Tilboðið gildir til 31. júlí 2013



augastaður
Gleraugnaverslunin þín
MJÓDDIN Álfabakka 14 Sími 587 2123
FJÖRÐUR Fjarðargötu 13-15 Sími 555 4789
SELFOSS Austurvegi 4 Sími 482 3949

# Unglingsstúlkur eru fórnarlömb spjallsíðu

Tugir ábendinga hafa borist til kynferðisbrotadeildar lögreglu vegna netsíðunnar pinkchan.org. Síðan hefur að geyma nektarmyndir af mjög ungum stúlkum allt niður í 13 ára. Síðunni hefur einu sinni verið lokað áður en var opnuð nýverið aftur.

**LÖGREGLUMÁL** Talsvert magn nektarmynda af ungum íslenskum stúlkum er nú í umferð á vefsíðunni pinkchan.org, að þeim forspurðum. Yngstu stúlkurnar á myndunum eru 13 ára. Sömu netsíðu var lokað af lögreglu fyrir um ári.



**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**



**BJÖRGVIN BJÖRGVINSSON**

Á vefsíðunni dreifa notendur á milli sín nektarmyndum sem þeim hafa áskotnast af stúlkunum.

„Í sumum tilfellum gefa stúlkurnar einhverjum sem þær treysta, kærasta eða bólfélaga, leyfi fyrir myndunum. Ef flosnar upp úr samskiptunum getur þetta orðið að hárbeittu vopni og myndirnar notaðar gegn þeim," segir Guðrún Jónsdóttir, framkvæmdastýra Stígamóta.

Kynferðisbrotadeild lögreglunnar hefur fengið tugi ábendinga frá áhyggjufullum stúlkum og forráðamönnum þeirra.

„Síðan hefur verið í rannsókn og við erum að vinna í því að fá henni lokað," segir Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglu.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er vefsíðan vistuð í Bandaríkjunum sem gerir lögreglu erfiðara um vik.

„Við höfum sent beiðni til yfirvalda vestra og bíðum svara um hvort hægt sé að loka sérstaklega fyrir aðgang íslenskra IP-talna á síðuna," segir Björgvin.

Myndirnar sem um ræðir eru flestar af stúlkum á aldrinum 15 til 18 ára. Þó eru þar einnig myndir af yngri stúlkum.

„Við þekkjum dæmi um að kynferðislegt myndefni af konum hafi verið misnotað herfilega með þessum hætti. Manni finnst dapurlegt og alls ekki viðunandi ef stjórnvöld eru hálfbjargarlaus gagnvart þessu. Við getum ekki sæst á að netið sé óhöndlanlegt," segir Guðrún.

Hún segir jafnframt að slíkar myndbirtingar geti haft mikil áhrif á sálarlíf kvennanna. „Konurnar geta fundið fyrir mikilli vanmáttarkennd þar sem þær geta aldrei verið vissar um að myndirnar dúkki ekki einhvers staðar upp aftur. Við styðjum konur í að vinna úr þessu en það getur verið misjafnt hvernig konur takast á við þetta," segir Guðrún.

Stúlkurnar sem Fréttablaðið ræddi við var öllum mjög brugðið. Ein þeirra hafði ekki vitneskju um veru sína þar. „Þetta er bara hræðilegt. Ég veit ekki hvernig er hægt að gera svona lagað. Þetta er sjúkt," sagði stúlkan. Hún sagðist jafnframt myndu leita réttar síns.

„Ég held að besta forvörnin sé að fara gætilega og setja ekki nektarmyndir af sér á netið. Þær geta lent í höndunum á hverjum sem er," segir Björgvin.

**maria@frettabladid.is**



**VEFSÍÐAN** Notendur senda inn mynd af stúlkum með fyrirspurnum um hvort einhver eigi í fórum sínum nektarmyndir af viðkomandi. Oft fá þeir svo svör með kynferðislegu myndefni frá öðrum notendum.

## Krossgáta í helgarblaðinu



Ekki missa af krossgátunum sem birtast vikulega í helgarblaðinu. Þær eru efnismiklar, fjölbreyttar og skemmtilegar áskoranir fyrir unnendur góðra orðaþrauta.

Í verðlaun verður vegleg gjafakarfa að verðmæti 5.000 kr. frá Te og Kaffi.



Allt sem þú þarft

Öfgahópar súnnía grunaðir um morð á fimmtán manns í Írak:

# Gæti stefnt í allsherjar trúarátök

**ÍRAK, AP** Byssumenn í Írak drápu fimmtán manns hið minnsta í fyrirsátri á rútu í Anbar-héraði í gær.

Tíu hinna myrtu voru lögreglumenn, en fimm voru almennir borgarar úr Karbala-héraði þar sem sjíar eru í meirihluta. Í Anbar er hins vegar meirihluti íbúa súnníar og eru al-Kaída og fleiri öfgahópar súnnía grunaðir um að standa á bak við verknaðinn. Meirihluti Íraka er sjíar en súnníar réðu ríkjum á valdatíma Saddams Hussein.

Að sögn heimildarmanna AP úr íraska stjórnkerfinu var rúta sem fólkið var í stöðvuð við falska eftirlitsstöð í nágrenni við bæinn Núkaíb. Þar var það síðan tekið af lífi.

Ódæði þetta var framið á svipuðum slóðum og 22 sjítar voru myrtir árið 2011.

Ofbeldi hefur aukist mikið í Írak síðustu vikur, þar sem nær 2.000 manns hafa látist í sprengjuárásum síðan í apríl og óttast margir að átök milli trúarhópa muni brjótast út á ný í landinu. **- þj**



**LÖGREGLAN Á VERÐI** Óttast er að ofbeldisaldan sem tröllriðið hefur Írak að undanförnu marki upphaf að átökum milli trúarhópa í landinu. NORDICPHOTOS/AFP

# MIÐNÆTUROPNUN
## Í SMÁRALIND Í DAG

OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS Í SMÁRALIND Í KVÖLD




*Jafngildir 20,32% verðlækkun.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

## EINGÖNGU Í Smáralind

Gildir í Smáralind aðeins þennan eina dag 6. júní 2013.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**SKYR** Forstjóri Mjólkursamsölunnar segir skyrið falla vel í kramið meðal Norðurlandabúa.

Mjólkursamsalan í útrás:

## Selja milljónir skyrdósa út

**VIÐSKIPTI** Áætlað er að 24 milljónir skyrdósa seljist á Norðurlöndunum á þessu ári. Ísland er þá ekki með talið.

Einar Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölunnar, segir skyrið falla mjög vel í kramið hjá Norðurlandaþjóðunum. Ekki séu nema fjögur ár síðan sala á skyri þar nam tæpu hálfu tonni en stefnir nú í fimm tonn.

Í Danmörku og Noregi er skyr framleitt samkvæmt leyfi frá MS. Frá Danmörku er skyr selt til Svíþjóðar. Finnar fá svo skyr frá Íslandi en tollheimild Evrópusambandsins heimilar aðeins útflutning á 390 tonnum en áætlanir gera ráð fyrir 650 tonna sölu í Finnlandi á þessu ári. Til að anna eftirspurn verður skyr fyrir Finnlandsmarkað framleitt að hluta til í Danmörku. - ig

# Áfangasigur fyrir Assad

Stjórnarherinn í Sýrlandi náði undir sig afar mikilvægri borg í fyrri nótt þegar Qusair féll í hendur hans eftir þriggja vikna umsátur. Hezbollah-samtökin í Líbanon eru formlega orðin aðili að borgarastyrjöldinni.

**SÝRLAND** Vatnaskil urðu í borgarastyrjöldinni í Sýrlandi í fyrrinótt þegar hersveitir Bashars al-Assad lögðu undir sig borgina Qusair, sem er steinsnar frá landamærunum við Líbanon.

Bæði tryggir þetta aðgang að Líbanon og samgöngur milli höfuðborgarinnar Damaskus og Miðjarðarhafsstrandarinnar þar sem höfuðvígi alavíta, ættbálks Assads sjálfs, er að finna.

Sigur stjórnarhersins í Qusair gæti eflt framsókn hans víðar í landinu, meðal annars í miðhluta Sýrlands þar sem uppreisnarhópar hafa náð fótfestu á síðustu mánuðum. Stríðið hefur geisað í rúm tvö ár og talið er að um 70.000 manns hafi látið lífið og milljónir hafi hrakist brott af heimilum sínum.

Átökin staðfesta einnig að Hezbollah-samtökin í Líbanon hafa hafið virka þátttöku í stríðinu við hlið Assads.

Sú staðreynd hefur vakið áhyggjur manna af því að átökin kunni að berast yfir landamærin til Líbanons.

Bassam Al-Dada, talsmaður Frelsishers Sýrlands, lét hafa eftir sér að hefndaraðgerðir væru í vændum gegn Hezbollah.

„Afleiðinganna mun verða vart innan landamæra Líbanons. Þetta er upphafið að endalokunum fyrir samtökin."

Hundruð særðra borgara voru innlyksa í borginni á meðan á umsátrinu stóð en þó tókst læknum að flytja um 300 manns til aðhlynningar í nærliggjandi bæjum.

Talskona Rauða krossins sagði að samtökin hefðu fengið vilyrði frá stjórnvöldum í Damaskus fyrir því að komast inn í Qusair þegar aðgerðum þar lýkur að fullu.

thorgils@frettabladid.is




### Staðan í Sýrlandi

295.000 hermenn. Þar af 220.000 í landher. Um 50.000 í sérsveitum og Lýðveldisverðinum sem eru hollir Assad forseta.

| | |
|---|---|
| Varalið | 314.000 |
| Skriðdrekar | 4.950 |
| Árásarþyrlur ‡ | 70 |
| Orrustuþotur og flugvélar ‡ | 300-450 |
| Loftvarnarflaugar | 8.000 |

Þjóðvarðliðið: Nýmyndaðar sveitir 10.000 hermanna sem eru hollir Assad.




Heimild: Alþjóðamálastofnun Svíþjóðar, Center for American Progress © GRAPHIC NEWS

SUMARTILBOÐ
Allt að 40% afsláttur !
Sturtuhorn m/botni Verð frá kr.21.900
Sturtuhurðar Verð frá kr.16.900
Sturtuveggir 6mm Verð frá kr.27.900
Baðkarshlífar Verð frá kr.14.900
Sturtustangasett Verð frá kr.1.900
Baðinnréttingar
Allt að 60% afsláttur
Yfir 40 mismunandi innréttingar í sýningarsal
Verð frá kr. 12.900.-
Speglar með ljósum
allt að 50% afsláttur
www.i-t.is
* Ármúli 31 * 108 Reykjavík * Sími: 588-7332 *
* Opið virka daga frá kl. 9-18 * laugardaga kl. 11 - 15 *
INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili



**HVALSKURÐUR** Formaður Samtaka ferðaþjónustunnar telur hvalveiðar tímaskekkju og áhyggjuefni er varðar ímynd landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ríflega milljón mótmæla hvalveiðum hér á landi:

## Hvalveiðarnar vekja viðbrögð á vefsíðu

**MÓTMÆLI** Rúmlega milljón undirskriftir höfðu safnast á vef Aavaz-samtakanna í gær til að mótmæla hvalveiðum Íslendinga. Vefsíða Aavaz er vefur aðgerðarsinna sem eru umhverfismál sérstaklega hugleikin. Þannig er því lýst á vefsíðunni að aðeins ein leið sé til að bregðast við hvaldrápi á Íslandi og hún feli í sér að þrýsta á hollensk yfirvöld að neita að taka við hvalakjöti frá Íslandi sem sé svo sent áfram til Japans og notað í hundafóður.

Vefurinn er ekki sá fyrsti til að bregðast við fregnum af frekari hvalveiðum á Íslandi en hið vinstrisinnaða breska dagblað Morning Star lýsti forstjóra Hvals hf., Kristjáni Loftssyni, sem milljónamæringi og blóðugum slátrara í grein sem blaðið birti í vikunni. Ljóst er að ekki eru allir á eitt sáttir í þessum efnum.

Árni Gunnarsson, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, segir þetta vera áhyggjuefni og hafa talsverð áhrif á ímynd landsins. „Við teljum það vera tímaskekkju og koma illa við þann árangur sem við höfum verið að ná í að efla hvalaskoðun. Við erum að fórna meiri hagsmunum fyrir minni," sagði Árni. - ósk

# DEBENHAMS

# MIÐNÆTUR opnun

**20% AFSL.**

AF ÖLLUM VÖRUM
OG SNYRTIVÖRUM

OPIÐ Í DAG FRÁ 11.00 - 24.00

**OFURTILBOÐ***
AÐEINS Í DAG!



Úrval af dömu undirfötum á
**40% AFSLÆTTI**




**40% AFSLÁTTUR**
af öllum íþróttafötum frá
Pineapple

**ME TOO**

**40% AFSLÁTTUR**
af öllum barnavörum
frá Me Too



**40% AFSLÁTTUR**
af öllum töskum



**40% AFSLÁTTUR**
af öllum herra undirfötum frá
Thomas Nash og Red Herring




**40% AFSLÁTTUR**
af öllum leikföngum

*Meðan birgðir endast

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Ný rannsókn á fornleifum:

# Aldrei fundist eldri prímati

**VÍSINDI** Steingerð beinagrind af agnarsmáum apa, sem gæti rúmast í lófa manns, hefur breytt viðmiðum fornleifafræðinga um uppruna prímata.

Í nýrri rannsókn sem segir frá í NY Times, kemur fram að þessi áður óþekkta tegund er um 55 milljóna ára gömul, og því átta milljónum ára eldri en áður þekktar leifar prímata. Um leið þykir hún varpa betra ljósi en áður á það hvernig og hvenær greindi á milli mannapa og annarra ættkvísla. **- þj**

Nýr forsætisráðherra vill sjá breytingar í baráttunni við vígamenn í landinu:

# Vill að notkun ómannaðra fara verði hætt

**PAKISTAN, AP** Eitt fyrsta stefnumálið sem Nawaz Sharif, nýkjörinn forsætisráðherra Pakistans, kynnti í setningarræðu sinni á þingi í gær var að Bandaríkjamenn létu af notkun fjarstýrðra sprengjuflugvéla í landinu.

Frá árinu 2004 hafa bandarísk yfirvöld beitt sprengjum sem varpað er úr slíkum flugvélum gegn vígamönnum, þar á meðal talibönum og al-Kaída, í fjallahéruðum Pakistans við landamæri Afganistans.

Engar opinberar tölur eru til um mannfall vegna þessara árása en samkvæmt mati félagasamtaka og fræðimanna sem hafa kynnt sér málið út frá fréttaflutningi hafa á milli 2.500 og 3.500 manns fallið í Pakistan í slíkum aðgerðum. Meðal hinna látnu eru 400 til 900 almennir borgarar, þar af eru allt að 200 börn.

Af þeim sökum eru aðgerðirnar afar umdeildar og hafa vakið mikla reiði meðal pakistönsku þjóðarinnar, sem lítur á árásirnar sem aðför að fullveldi landsins.

Eitt af stefnumálum Sharifs, sem hefur í tvígang áður gegnt embætti forsætisráðherra, fyrir nýafstaðnar kosningar var að binda enda á aðgerðir ómannaðra árásarflugvéla. Hann gaf þó ekkert upp um hvernig hann hygðist binda enda á aðgerðirnar, en Bandaríkin álíta þær mikilvægan þátt í baráttunni gegn vígamönnum. Þeim hefur einnig verið beitt gegn vígamönnum í Jemen, Sómalíu og Afganistan. **- þj**



**DRÓNAR** Ómannaðar flaugar Bandaríkjahers hafa reynst árangursríkar í baráttunni gegn talibönum.









**LANDHNIGNUN** Búfjárbeit á lítt grónu landi veldur miklu álagi. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Erum rík af illa förnu landi

Landgræðslustjóri ríkisins segir landkosti í hrópandi ósamræmi við raunveruleg gróðurskilyrði í landinu. Brýnt að auka rannsóknir sem skýri tengsl landheilsu og landnýtingar.

**NÁTTÚRUVERND** „Íslenska þjóðin er afskaplega rík af illa förnu landi. Ástand lands er víða afar slæmt og stór hluti þurrlendisvistkerfa er alvarlega raskaður,“ sagði Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri í samtali við fréttastofu 365.

Nýlega kom út ársskýrsla Landgræðslu ríkisins fyrir síðasta ár og ritar Sveinn þar formála þar sem hann segir meðal annars að landkostir séu víða í hróplegu ósamræmi við raunveruleg gróðurskilyrði í landinu. Honum þykir einnig brýnt að auka rannsóknir sem skýri betur tengsl landheilsu og landnýtingar.

Sveinn segir mikilvægt markmið landgræðslu að vinna að því að sumarbeit á afréttum landsins og öðrum sameiginlegum sumarbeitilöndum verði sjálfbær og stofnunin útfæri skilvirk stjórntæki til að vinna að því. Ljóst sé að búfjárbeit á lítt grónu landi valdi miklu beitarálagi. „Beitin fjarlægir nýgræðinginn á stóru svæði, en samt deila sumir landnotendur við vísindafólk um hvort þetta sé skaðlegt landinu og geti talist sjálfbær landnýting.“

Sveinn segir ástæður þessarar landhnignunar margar. „Fyrst og fremst stafar þetta af samspili ofnýtingar lands við áhrif óblíðra veðurafla og tíðra eldgosa,“ bætti Sveinn við. Hann segir sérkennilega stöðu ríkja á Íslandi. „Þegar tekist er á um auðlindir hafsins getur ein stofnun fyrirvaralaust lokað svæðum þar sem ástand fiskistofnanna liggur fyrir í rannsóknum. En þar sem rústuð vistkerfi blasa við mönnum á sumum afréttum geta þeir endalaust deilt um hvort ástandið sé gott eða slæmt og gróðurverndarstofnanir hafa nánast engin þvingunarákvæði til að tryggja sjálfbæra nýtingu,“ sagði Sveinn enn fremur.



> **Beitin fjarlægir nýgræðinginn á stóru svæði, en samt deila sumir landnotendur við vísindafólk um hvort þetta sé skaðlegt landinu og geti talist sjálfbær landnýting.**
>
> *Sveinn Runólfsson landgræðslusjóri.*

Í lögum um landgræðslu og lögum um fjallskil og afréttarmál eru heimildarákvæði um gerð ítölu, þ.e. um ákvörðun leyfilegs fjölda búfjár á viðkomandi afrétt. Sveinn segir núverandi ákvæði um ítölu ekki hafa reynst skilvirk til að tryggja sjálfbæra nýtingu.

Árið 1997 lauk heildarúttekt á jarðvegsrofi á Íslandi, sem unnin var af Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins. Niðurstöður hennar sýndu umtalsvert eða alvarlegt jarðvegsrof á 40 prósent landsins, eða 52 prósentum þegar hæstu fjöll, jöklar, ár og vötn eru undanskilin.

olof@frettabladid.is

# Nýttu sumarið vel

**Sumarið er góður tími til að leggja fyrir** og auðvelda sér framtíðina. Náman léttir námsmönnum lífið með hagstæðum kjörum, fjölbreyttum sparnaðarleiðum, ýmsum fríðindum og sveigjanlegri þjónustu.

- L.is og snjallgreiðslur
- Enginn auðkennislykill
- 2 fyrir 1 í bíó
- Aukakrónur



Greiningadeild Íslandbanka gerir ráð fyrir að hagvöxtur hér á landi verði 1,2 prósent á þessu ári:

# Ný þjóðhagsspá Greiningar lægri en fyrri spár

**EFNAHAGSMÁL** Ný þjóðhagsspá greiningardeildar Íslandsbanka, Greiningar, kom út í gær og spáir hún töluvert minni hagvexti í ár en undanfarnar spár annarra aðila. Greining gerir ráð fyrir því að hagvöxtur hér á landi verði 1,2 prósent á þessu ári en Seðlabanki Íslands (SBÍ) spáði 1,8 prósenta hagvexti nú í maí.



INGÓLFUR BENDER

Ingólfur Bender, yfirmaður Greiningar, segir að þó spáin sé töluvert svartsýnni en aðrar nýlegar spár spái flestir greiningaraðilar mun minni hagvexti í ár en áður. Hann bendir á að nýleg hagvaxtarspá SBÍ sem kom út í maí sé talsvert lægri en spá þeirra í febrúar og fari úr 2,1 prósenti niður í 1,8 prósent.

Ingólfur segir hægari vöxt vera í takt við hægan vöxt í einkaneyslu og samdrætti í fjárfestingu, en bankinn spáir átta prósenta samdrætti í fjárfestingu á þessu ári og 1,8 prósenta vexti í einkaneyslu, sem er talsvert lægra en áður var spáð.

Ingólfur leggur áherslu á að þótt hratt hægist á hagvexti í ár sé útlit til langs tíma mun betra og að reiknað sé með því að fjárfesting í orkufrekum iðnaði fari á fullt skrið að nýju eftir nokkurt hlé, sem muni skipta sköpum fyrir hagvöxt í landinu. Einnig bendir Ingólfur á að möguleg skuldaleiðrétting heimilanna gæti stuðlað að enn frekari vexti í einkaneyslu en spáð er nú þegar sem skili sér í auknum hagvexti til lengri tíma. - le

**NÝLEGAR HAGVAXTARSPÁR FYRIR ÍSLAND** (%)









**FIT HOSTEL** Þeir sem bíða hælis hér á landi eru vistaðir á Fit-hostel í Reykjanesbæ. Þeir fá 7.500 krónur vikulega til framfærslu.

# Flóttamenn rukkaðir um málskostnað

Flóttamönnum sem kærðir eru fyrir að koma til Íslands á fölskuðum skilríkjum er skipaður verjandi vegna þess brots. Þurfa að greiða 125 þúsund krónur í málskostnað. Dæmi um að það hafi staðið í vegi fyrir dvalarleyfisumsókn, segir lögmaður.

**STJÓRNSÝSLA** Flóttamenn sem reyna að komast inn í landið á fölsuðum skilríkjum eru kærðir fyrir það brot. Þeim er skipaður verjandi þar sem fæstir þeirra tala íslensku, og þurfa að greiða þann kostnað sjálfir, 125 þúsund krónur, verði þeir sakfelldir. Hælisleitendur sem dvelja á gistiheimilinu Fit fá 7.500 krónur á viku til framfærslu.

Helga Vala Helgadóttir lögmaður gagnrýnir þetta mjög. Hún segir fæsta hafa val um annað en að koma hingað til lands á fölsuðum skilríkjum. Flóttamennirnir séu oftar en ekki að flýja stjórnvöld í heimalandi sínu og eigi því erfitt um vik að fá rétt skilríki frá stjórnvöldum.



> **Það eru ofboðslega fáir hælisleitendur sem koma hingað á eigin skilríkjum. Þeir eiga þau bara ekki, þeir eru flóttamenn.**
>
> *Helga Vala Helgadóttir lögmaður*

„Það eru ofboðslega fáir hælisleitendur sem koma hingað á eigin skilríkjum. Þeir eiga þau bara ekki, þeir eru flóttamenn.“

Við komuna hingað taki við mikill hamagangur og málum ljúki svo hratt að ekki sé hægt að sækja um gjafsókn, því búið sé að flytja málið áður en gjafsóknarnefnd fær beiðnina í hendurnar.

„Viðkomandi er tekinn í Leifsstöð og daginn eftir ertu mætt niður í héraðsdóm með hann og ef hann ætlar einhvern veginn að reyna að slást á flóttamannasamningnum þá færðu einn dag til að verjast gæsluvarðhaldi og kæra það, undirbúa aðalmeðferð og flytja ræðuna. Allt gerist þetta á svona fjórum dögum og viðkomandi er dæmdur á staðnum.“

Helga Vala segir kostnaðinn mikinn fyrir hælisleitendur og þeir hafi engin ráð til að greiða hann. „Er þá málið að þeir eigi að hafna því að fá lögmenn? Að fá verjendur? Það hlýtur eiginlega að vera.“

## Stóð í vegi fyrir dvalarleyfi

Helga Vala nefnir dæmi um hælisleitanda sem dæmdur var fyrir að framvísa fölsuðum skilríkjum við komuna hingað til lands. Hann hafi síðan eignast fjölskyldu, íslenska konu og barn, en skuldin vegna málskostnaðarins hafi sett strik í reikninginn.

„Hann ætlaði að hætta í því ferli að vera hælisleitandi til að vera ekki hér á kostnað ríkisins. Þá þarf hann að byrja á því að borga niður reikninginn í héraði og Hæstarétti áður en hann getur sótt um dvalarleyfi á grundvelli fjölskylduaðstæðna.“




**CHANEL DAGAR Í HAGKAUP**

SMÁRALIND, SKEIFUNNI, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM OG GARÐABÆ

**20% AFSLÁTTUR** DAGANA 6. - 12. JÚNÍ

HAGKAUP

*Ein ferð betra verð*

# Miðnætur-opnun í kvöld

Ávallt næg bílastæði

Frábær skemmtun í allt kvöld

**20% afsláttur**
af öllum vörum
SIX

**20% afsláttur**
af El Injerto kaffi frá Gvatemala
Kaffitár

**1.000 kr.**
12" bátur og gos úr vél
SUBWAY
Gildir bara í Smáralind ekki með öðrum tilboðum.

**20% afsláttur**
af öllum vörum
Leonard

**40% afsláttur**
af margskiptum sjónglerjum
PLUSMINUS OPTIC

**20% afsláttur**
af Ray Ban
Optical Studio

**20% afsláttur**
af öllum vörum
oasis

**10% afsláttur**
af öllum vörum
JACK & JONES

**15% afsláttur**
af öllum vörum
VERO MODA

**15% afsláttur**
af öllum vörum
name it



Opið til kl. 24

**20% afsláttur**
af öllum dömuvörum
SELECTED FEMME

**10% afsláttur**
af öllum herravörum
SELECTED HOMME

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
Gildir ekki af Basic línunni.
POLARN O. PYRET

**20% afsláttur**
af öllum nýjum vörum
**40% afsláttur**
af vörum á slá
ZO•ON ICELAND

# TILBOÐ

**25% afsláttur**
af öllum
Cintamani vörum
CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

**15% afsláttur**
af öllum vörum
VILA CLOTHES

**25% afsláttur**
af öllum vörum
Levi's

**Fjöldinn allur af frábærum tilboðum fyrir sumarið**
LYFJA - Lífið heil

**25% afsláttur**
af öllum vörum
UNITED COLORS OF BENETTON.

**20% afsláttur**
af garðálfum, lugtum,
blómapottum
og postulíni
BJARKARBLÓM

**20% afsláttur**
af öllum vörum
HYGEA snyrtivöruverslun

**20% afsláttur**
af öllum vörum
**30% afsláttur**
af völdum vörum
MAKE UP STORE

Humarveisla
á Cafe Adesso
**aðeins 1.990 kr.**
Bernaisehamborgari
með öllu **1.500 kr.**
CAFÉ ADESSO

8 blandaðir bitar
ásamt hvítvínsglasi á
**1.990 kr.**
SUSHIGRYFJAN

**15% afsláttur**
af öllum skóm
BOSSANOVA

**20% afsláttur**
af öllum vörum
TOPSHOP

**20% afsláttur**
af öllum vörum
DOROTHY PERKINS

**20% afsláttur**
af öllum vörum
evans.

**20% afsláttur**
af öllum vörum
KAREN MILLEN

**20% afsláttur**
af öllum skóm
gs skór

**20% afsláttur**
af öllum skóm
focus

Smooth-Ís aðeins
**500 kr.**
ÍSBÚÐIN SMÁRALIND

**20% afsláttur**
af öllum aukahlutum
TAL

**2 fyrir 1**
á allar sýningar í dag
SMÁRABÍÓ

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
Gildir ekki af Iittala.
DÚKA

**20% afsláttur**
af öllum vörum
Bata
Skóverslun Smáralind

**Toppur** fylgir
öllum salötum.
Stór sumaröl frá Víking
á **500 kr.**
energia RESTAURANT - KAFFI - BAR

**20% afsláttur**
af öllum vörum
JÚNÍK

**20-40% afsláttur**
af völdum vörum
epli.is

Smáralind

smaralind.is Opnunartímar: Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18 Finndu okkur á facebook

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur

# TILBOÐ

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Tax free** af öllum snyrtivörum, fatnaði og skóm. — HAGKAUP *Ein ferð betra verð* | **20% af öllum vörum** nema hörðum ferðatöskum — Drangey | **Tilboð** á iPhone fylgihlutum — vodafone | **20% af öllu** og fleiri tilboð — Ice in a bucket | **20% af öllu** og fleiri tilboð — smárar |
| **30% afsláttur** af öllum vörum — ORGINAL | **20-50% afsláttur** — BOYS | **20% afsláttur** af öllum vörum — Kitchen Library | Leikföng og gæludýravörur á **199 kr.** — MegaStore | **20% afsláttur** af öllum kjólum — E-LABEL |
| **15% afsláttur** af sumardrykkjum — Te & Kaffi | **20% afsláttur** af öllum fatnaði — DOGMA | **20% afsláttur** af öllum vörum, líka snyrtivörum. — DEBENHAMS SMÁRALIND | **20% afsláttur** af öllum vörum — herra GARÐURINN | **25% afsláttur** af öllum glösum — Líf&List SMÁRALIND |
| **15% afsláttur** af öllum vörum — HOLLAND & BARRETT *we're good for you* | **30% afsláttur** af öllum silfurskart-gripum — CARAT Haukur gullsmiður | **20% afsláttur** af öllum vörum — JOE BOXER | **20% afsláttur** af flestum vörum — DÝRABÆR | BBQ Burrito og Egils Kristall **1.099 kr.** — serrano FRESH ★ HAPPY ★ MEX |
| **20-30% afsláttur** af öllum vörum — snúðar & snældur | **30%** af Oxidised silfurarmböndum. Valdar vörur á **50% afslætti.** — PANDORA ÓGLEYMANLEG AUGNABLIK | **15% afsláttur** af öllum fatnaði — Móðir Kona Meyja | **20% afsláttur** af öllum vörum — ÚTILÍF | **20% afsláttur** af öllum vörum — KARAKTER KONUR |

# TILBOÐ

**20% afsláttur**
af öllum vörum
CORNER

**20% afsláttur**
af verði allra vörutegunda
THE BODY SHOP

**15% afsláttur**
af öllum vörum
Eymundsson

**20% afsláttur**
af öllum 66° Norður vörum
66° NORÐUR

Allar sumarvörur.
**Taktu 3 borgaðu 2.**
Við gefum ódýrustu vöruna frítt með.
Dressmann

**20% afsláttur**
af öllum skóm
skór.is

**20% afsláttur**
af öllum skóm
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN

**20% afsláttur**
af öllum skóm
ecco

**20% afsláttur**
af öllum skóm
Kaupfélagið

**20% afsláttur**
af öllum vörum
SMASH

**20% afsláttur**
af öllum vörum
galleri sautján

**20% afsláttur**
af öllum vörum
meba | rhodium

**20% afsláttur**
af öllum Bed Head hárvörum
MODUS Hárstofa SMÁRALIND

**20% afsláttur**
af öllum úrum
JÓN & ÓSKAR



**Valdimar Guðmundsson**

**Opið til kl. 24**

**Bollywood danssýning**

Smáralind

smaralind.is Opnunartímar: Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18 Finndu okkur á facebook

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur

## GLÆPUM FÆKKAR ÁR FRÁ ÁRI

Afbrotum í Breiðholti hefur fækkað á hverju ári frá 2007, samkvæmt niðurstöðum könnunar lögreglunnar sem birt var í fyrra. Þar kom einnig fram að hlutfall íbúa Breiðholts sem telja sig örugga einir á gangi þegar myrkur er skollið á hækkar og var það hátt fyrir.

**38%** Innbrotum fækkaði um 38%

**33%** Ofbeldisbrotum hefur fækkað um 33%

**28%** Eignaspjöllum fækkaði um 28%

**63%** Slysum á vegfarendum fækkaði um 63%.

*Úr afbrotatíðindum lögreglunnar 2012*

# Gengjastríðunum í Breiðholti er lokið

Gengjamyndun í Breiðholti heyrir sögunni til og hefur lögreglan ekki haft afskipti af slíku síðan árið 2005. Afbrotatíðni í þessu næstfjölmennasta hverfi Reykjavíkurborgar heldur áfram að lækka á milli ára. Lögreglan hefur unnið hörðum höndum við að útrýma hópamyndun.



Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is

Afbrotum í Breiðholti hefur fækkað um fjörutíu prósent á síðustu árum. Afbrotatíðni í hverfinu er orðin sambærileg við önnur hverfi höfuðborgarsvæðisins en Heimir Ríkharðsson og Jóhann Davíðsson, sem starfa báðir í rannsóknardeild lögreglunnar í Breiðholti og Kópavogi, segja glæpavæðingu hverfisins, bæði í fjölmiðlum og almennu tali, lífseiga mýtu. Ekki þurfi að gera annað en að rýna í tölfræðina til að sjá að svo sé.

**Ekkert öðruvísi en annars staðar**

„Þrátt fyrir að Breiðholtið sé eins margbreytilegt og raun ber vitni þá er hlutfallið hér orðið eins og annars staðar," segir Heimir. „En samt sem áður er hér margbreytilegasta þjóðlífið, bæði hvað varðar tekjur, þjóðfélagsstétt og kynþátt. Það hefur mikla sérstöðu."

Mennirnir hafa báðir starfað lengi við löggæslustörf í Breiðholti en þeir voru áður í lögreglustöðinni í Mjóddinni, Heimir sem aðalvarðstjóri og Jóhann í hverfalöggæslunni. Jóhann segir hverfið hafa þróast mikið á síðustu tuttugu árum.

„Í kringum 1990 var mikil hópamyndun meðal íbúanna en það hefur gjörbreyst. Hún er bara horfin," segir hann. „Um tíma komu líka upp vandamál á milli Íslendinga og útlendinga, en við lögðum mikla vinnu í að snúa það niður. Án þess að það sé allt okkur að þakka þá hefur það tekist."

**Margir óttuðust lögregluna**

Hann segir marga innflytjendur hafa komið hingað frá löndum þar sem mikill ótti var í garð lögreglunnar. „En við tókum á því, það gekk yfir og nú er þetta orðið mjög gott. Þau komu sum frá löndum þar sem löggan var ekki sanngjörn og brást kannski helst við loforði um peninga."

Hafa þeir lent í því að fólk reyni að múta þeim?

„Já, já, maður hefur lent í því. En það eru svo sannarlega ekki útlendingarnir sem reyna það."

Heimir tekur undir þetta.

„Það voru notaðir hnífar, vopn og steinar, það voru barsmíðar og það var setið fyrir mönnum. En þetta verður maður mun minna var við, enda náðum við á endanum trausti strákanna sem voru í þessu og þeir áttuðu sig á því að maður var með þeim en ekki á móti þeim," segir hann.

**Ofbeldið færist yfir á netið**

Spurðir hvort þeir upplifi að kynþáttahatur sé meira í Breiðholti en annars staðar segja þeir svo ekki vera.

„Þetta er mest á Facebook og á netinu. Þá bendir maður foreldrum á það að það þurfi að huga að því," segir Jóhann. „En þarna eru oft mjög grófar hótanir, útúrsnúningar, sögusagnir og leiðindi sem er erfitt að eiga við. En það er auðvitað ekkert bundið við hverfi."

Heimir segir glæpavæðingu Breiðholtsins mestmegnis hafa átt sér stað í fjölmiðlum undanfarna áratugi og það fari fyrir brjóstið á íbúunum að það sé eitthvað öðruvísi en aðrir staðir. Íbúarnir hafi fyrst og fremst áhyggjur af ímyndinni og fordómum í garð hverfisins.

**Stöðin í Breiðholti lögð niður**

Blaðakona og ljósmyndari slógust í för með lögreglumönnunum niður í Mjódd þar sem þeir heilsuðu upp á sína gömlu nágranna á Þjónustumiðstöðinni. Það var greinilegt að samstarfið hefur verið gott þar á milli, þar sem þeim var tekið fagnandi af öllum starfsmönnum.

Árið 2009 var stöðin í Breiðholti lögð niður og hún sameinuð deild lögreglunnar í Kópavogi. Öll starfsemin færðist á Dalveginn og hafa íbúar kvartað yfir því að lögreglan se síður sýnileg í hverfinu eftir sameininguna.

„Við erum ekki langt frá hverfinu og sinnum því auðvitað, þótt starfið hafi vissulega breyst eftir hrunið," segir Heimir. Einn lögreglubíll er á vaktinni í Breiðholti allan sólahringinn og sinnir eftirliti og almennri gæslu, en Heimir bendir á að alhliða breyting hafi orðið á starfsemi lögreglunnar og því sem er krafist af henni á síðustu árum.






**STANDA VÖRÐ** Heimir og Jóhann segja það lífseiga mýtu að glæpatíðni sé hærri í Breiðholti en í öðrum hverfum Reykjavíkur.

**GRIPNAR GLÓÐVOLGAR** Þessar ungu stúlkur keyrðu í rælni nálægt lögreglubílnum í Fellunum og voru að sjálfsögðu teknar tali fyrir að vera þrjár á einu hjóli og hjálmlausar í þokkabót. Þær lofuðu bót og betrun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Í kringum 1990 var mikil hópamyndun meðal íbúanna en það hefur gjörbreyst. Hún er bara horfin.**
>
> *Jóhann Davíðsson rannsóknarlögreglumaður í Breiðholti*


Unglingarnir í Breiðholti:
Orsakir að finna í ósigri Fellaskóla í íþróttakeppni við Seljaskóla

Hverfaerjurnar í Breiðholti:
FÓTBOLTALEIKUR UPPHAFIÐ?
— skýringar annars jafnmargar og aðspurðir

HVERFASLAGUR MILLI BARNA OG UNGLINGA

Benzínsprengju varpað og grjóti kastað í hverfaerjum

## Pabbinn kastaði síðasta Molotov-kokkteilnum sem tákni um frið

„Þetta var ein af mínum fyrstu vöktum, ég man vel eftir þessu. Þetta var mikill hasar. Þetta er gott dæmi um hópamyndunina sem var, en er horfin í dag," segir Heimir. „Þetta var svo miklu yngra hverfi og svo hefur þjóðfélagið breyst. Ef við verðum varir við hópamyndun í hverfinu, eins og gerðist síðast árið 2005, þá komum við á staðinn, skerumst í leikinn og svo er unnið að því að brjóta þetta upp. Það hefur gengið vel."

Ingvar Sverrisson er einn Breiðhyltinganna sem tóku þátt í gleðinni 1983.

„Sumir segja að þetta hafi byrjað á því að Fellaskóli tapaði einhverri keppni, en eftir því sem ég best veit var þetta þannig að nokkrir Fellastrákar voru að leika sér á leikskólalóð í Seljahverfi og þangað komu aðrir strákar og lömdu þá, en þá fóru þeir til baka og söfnuðu liði," segir Ingvar. „Það var stríðsástand hér í nokkra daga. Það keyrðu engir bílar, allt var þakið grjóti og „Molotov-kokkteilum var kastað á milli."

Pabbi Ingvars, Sverrir Friðþjófsson, var forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Fellahellis á þessum tíma og markaði hann stríðslokin táknrænt sjálfur með því að kasta síðasta Molotov-kokkteilnum á götuna. „Hann logaði hérna um allt og það var tákn um að menn væru orðnir vinir," segir Ingvar. „En strákarnir myndu nú gera grín að mér núna fyrir að vera að segja þessar sögur. Ég var voðalega lítill slagsmálahundur í samanburði við þá."



> **Það var stríðsástand hér í nokkra daga. Það keyrðu engir bílar, allt var þakið grjóti og „Molotov-kokkteilum var kastað á milli.**
>
> *Ingvar Sverrisson, Breiðhyltingur*

▶ Á MORGUN INNFLYTJENDUR Í BREIÐHOLTI


ERTU KLÁR FYRIR SUMARIÐ?
20% AF ÖLLUM VÖRUM
Í ÖLLUM OKKAR VERSLUNUM AÐEINS Í DAG
OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS Í SMÁRALIND
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

HERMANN GUNNARSSON 9. desember 1946 – 4. júní 2013



**19. JANÚAR 1978** Hemmi Gunn vann sem íþróttafréttamaður útvarpsins á þessum tíma. Hann starfaði hjá RÚV um árabil en ekki alltaf sem íþróttafréttamaður. Þekktastur er hann fyrir þætti sína Á tali með Hemma Gunn. FRÉTTABLAÐIÐ/JEG



**SANNKALLAÐUR GLEÐIGJAFI** Nýleg mynd af Hemma Gunn úr stúdíói Bylgjunnar á góðri stundu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Hemmi í hálfa öld

Hemmi Gunn, Hermann Gunnarsson, varð bráðkvaddur í Taílandi á þriðjudagsmorgun, 66 ára að aldri. Hemmi var einn af þeim sem allir þekktu, sumir mikið, aðrir lítið, en allir höfðu skoðun á Hemma og öllum líkaði vel við hann. Hemmi varð fyrst þekktur sem frábær knattspyrnumaður, spilaði með Val og landsliðinu í fótbolta. Hann gerði síðan garðinn frægan sem íþróttafréttamaður í útvarpi og síðar skemmtiþáttastjórnandi í sjónvarpi. Það má segja að þáttur hans, Á tali hjá Hemma Gunn, hafi ekki farið framhjá nokkrum manni á sínum tíma. Hemmi var á þeim árum sjónvarpsstjarna Íslands, með stóru S-i, kannski eina alvöru stjarnan sem við höfum átt. Síðustu árin starfaði Hemmi á Bylgjunni og 365. Hemmi var mikill gleðigjafi. Hann hafði einstakt lag á að tala við fólk, fá fólk með sér, alltaf með bros á vör. Hemmi gerði lífið skemmtilegra. olof@frettabladid.is



**MARS 1969** Hemmi átti að baki glæstan feril sem knattspyrnumaður og spilaði meðal annars nokkra landsleiki fyrir Íslands hönd og fyrir Val á blómaskeiði félagsins.



**1. DESEMBER 1988** Þórhallur Sigurðsson, Laddi, sem Elsa Lund og Hemmi Gunn bregða á leik. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**JÚLÍ 1993** Frá vinstri: Jón Gústafsson, Lísa Pálsdóttir, Fjalar Sigurðsson, Sigvaldi Kaldalóns og Hermann Gunnarsson. Þau standa fyrir framan útvarpshúsið við Efstaleiti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HERMANN GUNNARSSON HEILSAR UPP Á VINI SÍNA** Ómar Ragnarsson og Jónas Kristjánsson þegar þeir fögnuðu 50 ára starfsferli við fjölmiðla. Úr urðu miklir fagnaðarfundir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FEBRÚAR 1990** Spaugstofan tók upp þáttinn „90 af Stöðinni“. Frá vinstri: Sigurður Sigurjónsson í hlutverki Ragnars Reykáss, Randver Þorláksson, Pálmi Gestsson, Hermann Gunnarsson, Karl Ágúst Úlfsson og Örn Árnason. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**Við bjóðum viðskiptavinum Íslandsbanka**
á opinn dag í Básum, golfæfingasvæði Pro Golf í Grafarholti, laugardaginn 8. júní frá klukkan 10.00 til 14.00.

Kennsla • SNAG golf • Hoppukastali • Ís í boði

**Verið velkomin**

- Kennarar frá Pro Golf leiðbeina kylfingum af lipurð og þolinmæði
- Fram fara kynningar á golfskóm, kylfum og öðrum golfbúnaði
- Ungmenni frá Golfsambandi Íslands fara yfir undistöðuatriðin í SNAG-golfi
- Margt spennandi í boði fyrir yngstu kynslóðina - hoppukastali, ís og fleira

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki


**ELDSNEYTI** Eyðslan er að jafnaði 25 prósentum meiri en gefið er upp.

## Bílar eyða meira en gefið er upp

Bílar eyða að jafnaði um 25 prósentum meira eldsneyti en gefið er upp. Þetta sýna niðurstöður nýrra rannsókna óháðu umhverfisverndarsamtakanna ICCT í Bretlandi sem vitnað er í á vef Aftonbladet í Svíþjóð. Niðurstöðurnar byggja á eyðslutölum 69 þúsunda bíla sem bæði eru í eigu einstaklinga og fyrirtækja.

Lúxusbílar eyða enn meira eldsneyti en gefið er upp. Mesta frávikið er hjá BMW, eða allt að 30 prósent, hjá Audi er talan 28 prósent umfram uppgefna eyðslu og 26 prósent hjá Mercedes. Upplýsingafulltrúi BMW, Michael de Geer, segir engan hafa svindlað. Unnið hafi verið samkvæmt stöðluðum aðferðum Evrópusambandsins.

# Ódýr sólgleraugu vernda augun jafn vel og dýr

Ekki þarf að kaupa sólgleraugu fyrir marga tugi þúsunda til þess að vernda augun fyrir útfjólubláum geislum. Sólgleraugu til sölu hér eiga að vera CE-merkt.

Ódýr sólgleraugu vernda augun jafn vel fyrir útfjólubláum geislum og dýr sólgleraugu. Þetta eru niðurstöður rannsóknar sænsku stofnunarinnar SP Sveriges Tekniska Forskningsinstitut á níu sólgleraugum í öllum verðflokkum. Rannsóknin leiddi í ljós að sólgleraugu frá H&M sem kosta 60 sænskar krónur, jafngildi um 1.100 íslenskra króna, vernda jafn vel gegn útfjólubláum geislum og Tom Ford-sólgleraugu á 3.000 sænskar krónur eða 57.000 íslenskar krónur.

Í frétt á vef norsku neytendasamtakanna segir að niðurstöðurnar séu í samræmi við niðurstöður fjölda rannsókna síðastliðinn áratug.

Darri Ásbjörnsson, formaður Félags íslenskra sjóntækjafræðinga, segir margt hafa áhrif á verð sólgleraugna. „Það er til dæmis hægt að framleiða sólgler úr plasti sem er pressað og litað brúnt en það er ódýrt ferli. Sumir kvarta undan ódýrum sólgleraugum og tala um svima eða hreyfingu í glerinu. Það er oft vegna þess að glerið er ekki alveg optískt rétt og veldur það þessum einkennum.“

Optískt slípað gler er litað með skerpuaukandi aðferð, að því er Darri greinir frá. „Í því ferli þarf að lita glerið með fleiri atrennum og fleiri litum til að fá bæði litinn og skerpuaukandi eiginleika fram í glerinu. Það er skiljanlega dýrari framleiðsla.“

> „Sumir kvarta undan ódýrum sólgleraugum og tala um svima eða hreyfingu á glerinu.
> *Darri Ásbjörnsson*

Darri bendir jafnframt á að mikill gæðamunur geti verið á umgjörðum. Ómögulegt sé til dæmis að stilla til umgjarðir úr ódýru plastefni á notandann.

Sömu reglur gilda á Íslandi um sölu á sólgleraugum og í nágrannalöndunum, að sögn Darra. „Gleraugun þurfa að vera CE-merkt en CE-merkingin gerir kröfu um að gler taki UV-geisla, þ.e. útfjólubláa geisla, úr ljósinu upp að vissu marki. Er þá miðað við 360 til 380 nm.“

Á vef norsku neytendasamtakanna segir að dæmi séu um falskar CE-merkingar. Ráðið er frá kaupum á sólgleraugum af götusölum eða á sólarströnd. Bent er á að sólgleraugu sem ekki uppfylla kröfur CE-merkingarinnar geti verið hættuleg. Augasteinarnir víkki ósjálfrátt út þegar sýnileg birta dempast. Því dekkri sem sólgleraugun eru þeim mun meira víkka augasteinarnir út. Hafi sólgleraugun ekki nægilega vörn gegn útfjólubláum geislum verður geislunin meiri en ef engin sólgleraugu eru notuð. ibs@frettabladid.is


**SÓLGLERAUGU** Ekki þarf að eyða tugum þúsunda í sólgleraugu til að vernda augun fyrir útfjólubláum geislum. FRÉTTABLAÐIÐ/

### ÓLITUÐ SJÓNGLER VERNDA LÍKA AUGUN

Venjuleg ólituð sjóngler vernda augun gegn útfjólubláum geislum. Hversu mikið fer eftir framleiðanda sjónglersins og þynningu þess, að því er Darri Ásbjörnsson sjónfræðingur greinir frá.


**DARRI ÁSBJÖRNSSON** Formaður Félags íslenskra sjóntækjafræðinga.






*Síðustu sætin í júní*




Heimsferðir bjóða frábært tilboð í 14 nátta ferð til Almeria þann 25. júní í 2 vikur. Í boði er m.a. Colonial Mar hótelið með allt innifalið.

**Hotel Colonial Mar**

**Kr. 119.900 með fullu fæði.** Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Kr. 159.900 á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi. Sértilboð 25. júní í 2 vikur.




Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á Aguamarina íbúðarhótelinu 20. júní í 11 nætur. Önnur gisting í boði á ótrúlegum kjörum.

**Aguamarina**

**Kr. 86.900.** Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð m. einu svefnherbergi. Verð m.v. 2 fullorðna í studio íbúð kr. 99.900. Sértilboð 20. júní í 11 nætur.




Heimsferðir bjóða frábært tilboð í 11 nátta ferð til Kríar þann 27. júní. Í boði er m.a. Maleme Mare íbúðarhótelið með allt innifalið.

**Maleme Mare**

**Kr. 119.900 með allt innifalið.** Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Kr. 154.900 á mann m.v. 2 fullorðna í studio íbúð.




Heimsferðir bjóða frábært tilboð í 14 nátta ferð til Tenerife þann 19. júní. Í boði er m.a. Villa Adeje Beach íbúðarhótelið með allt innifalið.

**Villa Adeje Beach**

**Kr. 119.600 með allt innifalið.** Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Kr. 144.900 á mann m.v. 2 fullorðna í studio íbúð. Sértilboð 19. júní í 2 vikur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM58188

**Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

**Heimsferðir**



**HÓPURINN** Starfsfólk Johan Rönning tekur á móti vottuninni.

Alls hafa nú fimm fyrirtæki fengið jafnlaunavottun VR:

# Johan Rönning bætist í vottaðan hóp fyrirtækja

**VIÐSKIPTI** Johan Rönning hefur bæst í hóp þeirra fyrirtækja sem hlotið hafa jafnlaunavottun VR.

Alls hafa þá fimm fyrirtæki hlotið vottunina, en hin eru Ikea, ISS, Íslenska gámafélagið og Parlogis.

Vottunin er ætluð fyrirtækjum og stofnunum sem vilja sýna svart á hvítu að launastefna þeirra mismuni ekki eftir kynjum.

Á vef VR kemur fram að á þriðja tug fyrirtækja á stofnana hafi nú þegar sótt um vottunina og segir formaður VR afar ánægjulegt hversu vel sé tekið í verkefnið. - le

# Betri erlend staða styður við krónuna

Undirliggjandi erlend staða þjóðarbúsins virðist ívið skárri en talið var fyrr á árinu. Í lok fyrsta fjórðungs er afgangur á viðskiptajöfnuði, með eða án gömlu bankanna.

**EFNAHAGSMÁL** Jákvæð þróun utanríkisviðskipta og hreinnar erlendrar stöðu þjóðarbúsins getur stutt við gengi krónunnar þegar kemur að stórum gjalddögum í erlendri mynt á vordögum. Þetta kemur fram í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka.

Seðlabanki Íslands birti í vikunni tölur um greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins á fyrsta fjórðungi ársins, auk greiningar undirliggjandi erlendrar stöðu þjóðarbúsins í lok fjórðungsins.

„Undirliggjandi hrein erlend staða þjóðarbúsins virðist ívið skárri en talið var fyrr á árinu," segir í umfjöllun Greiningar. „Þá byrjar árið vel hvað undirliggjandi jöfnuð á utanríkisviðskiptum varðar, og hefur það væntanlega hjálpað til að milda áhrif stórra gjalddaga á vordögum á gengisþróun krónu."

Fram kemur í tölum Seðlabankans að afgangur er á viðskiptajöfnuði á fyrsta fjórðungi ársins, hvort sem horft er til talna með eða án gömlu bankanna og slitameðferðar þeirra. Með bönkunum er viðskiptajöfnuðurinn hagstæður um 5,6 milljarða króna og um 14,4 milljarða að þeim undanskildum.

„Þetta má teljast harla gott, enda er fyrsti fjórðungur yfirleitt ekki beysinn hvað viðskiptajöfnuð varðar," segir í umfjöllun Greiningar. Halli á viðskiptajöfnuði var enda 45,6 milljarðar á fyrsta ársfjórðungi 2012 og 15,2 milljarða halli að fráteknum slitameðferðarbönkunum.

Þá kemur fram í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka að túlkun á tölum um erlenda stöðu þjóðarbúsins sé nú orðin nokkuð einfaldari en áður, þar sem áhrif skipurits Actavis á erlendu stöðuna í bókum Seðlabankans séu nú mun minni en áður vegna sölu fyrirtækisins undir lok síðasta árs.

Án gömlu bankanna var hrein erlend staða þjóðarbúsins neikvæð um 453 milljarða króna í marslok. „Það jafngildir um það bil 25,5 prósentum af áætlaðri vergri landsframleiðslu ársins. Staðan batnaði um 38 milljarða króna frá upphafi ársins." Greining bendir á að erlenda staðan hafi ekki mælst betri í krónum talið frá því á fjórða ársfjórðungi 2000.

„Að gömlu bönkunum meðtöldum eru erlendar skuldir hins vegar enn himinháar, eða sem nemur 12.846 milljörðum króna, og hrein staða neikvæð um 8.249 milljarða." Tölurnar segir Greining Íslandsbanka hins vegar hafa takmarkað upplýsingagildi þar sem stærstur hluti skulda gömlu bankanna verði afskrifaður við uppgjör þeirra. „Samþykki kröfuhafar að gefa eftir verulegan hluta innlendra eigna búanna verður erlend staða þjóðarbúsins á endanum hagfelldari sem því nemur, en í mati á undirliggjandi erlendu stöðunni er ekki gert ráð fyrir slíkri niðurfærslu á þessum eignum."

olikr@frettabladid.is



## Orðskýring

- **Viðskiptajöfnuður** sýnir samtímatekjur (útflutning) og -gjöld (innflutning) þjóðarbúsins gagnvart útlöndum. „Ef tekjur eru umfram gjöld er talað um afgang á viðskiptum við útlönd en viðskiptahalla ef gjöldin eru umfram tekjur," segir á vef Seðlabanka Íslands.
- **Verg landsframleiðsla** er verðmæti allra vara og allrar þjónustu sem framleidd er í landinu á ári.

## ERLEND STAÐA ÞJÓÐARBÚSINS*

| | Q1 2012 | Q2 2012 | Q3 2012 | Q4 2012 | Q5 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Erlendar eignir | 4.748 | 4.313 | 4.438 | 4.846 | 4.597 |
| Erlendar skuldir | 13.905 | 13.401 | 13.329 | 13.064 | 12.846 |
| Hrein staða við útlönd | -9.157 | -9.087 | -8.891 | -8.218 | -8.249 |
| Hrein staða án gömlu bankanna | -898 | -909 | -1.120 | -491 | -453 |

*Upphæðir eru í milljónum króna. Heimild: Seðlabanki Íslands.

Væntanleg arðgreiðsla Haga hf. nemur tæpum fimmtungi af hagnaðinum:

# Borga 590 milljónir króna í arð

**VIÐSKIPTI** Einn kemur nýr inn í stjórn Haga hf. á aðalfundi félagsins sem fram fer á föstudag. Sjálfkjörið er í stjórnina. Árni Hauksson er sem fyrr stjórnarformaður.

Stefán Árni Auðólfsson lögmaður kemur nýr inn í stjórnina. Hann er á 41. aldursári og starfar hjá Lögmönnum Bankastræti slf. Hann á sæti í stjórn Eikar fasteignafélags hf. og Eglu hf. „Hvorki Stefán Árni né aðilar honum fjárhagslega tengdir eiga hlutabréf í Högum hf.," segir í tilkynningu til Kauphallar.

Í ávarpi stjórnarformanns í nýbirtri ársskýrslu Haga kemur fram að leggja eigi til á aðalfundi félagsins 0,50 króna arðgreiðslu á hlut, en í fyrra nam greiðslan 0,45 krónum á hlut.

„Heildarupphæð arðgreiðslunnar verður þá tæpar 590 milljónir króna. Til samanburðar mun félagið greiða 606 milljónir króna í skatta á árinu, eða hærri fjárhæð en hluthafar fá til sín," segir Árni í ávarpi sínu. Hann segir arðsemi eigin fjár félagsins hafa verið „afbragðsgóða" undanfarin ár. Arðgreiðslum hafi engu að síður verið stillt í hóf. Tillaga stjórnar um arð á árinu 2013 hljóði upp á tæp 20 prósent af hagnaði ársins. - óká



**Í STJÓRN** Hagamelur, félag Árna Haukssonar stjórnarformanns og Hallbjörns Karlssonar stjórnarmanns Haga, á 7,9 prósent hlut í félaginu og fær því tæplega 48 milljónir króna í arð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Helstu stærðir úr rekstri Haga*

| Hagstærð | 2012/2013 | 2011/2012 | Munur |
|---|---|---|---|
| Vörusala | 71,77 | 68,49 | 4,8% |
| EBITDA | 5,96 | 4,18 | 18,6% |
| Hagnaður fyrir skatta | 3,74 | 3,05 | 22,5% |
| Hagnaður | 2,96 | 2,34 | 26,2% |

*Tölur eru í milljörðum króna. Heimild: Ársskýrsla Haga 2012-2013.

Tímasetning sögð ráða því að ekki var skrifað undir sáttmála með öðrum 2011:

# Arion utan jafnréttissáttmála SÞ

**VIÐSKIPTI** Arion banki er eini stóri viðskiptabanki landsins sem ekki hefur skrifað undir Jafnréttissáttmála Sameinuðu þjóðanna (SÞ). Bæði Íslandsbanki og Landsbankinn hafa skrifað undir sáttmálann.

„Við buðum Arion banka að skrifa undir sáttmálann á sínum tíma en þeir sögðust ekki treysta sér til að vinna eftir sáttmálanum," segir Inga Dóra Pétursdóttir, framkvæmdastýra UN Women.

Íslandsbanki skrifaði undir sáttmálann í júní 2011 og Landsbankinn fylgdi svo eftir í september á sama ári. Með því að gangast undir sáttmálann skuldbinda bankarnir sig til að sýna frumkvæði og vinna að auknu jafnrétti.

UN Women á Íslandi opnaði átakið um jafnréttismál árið 2010 og hafa 12 íslensk fyrirtæki skrifað undir. Í sáttmálanum eru sjö viðmið sem fyrirtæki eiga að hafa að leiðarljósi til að efla konur og auka þátt þeirra í atvinnulífinu.

Haraldur Guðni Eiðsson, upplýsingafulltrúi Arion banka, segir ástæðuna fyrir því af hverju bankinn skrifaði ekki undir jafnréttissáttmálann þegar honum bauðst það snúast fyrst og fremst um tímasetningu. Bankinn hafi viljað vera viss um að geta staðið við sáttmálann. Hann bætir þó við að ætlunin sé að taka málið upp aftur innan bankans. - le



INGA DÓRA PÉTURSDÓTTIR



HARALDUR GUÐNI EIÐSSON





Vnr. 53323130
Sláttuvél OY460P, 5,0 hestafla fjórgengismótor, 139cc, 2,3kw.

**39.990kr.**

- 60 L SAFNPOKI
- SLÁTTUBREIDD 46 CM
- HÆÐARSTILLING 25-75 MM

# GRILLVEISLA

## Í ÖLLUM VERSLUNUM BYKO Á LAUGARDAG KL. 13 – 15.

Við erum í sumarskapi og lyftum okkur upp laugardaginn 8. júní.
Ýmsar uppákomur, leikir og glæsileg sumartilboð.

- GRILLAÐAR PYLSUR
- SVALANDI DRYKKIR
- VÖRUKYNNINGAR
- SUMARHÁTÍÐARTILBOÐ
- RATLEIKUR



SUMAR Í BYKO

# LÁGT VERÐ – ALLA DAGA

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**

facebook.com/BYKO.is

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



Gerðu VERÐ-samanburð

## ÓDÝRT PALLAEFNI

Fura, alheflað pallaefni, gagnvarið, ECO-GR.

| | |
|---|---|
| Vnr. 0058224 22x95 mm | 165kr./lm |
| Vnr. 0058274 27x95 mm | 185kr./lm |

Fura, alheflað pallaefni, AB-gagnvarið.

| | |
|---|---|
| Vnr. 0058254 22x95 mm | 185kr./lm |
| Vnr. 0058324 27x95 mm | 205kr./lm |
| Vnr. 0058325 27x120 mm | 210kr./lm |

Vnr. 86363041-540
KJÖRVARI pallaolía, glær, græn, hnota, fura, rauðfura eða rauðviður, 4 l.

**4.695kr.**



Vnr. 41624128
RATTAN BISTRO borð og tveir stólar. Plast/bast, ljósbrúnt.

**11.990kr.**



Vnr. 55095001
Graskorn, 5 kg.

KLÚBB verð **1.090kr.**
Almennt verð 1.590 kr.



DAYE

Vnr. 54935115
DAYE garðslanga, 13 mm, 15 m.

KLÚBB verð **1.490kr.**
Almennt verð 1.990 kr.



BOSCH

Vnr. 74890324
BOSCH rafmagnssláttuorf ART 23 Combi, 400W, sláttubreidd 23 cm, stillanleg lengd skafts.

KLÚBB verð **7.900kr.**
Almennt verð 9.990 kr.



Vnr. 88015956
Fimm manna braggatjald.

KLÚBB verð **14.900kr.**
Almennt verð 19.990 kr.



Vnr. 41621529/4123-4
Markísa, 3,5x2,5 m, græn, dökkblá eða dökkgrá.

KLÚBB verð **24.900kr.**
Almennt verð 34.990 kr.



STERLING

Vnr. 50657143
STERLING GASGRILL 1714, H-brennarakerfi 10 kW. Eldunarsvæði 55x38 cm.

KLÚBB verð **44.990kr.**
Almennt verð 55.990 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



**1 INDLAND** Í þorpinu Luni í héraðinu Mundra Taluka sýnir Hirenbhai Bheda stoltur veggklukku sem gengur fyrir rafmagni sem fengið er úr kúahlandi. Orkuframleiðslan er hluti af tilraunaverkefni góðgerðasjóðsins Shree Vardhman Jivdaya Kendra, sem rekur stórt kúabú. Hlandið í krúsunum tveimur á að geta látið klukkuna ganga í tæpan mánuð. NORDICPHOTOS/AFP



# ÁSTAND HEIMSINS




**2 PALESTÍNA** Ísraelskir hermenn standa vörð vegna átaka við palestínska mótmælendur við Ofer-fangelsið ísraelska í Betúníu, nærri Ramallah á Vesturbakkanum. Mótmælendur minnast „Naksa“ (afturfararinnar), þegar Ísrael hertók Vesturbakkann og Gasa fyrir 46 árum í Sex daga stríðinu. NORDICPHOTOS/AFP




**3 SLÓVENÍA** Stuðningsmenn Janez Jansa, fyrrverandi forsætisráðherra Slóveníu, komu saman fyrir utan dómhúsið í Ljubljana þar sem Jansa var í gær dæmdur í tveggja ára fangelsi. Hann var fundinn sekur um að hafa bæði greitt og þegið mútur í stærsta varnarsamningi sem landið hefur gert. Keypt voru brynvarin farartæki frá finnska hergagnafyrirtækinu Patria. NORDICPHOTOS/AFP




**4 TYRKLAND** Maður fær sér lúr á Taksim-torgi í Istanbúl nærri veggspjaldi þar sem Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra landsins, er sýndur í gervi Hitlers. Í landinu halda áfram mótmæli þar sem krafist er aukins frjálsræðis, en þeim hafa stjórnvöld mætt af mikilli hörku. NORDICPHOTOS/AFP



**5 ÞÝSKALAND** Íbúar reyna að bjarga bíl úr umflotnum bílskúr í Dresden í austanverðu Þýskalandi þar sem áin Saxelfur rennur. Stjórnvöld ætla að setja 100 milljónir evra í neyðaraðstoð vegna flóða sem þegar hafa orðið ellefu að bana og hrakið tugþúsundir frá heimilum sínum í Mið-Evrópu. NORDICPHOTOS/AFP




**6 KAMBÓDÍA** Sonur fangelsuðu konunnar Yorm Bopha og fólk frá þorpinu Boeung Kak kalla eftir því að hún verði leyst úr fangelsi fyrir utan áfrýjunarréttinn í Phnom Penh í gær. Bopha, sem barðist fyrir landréttindum á svæðinu, var í desember dæmd í þriggja ára fangelsi fyrir að hafa átt þátt í að berja tvo karla. Mótmælendurnir segja ásakanir á hendur henni hafa verið uppspuna til að þagga niður í henni. NORDICPHOTOS/AFP

# netto
Kræsingar & kostakjör



## LAMBAFILE FERSKT
**3.799**
ÁÐUR **4.577** KR/KG

### NAUTAFILE
FERSKT
**3.499**
ÁÐUR 4.429 KR/KG



### GRÍSAHNAKKSNEIÐAR
BEINLAUSAR, PIPAR/BBQ
**1.846**
ÁÐUR 2.398 KR/KG



### KALKÚNASNEIÐAR
M/SÍTRÓNUGRASI
**1.398**
ÁÐUR 2.219 KR/KG



37% AFSLÁTTUR

### LÆRISNEIÐAR
SALT & PIPAR
KJÖTSEL
**1.884**
ÁÐUR 2.298 KR/KG



### GRILL GRÍSARIFJABITAR
KJÖTSEL
**449**
ÁÐUR 598 KR/KG



25% AFSLÁTTUR

### ÚRVALS
PIPAR/HVÍTLAUKS/BERNAISSÓSUR 270 ML
**259**



### AGÚRKUR ÍSL.
**75**
ÁÐUR 150 KR/STK



50% AFSLÁTTUR

### COCA COLA DIET
6X330ML
**398**
ÁÐUR 498 KR/PK

### PEPSI & PEPSI MAX
33CL DÓSIR
**79**
ÁÐUR 99 KR/STK



### HUNANGSTERTA
KRISTJÁNS BAKARÍ
**699**
ÁÐUR 998 KR/STK



30% AFSLÁTTUR

### SUNPRIDE SAFI 200ML
APPELSÍNU ANANAS/EPLA
**47**
ÁÐUR 59 KR/STK



### EMERGE ORKUDRYKKUR
250 ML
**79**
ÁÐUR 119 KR/STK



34% AFSLÁTTUR

### NATROL ACAI BERRY BRENNSLUTÖFLUR 60 HYLKI
**2.498** KR PK
ÁÐUR 2998 KR
500 KR AFSLÁTTUR!



### HYDROXYCUT WILDBERRY 21 BRÉF
**4.990** KR PK
ÁÐUR 5.990 KR
1000 KR AFSLÁTTUR!



**Tilboðin gilda 6.júní - 9.júní**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Ein hjúskaparlög á Íslandi í þrjú ár:

# Bienvenue en Islande

Frakkland varð í síðasta mánuði þrettánda ríki heims til að leyfa hjónabönd samkynhneigðra, er ný hjúskaparlög gengu í gildi. Fyrsta hjónavígsla samkynhneigðra fór fram í Montpellier í síðustu viku. Einhver henti reyksprengju að ráðhúsinu þar sem athöfnin fór fram.

Það kom út af fyrir sig ekki á óvart; andstaðan við nýju lögin hefur verið mikil í Frakklandi. Fjöldi manns hefur mótmælt nýju lögunum, jafnvel eftir að þingið samþykkti þau og þau gengu í gildi.

Mótmælin gegn nýju lögunum hafa að mestu leyti farið friðsamlega fram, þótt á því séu dapurlegar undantekningar. Röksemdir andstæðinganna eru kunnuglegar; þær voru líka hafðar í frammi hér á landi á síðasta áratug, þegar umræður um hjónaband samkynhneigðra stóðu sem hæst.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Andstæðingarnir ítrekuðu gjarnan að þeir hefðu ekkert á móti samkynhneigðum. En það væri tilræði við grundvöll fjölskyldunnar að þeir fengju hlutdeild í stofnuninni sem er kölluð hjónaband. Frakkarnir eru dramatískari en við Íslendingar; þar segja menn fullum fetum að hjónaband samkynhneigðra ógni stöðugleika samfélagsins.

Annað algengt viðkvæði var að auðvitað ættu samkynhneigð pör að njóta sömu réttinda og önnur. Það mætti bara ekki kalla það hjónaband, af því að það væri frátekið fyrir karl og konu. Að veita samkynhneigðum aðgang myndi einhvern veginn rýra gildi hjónabandsins fyrir allt gagnkynhneigða fólkið.

Í þriðja lagi létu margir í ljósi áhyggjur af því að samkynhneigðir fengju að ættleiða börn. Það gæti nefnilega ekki verið börnunum fyrir beztu að alast upp án þess að hafa bæði móður og föður sér til halds og trausts.

Í ljósi alls hamagangsins í Frakklandi vegna samþykktar nýju laganna er áhugavert að skoða reynsluna af hjónabandi samkynhneigðra hér á landi. Lögin gengu í gildi seint í júní 2010 og hafa því bráðum verið í gildi í þrjú ár. Nokkrir tugir samkynhneigðra para hafa gengið í heilagt hjónaband. Og hvað hefur gerzt?

Grundvöllur fjölskyldunnar hefur styrkzt, af því að fleiri en ella hafa gengið í hjónaband. Hjónabandið sem stofnun hefur líka eflzt, af því að fleiri eiga hlutdeild í því. Ekki hefur orðið vart við að gagnkynhneigðum líði sérstaklega illa í sínu hjónabandi þótt samkynhneigðir hafi fengið að giftast.

Börn sem bjuggu við erfiðar aðstæður hafa eignazt ástríka foreldra – og að eiga tvo af sama kyni þykir flestum líklega betra en að þekkja bara annað foreldri sitt, eins og mörg börn búa við af ýmsum ástæðum. Raunar sýna margvíslegar rannsóknir að börn sem alast upp hjá samkynhneigðum pörum eru ekkert öðruvísi en önnur börn.

Þjóðkirkjan hefur styrkt stöðu sína meðal þjóðarinnar eftir að hún hætti að streitast á móti breytingunni og tók samkynhneigðum opnum örmum. Fólki sem fannst það útilokað finnst það núna fullgildir þjóðfélagsþegnar sem njóta jafnréttis. Íslenzkt samfélag er sterkara ef eitthvað er.

Kannski er þarna markaðstækifæri fyrir ferðaþjónustuna; að bjóða fólkið sem mótmælti á götum franskra borga velkomið til Íslands og sýna því hvernig grundvöllur samfélagsins stendur óhaggaður, þremur árum eftir að ein hjúskaparlög voru látin gilda fyrir alla.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

SPENNUÞRUNGIN ÁSTARSAGA EFTIR METSÖLUHÖFUNDINN NORU ROBERTS

★★★★

„Þetta er vel skrifuð saga og persónulýsingarnar gera frásögnina sérlega lifandi.“
STEINÞÓR GUÐBJARTSSON MORGUNBLAÐIÐ




„Enn ein sönnun þess að Roberts skarar fram úr, hún er meistarinn.“
PUBLISHERS WEEKLY

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vel að verki staðið

Hrósa ber þegar eitthvað hrósvert er gert og það verður að segjast að ákvörðun ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um að stjórnarandstaðan fái formennsku í fastanefndum Alþingis er til fyrirmyndar. Ríkisstjórnin hefur boðað samráð en lítið þótti fyrir því fara þegar kom að ákvörðun um þingsetningu, sem fréttist af í gegnum matseðil þingsins. Eftir fund í gær var hins vegar samþykkt að stjórnarandstaðan fengi formennsku í tveimur fastanefndum, fyrstu varaformennsku í þremur og aðra varaformennsku í öðrum þremur. Þetta er vel að verki staðið og umtalsvert meira samráð en ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur viðhafði, svo dæmi sé tekið.



### Traustið í lágmarki

Fyrirtækið MMR kynnti í gær mælingu á trausti almennings til stjórnmálamanna. Nýju ráðherrarnir njóta mismikils trausts. Eygló Harðardóttir og Kristján Þór Júlíusson mega vel við una en ljóst er að Gunnar Bragi Sveinsson og Sigurður Ingi Jóhannsson eiga töluvert verk fyrir höndum til að auka traust almennings á sér.



### Upp fyrir forsetann

Ýmislegt athyglisvert er að sjá í mælingunni. Þannig nýtur Ólafur Ragnar Grímsson forseti ekki lengur mests trausts hjá þjóðinni, sem hann hefur gert nokkuð lengi. Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, skipar efsta sætið en forsetinn er í öðru. Tveir flokksformenn þurfa verulega að spýta í til að auka traustið á sér. Árni Páll Árnason nýtur aðeins trausts fjórðungs aðspurðra og Bjarni Benediktsson nýtur umtalsvert minna trausts en varaformaðurinn, Hanna Birna, og raunar einnig minna en Kristján Þór.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Eru Vinstri græn græn?

UMHVERFISMÁL



**Guðmundur Örn Jónsson**
verkfræðingur

Nú berast fréttir af því að magn koltvísýrings í andrúmsloftinu sé komið yfir 400 ppm en það gerðist síðast fyrir milljónum ára. Í sjálfu sér er ekkert merkilegt við 400 ppm annað en að þetta er heilt hundrað. Aftur á móti er merkilegt að Vinstri græn sjá enga ástæðu til þess að láta í sér heyra við tilefnið.

Helstu hætturnar sem steðja að mannkyninu eru tengdar umhverfismálum. Við þekkjum gróðurhúsaáhrifin en jarðvegseyðing er ekki minna vandamál. Stórfenglegasti menningararfur Íslendinga er líklegast heimsmet í jarðvegseyðingu, en það þarf jarðveg (mold) til að rækta megnið af þeirri fæðu sem við mennirnir neytum. Nú hnignar um 90% lands á jörðinni samkvæmt Sameinuðu þjóðunum og stefnir það fæðuöryggi mannkyns í hættu.

Sem umhverfisverkfræðingur hjá varnarliðinu kom það í minn hlut að græða upp svæðið kringum Keflavíkurflugvöll. Það hafði verið friðað fyrir beit áratugum saman en tók þrátt fyrir það engum framförum og var jafn gróðursnautt sem fyrr. Sáning grass og áburðar virkaði einungis í eitt til tvö ár en að því loknu byrjaði grasið að hörfa. Lúpínan virkaði aftur á móti vel. Hún fór hægt af stað en u.þ.b. fimm árum síðar var komin samfelld þekja sem í var plantað víði, birki og greni sem döfnuðu vel. Með aðstoð lúpínunnar var því hægt að byggja upp kjarr á u.þ.b. áratug, sem líklegast hefði tekið náttúruna sjálfa margar aldir.

**➜ Einu haldbæru rökin gegn lúpínunni eru þau að hún fer stundum yfir berjalyng.**

Það er því vægast sagt öfugsnúið að eitt af helstu stefnumálum VG er ekki barátta gegn lausagöngu búfjár heldur barátta gegn lúpínu, þeirri plöntu sem hefur gert hvað mest í að byggja upp jarðveg, vinna gegn gróðurhúsaáhrifunum og græða upp Ísland á seinustu áratugum. Það gera þeir í nafni líffræðilegrar fjölbreytni, þótt grætt sé upp líflaust land sem forfeður okkar eyddu. Einu haldbæru rökin gegn lúpínunni eru þau að hún fer stundum yfir berjalyng. Fullt af fólki hefur miklar áhyggjur af stöðu umhverfismálunum sem snúast um lífsskilyrði afkomenda okkar. Á meðan virðist eitt helsta baráttumál Vinstri grænna vera að berjalyng sé ætíð í göngufæri. Til að auðvelda raunverulegum umhverfisverndarsinnum að keppast um hylli kjósenda ættu Vinstri græn því að viðurkenna að þau hafa lítinn áhuga á umhverfismálum og breyta nafni flokksins eða sameinast öðrum framsóknarmönnum. Annars eru þau orðin helsta hindrunin fyrir því að íslenskir kjósendur geti kosið sjálfbæra þróun.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Sigríður Björg Tómasdóttir, *sigridur@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Rangur, áfram, ekkert stopp

UMHVERFISVERND



**Úrsúla Jünemann**
kennari og leiðsögumaður

Áður en kom að hruninu var Framsóknarflokkurinn með slagorð á plakötunum sínum í kosningabaráttunni þar sem stóð: „Árangur áfram, ekkert stopp“.

Einhver grínisti tók sig til og fjarlægði einn staf, þannig að eftir stóð: „Rangur áfram, ekkert stopp“.

Nú skulum við skoða svona eftir á hvort slagorðið hafði rétt fyrir sér, það upprunalega eða það breytta.

Kárahnjúkavirkjunin hafði ekki góð áhrif á þjóðarbúið. Íslendingar munu lengi sleikja sárin eftir þetta ævintýri. Stórskuldug upp fyrir haus, þensluáhrifin gríðarleg, ofurbjartsýni ríkti hjá mönnum sem endaði eins og við vitum með skelfingu og hruni. Nú kemur í ljós að þessi stórvirkjun fullnægir ekki einu sinni þörfum Alcoa á Reyðarfirði eins og stendur. Menn hafa ekki reiknað með sveiflum í veðurfari. Það kemur þeim sem reikna með hagstæðustu útkomu alltaf jafn mikið á óvart. Bjartsýni getur verið góð en fífldirfska er slæm.

### Gríðarleg hliðaráhrif

Öll hliðaráhrifin vegna svona stórrar vatnsaflsvirkjunar eru gríðarleg, og vísindamenn – þó ekki endilega þeir sem voru keyptir af Landsvirkjun – vöruðu til dæmis við eftirfarandi atriðum:

**a.** Þar sem uppistöðulón vatnsvirkjana eru með mjög sveiflukennda vatnsstöðu er mikil hætta á að fíngert set þorni og fjúki með vindinum. Þannig myndast mistur í lofti sem veldur mönnum og dýrum óþægindum. Grófari efnin berast á náliggjandi gróður og valda skemmdum.

**b.** Mikil næringarefni berast undir venjulegum kringumstæðum með jökulám til sjávar. Þetta skapar þau skilyrði að hér í kringum landið eru gjöful fiskimið. Þegar jökulár eru virkjaðar er þetta ekki lengur til staðar þar sem allt setið safnast fyrir í lónunum.

**c.** Lífstíð vatnsaflsvirkjana í jökulám er takmörkuð þar sem lónin fyllast af seti. Eftir mun verða stórt og dautt svæði sem mun valda komandi kynslóðum vandamálum í sambandi við fok á fínu efni sem bæði drepur gróður og valda heilsufarsvandamálum. Við tölum nú ekki um að við viljum áfram selja okkur sem „hreint og fagurt land“ til ferðamanna.

**d.** Jafnvægi á því að árnar beri fram efni í sjó og sjórinn tekur efni aftur raskast. Með því að framburðarefni verður eftir í uppistöðulónunum mun landbrot aukast.

**e.** Fiskur sem gengur upp árnar mun ekki fá þau skilyrði sem hafa verið.

Ekki eru jarðvarmavirkjarnir jafn sjálfbærar og menn vilja fullyrða. Lífstíð þeirra er alls ekki ljós og ef gufuaflið verður þurrausið á ákveðnum svæðum dugar orkan alls ekki endalaust eins og menn vilja halda. Óleyst er enn þá hvar affallsvatninu skal koma fyrir og brennisteinsmengun er einnig vandamál sem menn eru að glíma við nema fyrirtækin vilji fjárfesta í dýrum hreinsibúnaði sem þau eru ekki til í. Rangur, áfram, ekkert stopp!

**➜ Eftir að framkvæmdum lýkur mun stærsti partur þessara 1.000 manna verða aftur atvinnulaus.**

### Tímasprengja

Hvað kostar hvert starf í álveri? Fyrir hvert þeirra starfa væri hægt að búa til vinnu í „einhverju öðru“, litlum og framsæknum fyrirtækjum sem munu skila til okkar margfalt fleiri og arðvænni störfum til langs tíma litið. Einungis 1% vinnuafls vinnur í stóriðju hér á landi.

Þessi þúsund störf sem eiga að verða til við að reisa álver í Helguvík munu einungis verða á þeim tíma sem framkvæmdirnar standa yfir. Þá er ekki einu sinni reiknað með að fjöldi manna muni vera innflutt vinnuafl sem vinnur á skítalaunum – eins og var á Kárahnjúkum. Eftir að framkvæmdum lýkur mun stærsti partur þessara 1.000 manna verða aftur atvinnulaus. Ráðamenn í Reykjanesbæ varpa bara tímasprengju á undan sér.

Með fyrstu verkum nýju ríkisstjórnarinnar var að setja umhverfisráðuneytið í skúffu undir landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið. Það er afleitt að einn ráðherra sinni svo ólíkum málum. Og menn ætla að „endurskoða“ rammaáætlunina, setja fleiri svæði í nytjaflokk og halda þessu vonlausa stóriðjubrölti áfram. Þetta er ekkert nema rányrkja. Álframleiðsla i heiminum fer minnkandi og álverð er í lágmarki. Ætla menn virkilega að vera svo vitlausir að setja áfram öll eggin í sömu körfuna? Og það í gömlu og botnlausu körfuna.

Rangur, áfram, ekkert stopp!

# Ríkari en Norðmenn?

ORKUMÁL



**Jón Steinsson**
dósent í hagfræði við Columbia-háskóla í New York

Hugarfar margra á Íslandi fram á síðustu ár hefur verið að ágóðinn af nýtingu orkuauðlinda þjóðarinnar sé að mestu fólginn í þeim störfum sem skapast við byggingu virkjana og álvera. Þetta er afskaplega kostnaðarsamur misskilningur. Þessi hugsunarháttur er eins og ef Norðmenn seldu olíuna á kostnaðarverði einungis til þess að fá að byggja olíuborpallana. Ef sá hugsunarháttur væri ríkjandi í Noregi væru Norðmenn mun fátækari en þeir eru í dag.

Að sama skapi, ef hugsunarháttur okkar Íslendinga gagnvart orkuauðlindum þjóðarinnar breytist, getum við orðið mun efnaðri en við erum í dag. Hinn stóri ágóði þegar kemur að orkuauðlindum þjóðarinnar er salan á orkunni. Þar liggja stóru peningarnir.

En er ekki einum of mikið að vera að líkja orkuauðlindum Íslendinga við olíuauð Norðmanna? Nei. Stærðargráðan er ekki ósvipuð, að minnsta kosti ef mark er takandi á Herði Arnarsyni, forstjóra Landsvirkjunar. Hörður sagði nýlega að hann teldi raunhæft að hagnaður Landsvirkjunar gæti numið 100 ma.kr. árlega eftir 15 til 20 ár. Það eru u.þ.b. 6% af VLF, sem er svipað hlutfall og Norðmenn eru að taka út úr olíusjóðnum þar í landi árlega.

### Viðskiptasjónarmið

Þessi ágóði byggist hins vegar á því að við seljum orkuna dýrt. Til þess að svo megi vera þarf að tryggja að viðskiptasjónarmið ráði því hverjum Landsvirkjun selur orkuna. Fram að þessu hafa stjórnmálamenn allt of oft sett þrýsting á Landsvirkjun að selja orku í ákveðin verkefni. Slíkur þrýstingur grefur undan samningsstöðu Landsvirkjunar og leiðir því til lægra orkuverðs en ella. Það sem gerist við slíkt er að auðlindaarðurinn rennur til erlendra álfyrirtækja í stað þess að renna til okkar Íslendinga.

**➜ Hinn stóri ágóði þegar kemur að orkuauðlindum þjóðarinnar er salan á orkunni. Þar liggja stóru peningarnir.**

Freistingin er sterk fyrir stjórnmálamenn sem þurfa að ná kjöri fjórða hvert ár að þrýsta á um ákveðin verkefni í mikilvægum kjördæmum. En kostnaðurinn af slæmum samningum til 30 ára við risastórt álver er óheyrilegur. Almenningur þarf að veita stjórnmálamönnum stíft aðhald hvað þetta varðar. Líklega væri best að það væri algjörlega tabú fyrir stjórnmálamenn að beita Landsvirkjun þrýstingi varðandi það hverjum hún selur orku. Þannig væri best tryggt að viðskiptaleg sjónarmið ráði ríkjum við sölu á orku.

Í dag hefur myndast sterk hefð á Íslandi fyrir því að ráðherra fylgi aflareglu varðandi úthlutun á þorskkvóta. Fyrir tíma aflareglunnar létu ráðherrar freistast ár eftir ár að úthluta of miklum kvóta og þorskstofninn minnkaði og minnkaði. Sú sóun var líka óheyrileg. En á þeim vettvangi hefur okkur tekist að koma böndum á freistni stjórnmálamanna. Vonandi tekst okkur það líka þegar kemur að orkuauðlindunum. Ef það tekst getum við ef til vill orðið ríkari en Norðmenn.



# Hæfni foreldra er auður þjóðar

SAMFÉLAG



**Helgi Viborg**
sálfræðingur



**Ólafur Grétar Gunnarsson**
fjölskyldu- og hjónaráðgjafi

**➜ Er ekki kominn tími til að staldra við og byrgja brunna?**

Fátt er mikilvægara í hverju þjóðfélagi en uppeldi barna. Í börnunum liggur auðlegð þjóðfélagsins, grundvölluð á heilbrigði, hamingju og velferð hvers einstaklings. Það er því mikilvægt verkefni samfélagsins að sjá til þess að foreldrum séu tryggð skilyrði til að þeim gangi sem allra best í uppeldishlutverkinu.

Að tilhlutan ríkisstjórnar Íslands var haldin ráðstefna um foreldrahæfni 17. mars 2008. Ráðstefnan var liður í framkvæmd aðgerðaráætlunar ríkisstjórnarinnar til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Markmið aðgerðaráætlunarinnar var að efla foreldrahæfni til að fyrirbyggja og vinna gegn ofbeldi á börnum og stuðla að þroskavænlegum uppeldisaðferðum. Á ráðstefnunni voru flutt erindi um útfærslur á uppeldisaðferðum fyrir börn á öllum aldri og fyrir börn með margvíslegar sérþarfir, svo sem félagsleg vandamál á borð við vímuefnanotkun.

Tvö ný úrræði voru kynnt á ráðstefnunni, bæði byggð á traustum rannsóknum og greiningum, annars vegar MST, (Multi System Therapy) ný meðferðarþjónusta á vegum Barnaverndarstofu, og hins vegar „Að verða foreldri“, tíu klukkustunda námskeið fyrir verðandi foreldra og foreldra ungbarna. Námskeiðið er í dag á vegum Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskyldvernd (RBF) og Gottman á Íslandi. Á ráðstefnunni um foreldrahæfni kom fram að rannsóknir dr. Johns Gottmans á foreldrahlutverkinu hefðu leitt í ljós að hjá fleiri en tveimur þriðju allra nýbakaðra foreldra koma upp erfiðleikar í sambandi þeirra þegar þeir þurfa að takast á við alvöru og ábyrgð við umönnun ungbarns. Með öðrum orðum sýna rannsóknir að gleði og ánægja getur minnkar í sambandinu við það að takast á við foreldrahlutverkið.

### Styrkir gæði og tengsl

Rannsóknir á árangri námskeiðsins „Að verða foreldri“ sýna að það styrkir gæði parsambandsins og tengsl foreldra við nýfædd börn sín. Það er hægt að gera foreldra hæfari með fræðslu og þjálfun! Bragi Guðbrandsson, formaður nefndar ríkisstjórnarinnar, sagði m.a. á ráðstefnunni:

„Ef vel tekst er árangurinn sem næst með þessum nýju aðferðum mun varanlegri heldur en stofnannainngrip, sem standa yfirleitt í stuttan tíma. Ef tekst að gera foreldri hæft í hlutverki sínu nýtist það barninu alveg til fullorðinsára. Ekki síður er mikilvægt að með þessu opnast möguleiki á miklu snemmtækari aðgerðum en með afskiptum stofnana af málum barna. Með því að gera þessa hjálp aðgengilega fyrir foreldra ungra barna er hægt að taka strax fyrir vanda sem ella myndi ágerast.“

Að dómi höfunda ættu uppeldisnámskeið eins og „Að verða foreldri“ að vera almenn og tiltæk foreldrum, einkum þeim sem eru að eignast fyrsta barn. Námskeið ættu að vera ódýr, helst án endurgjalds, og ættu ekki síst að beinast að þörfum feðra. Íslenskir feður hafa í vaxandi mæli orðið virkari í uppeldi barna sinna og því þarf að veita körlum tækifæri til að axla ábyrgð á uppeldi barna sinna strax í frumbernsku þeirra. Þrátt fyrir góðar fyrirætlanir fékk ofannefnt uppeldisnámskeið einungis fimm hundruð þúsund króna styrk árið 2009, sem hluti af aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar til að efla foreldrahæfni.

Barnaverndarstarfsfólk sveitarfélaga, styrktarsjóðir og aðilar á vinnumarkaði tóku vel í tilmæli fyrrverandi formanns nefndar ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að efla foreldrahæfni og hefur námskeiðið „Að verða foreldri“ verið í boði, þátttakendum að kostnaðarlausu, fyrir verðandi foreldra og foreldra ungbarna frá því í október 2008. Vinnan við námskeiðin hefur að mestu verið unnin í sjálfboðavinnu, m.a. með stuðningi frá Rauða krossi Íslands og RBF.

### Of fáir

Jafnréttisráð kynnti sér á árinu 2009 námskeiðið og mælir með því. Úttekt Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar bendir til þess að þátttakendur á námskeiðinu séu almennt ánægðir með námskeiðið en þátttakendur gáfu því meðaleinkunnina 4,4 af 5 mögulegum. Sama niðurstaða kom fram í lokaverkefni félagsráðgjafanemanna Dagbjartar Guðmundsdóttur og Daggar Guðnadóttur. Frá árinu 2008 hafa um 12.500 hjón og pör eignast sitt fyrsta barn. Um 250 pör hafa sótt umrædd námskeið fyrir foreldra ungbarna eða um 2% nýrra foreldra. Ef miðað er við góða reynslu af námskeiðinu er það alltof lág tala.

Stefna ríkisstjórnarinnar frá 2008 var að styrkja stöðu barna- og ungmenna og sporna við sívaxandi kostnaði í félags- og heilbrigðiskerfinu sem m.a. má rekja til skilnaða og vanmáttar foreldra við að axla ábyrgð í umönnun og uppeldi barna sinna. Ef ríkisstjórnin hefði varið sömu fjármunum í fræðslu fyrir allar nýjar fjölskyldur og varið var í meðferð þeirra nokkur hundruð fjölskyldna sem erfiðast eiga hefðu allir foreldrar ungbarna, bæði mæður og feður, fengið fræðslu. Nauðsynlegt er að hugsa lengra en að bjarga einungis þeim börnum og unglingum sem komin eru í alvarlegan vanda. Forvarnir kosta peninga en ef horft er til lengri tíma er um að ræða mikinn þjóðfélagslegan sparnað.

Er ekki tími til kominn að staldra við og byrgja brunna? Við vitum að hæfni foreldra er og verður besta forvörnin og er endingarbetri lausn en inngrip stofnana. Það er því eitt mikilvægasta verkefni hverrar þjóðar að leggja foreldrum öflugt lið til að efla þá til dáða í uppeldishlutverkinu.




# Blekkingar Þríhnúka ehf

UMHVERFISVERND



**Björn Guðmundsson**
framhaldsskólakennari

Í fréttum RÚV 4. júní kom fram að OR vill draga úr umferð á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri Orkuveitunnar, segir:

„Mikil uppbygging í ferðaþjónustu á ákomusvæði vatnsbólanna veldur okkur áhyggjum, meðal annars vegna mikillar umferðar sem er fyrirhuguð inn á það svæði í tengslum við þessar framkvæmdir.“ Hólmfríður vísar til framkvæmda á vegum Þríhnúka ehf sem vilja leggja veg frá Bláfjöllum að Þríhnúkagíg og bora inn í gíginn í nafni náttúruverndar. Þríhnúkamenn hika ekki við að segja svart vera hvítt.



**GRÓÐURSKEMMDIR** Ferðamenn hafa myndað 2-6 metra breiðan stíg.

Undirritaður hefur bent á að ferðamenn á vegum Þríhnúka ehf hafa valdið gróðurskemmdum með því að mynda 2-6 metra breiðan stíg um viðkvæmt land í 400-500 metra hæð. Einnig sér á viðkvæmum jarðmyndunum og gróðri í næsta nágrenni gígsins. 1. maí sl. sá ég að rifnar höfðu verið upp hraunhellur við gíginn og þær festar á málmteina sem stungið hafði verið í jörðina. Mér sýndist að borað hefði verið í gegnum hellurnar. Varla hafa ferðamenn séð um borvinnuna við að búa til tilgangslausa vörðuþyrpingu. Þetta sýnir auðvitað algera vanvirðingu fyrir náttúrunni. Flestir vita svo um óhappið þegar Þríhnúkamenn fóru ekki eftir reglum og helltu niður 600 lítrum af olíu á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

### Í mótsögn við sjálfan sig

Árni B. Stefánsson, forsvarsmaður Þríhnúka, segir það úr takti að bregða fæti fyrir starfsemi í Þríhnúkagíg meðan rekstur skíðasvæðisins í Bláfjöllum er leyfður. Hann segir að menn eigi að bera virðingu fyrir náttúrunni og láta hana njóta vafans. Þarna er Árni í algerri mótsögn við sjálfan sig. Hann talar ekki um að gestafjöldinn í Bláfjöllum er um 50.000 manns á ári en hann ætlar eftir tíu ár að flytja 500.000 manns á ári ofan í Þríhnúkagíg. Það kalla ég ekki að láta náttúruna njóta vafans. Sjálfumgleði Árna er þvílík að honum finnst sjálfsagt að Þríhnúkamenn fái að hafa Þríhnúkagíg að féþúfu þótt það hafi í för með sér náttúruspjöll og áhættu fyrir vatnsbólin okkar.

Í frétt RÚV segir: „En það er ekki bara vatnið sem þarf að vernda segja Þríhnúkamenn. Gígurinn muni líka skemmast ef ekkert verður að gert. Forsvarsmenn Þríhnúka segja einu raunhæfu verndina felast í því að stýra því fullkomlega hvernig ferðamenn koma hingað inn, það sé ekki hægt að loka. „Fólk bara einfaldlega lætur ekki bjóða sér að koma ekki hingað, við stjórnum ekki gönguhópunum sem koma hingað og gera göngustíga, við viljum koma kontról á þetta og verja umhverfið“ segir Árni.“

Árni B. Stefánsson hikar ekki við að skrökva að þjóðinni. Þríhnúkagígur var nánast óþekktur þegar þeim Þríhnúkamönnum datt í hug að þeir gætu grætt peninga á honum. Þeir auglýstu gíginn og selja ferðir ofan í hann og eingöngu þess vegna hafa ferðamenn streymt að gígnum undanfarin sumur. Þangað fóru annars engir nema örfáir hella- og klifursérfræðingar. Hafi menn áhyggjur af því að slíkir menn skemmi gíginn er hægt að loka gígopinu rétt eins og gert hefur verið við suma hella. En Árni vill ekki láta loka Þríhnúkagíg því hann ætlar að græða peninga á honum.

Starfsemi Þríhnúka ehf í Þríhnúkagíg undanfarin sumur er þjófstart sem ekki hefði átt að leyfa því fyrirsjáanlegt var að það myndi valda miklum náttúruspjöllum eins og raunin hefur orðið. Leyfisveitendur, þ.á m. Umhverfisstofnun, bera því mikla ábyrgð á spjöllunum.

### Óásættanlegar aðgerðir

Hvað segir Hellarannsóknafélag Íslands? „Hellarannsóknafélag Íslands er alfarið á móti fyrirhuguðum framkvæmdum Þríhnúka ehf. í Þríhnúkagíg og nágrenni. Óafturkræfar aðgerðir sem þessar á einstökum náttúrufyrirbærum eru að okkar mati óásættanlegar og ekki á nokkurn hátt hægt að réttlæta. Við sjáum þetta einfaldlega ekki sem verndunaraðgerð. Þríhnúkagígur er einstakt jarðfræðifyrirbæri á heimsvísu og það er okkar skoðun að fyrirhuguð jarðgöng í gíginn séu ekkert annað en náttúruspjöll af verstu gerð. Jarðgöng sem boruð yrðu inn í ósnortið hraunið og inn í hellinn væri ekki hægt að taka til baka. [...] Við viljum einnig lýsa yfir áhyggjum af spillingu ósnortinna, nærliggjandi svæða sem kunna að verða fyrir skaða við framkvæmd Þríhnúka ehf. Vegum sem fyrirhugað er að leggja að gígsvæðinu er ætlað að liggja yfir Strompahraunið, sem inniheldur fjölda merkilegra hraunhella. [...] Því gæti skaði við vegagerð á svæðinu orðið óbætanlegur fyrir þessa hella.“

Málflutningur Þríhnúkamanna er ófyrirleitinn. Þeir segjast ætla að vernda Þríhnúkagíg og svæðið umhverfis hann með því að leggja þangað veg og bora svo inn í gíginn, sem er innan fólkvangs og þjóðlendu og á vatnsverndarsvæði helmings þjóðarinnar. Í hugum náttúruverndarfólks og ábyrgra aðila eru þetta ekkert annað en hryðjuverk sem verður að koma í veg fyrir.

# Þurfum við betri vinnustaði?

ATVINNA



**dr. Sigrún Gunnarsdóttir**
dósent við HÍ

Getur verið að þrátt fyrir landsþekktan dugnað og vinnusemi gætum við staðið okkur betur í vinnunni? Getur verið að öll seiglan gæti skilað okkur betri vellíðan í vinnu, meiri framleiðni og hagkvæmari rekstri? Ef marka má kannanir undanfarna mánuði eru ýmis ónotuð tækifæri á vinnustöðum hér á landi til að ná betri árangri. Framleiðni almennt er til dæmis minni hér á landi en í öðrum löndum. Á sama tíma hefur þreyta meðal starfsfólks hér sjaldan verið eins áberandi.

Nú er lag að skoða þessar staðreyndir og leita ráða í þekkingarbrunnum. Eitt af því sem fræðimenn hér á landi og erlendis hafa ítrekað bent á er að mikilvægasti þátturinn til að ná árangri á vinnustöðum er stjórnunaraðferðir. Rannsóknir sýna endurtekið að næsti yfirmaður hefur langmest áhrif á það hvernig starfsmanni gengur að vinna störf sín og hvernig starfsmanninum líður í vinnunni. Framhjá þessari staðreynd verður vart gengið. Stjórnun og forysta hafa úrslitaáhrif.

Með þessa staðreynd í huga, að næsti yfirmaður hafi mest áhrif á vellíðan og virkni í vinnu, er nærtækast að horfa þangað eftir leiðum til að bæta árangur vinnustaða hér á landi. Það er líka nærtækast að skoða forystu fyrirtækja og stofnana til að svara ákalli Rannsóknarskýrslunnar um fagmennsku, siðgæði og traust.

### Úrslitaáhrifin

Hvort sem okkur líkar það betur eða verr eru það stjórnendur og leiðtogar sem hafa úrslitaáhrif á framleiðni fyrirtækja og stofnana. Leiðtoginn hefur bein áhrif á að virkja starfsfólk til góðra verka og getur gert starfsfólki kleift að njóta sín í starfi. Ein leið að þessu marki er að líta á stjórnandann og leiðtogann sem þjón. Líta svo á að stjórnandinn hafi fyrst og fremst það hlutverk að skapa aðstæður og samskipti þar sem kraftar og þekking starfsfólks njóta sín. Þetta sé mikilvægara en vegsauki og frami leiðtogans. Hlutverk stjórnandans sé að auka frelsi starfsfólksins eins og kostur er, lyfta starfsfólki upp, gera því kleift að blómstra í starfi og þannig ná árangri sem skilar vellíðan, virkni og framleiðni.

Þegar stjórnandinn lítur á hlutverk sitt sem þjónustu við starfsfólk og fyrirtæki kemur allt annað af sjálfu sér. Þessi orð hafa verið margsönnuð í fyrirtækjum hérlendis og erlendis. Árangur vex, samskipti eru betri, sameiginleg sýn á tilgang verkefna skerpir aga og rekstur verður hagkvæmari. Fyrirtæki sem nota þjónandi forystu (e. servant leadership) í starfsmannamálum, stefnumótum og gæðamálum skila betri afkomu en gengur og gerist og starfsfólki þar líður betur en gengur og gerist.

**➜ Leiðtoginn hefur bein áhrif á að virkja starfsfólk til góðra verka og getur gert starfsfólki kleift að njóta sín í starfi.**

Þann 14. júní næstkomandi gefst tækifæri til að kynnast þessum áhugaverðu hugmyndum í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu þar sem erlendir og hérlendir sérfræðingar ræða um árangursríka stjórnun og farsæl starfsmannamál í ljósi þjónandi forystu. Aðalfyrirlesarinn er Margaret Wheatley sem er höfundur metsölubóka um þessar nýju aðferðir í stjórnun. Nú sem aldrei fyrr eru hugmyndir sem byggja á umhyggju fyrir velferð annarra, siðgæði og samfélagslegri ábyrgð mikilvægar og dýrmætar fyrir uppbygginguna á vinnustöðum og fyrir samfélagið allt.


FALLEGT Í SUMAR
STÓLL 6.990
GARÐSETT
NÝTT
BORÐ 12.990
BEKKUR 19.990
19.990 FLÍSABORÐ
POLITRATTAN 19.990
Áður 29.900
50%
SUMARLEGAR SKÁLAR
990 FLÖSKUR
ÞOLIR -15° C
15.990
Áður 24.900
99.900
DAYS SVEFNSÓFI
Svartur/Grár
MIKIÐ ÚRVAL AF GLÖSUM
POLO U-SÓFI
150x300x206 cm
ÖRFÁ EINTÖK
EINGÖNGU Á SMÁRATORGI
159.900
SNYRTIVARA
3 FYRIR 2
the PIER
GJAFAÖSKJUR
FRÁ 590
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# Á tímamótum

VIÐSKIPTI



Einar Benediktsson
fv. sendiherra

Í efnahagslegu tilliti er öryggi Íslands háð því að stjórnvöld standi vörð um þau markaðs- og efnahagstengsl sem tryggja lífsafkomu þjóðarinnar. Við erum háðari útflutningi en nágrannaþjóðirnar sem eru markaðslönd okkar. Um 87% alls útflutningsins mæta eftirspurn hátekjumarkaða EES-landa og Bandaríkjanna. Í vestræna heimshlutanum eigum við sameiginleg grunngildi frjálsra þjóðfélaga en hluti athafnafrelsis er frjáls viðskipti. Nú er fram undan mótun fríverslunarsvæðis Bandaríkjanna og Evrópusambandsins með Atlantshafssáttmálanum um viðskipti og fjárfestingar (The Transatlantic Trade and Investment Pact–TTIP). Á því svæði er helmingur heimsframleiðslunnar og þriðjungur allra utanríkisviðskipta.

Þátttaka í þessu samstarfi er höfuðnauðsyn fyrir Ísland. Auk arðbærari viðskipta skiptir þetta miklu varðandi fjárfestingar þegar rofa tekur til varðandi skuldastöðuna og afnám greiðsluhafta. Þá þegar njóta Íslendingar sem umsækjendur aðildar að ESB þeirrar velvildar framkvæmdastjórnar þess að geta fylgst náið með þessum samningum.

Takist samningar og ef við ætlum okkur ekki að verða utangarðs í þessu mikla átaki vestrænnar samvinnu, bíður ákvörðun um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Fyrir liggur ítarleg skýrsla um umsókn Íslands um aðild að ESB. Kjarni málsins er að EES-samningurinn hefur runnið sitt skeið og aðildarsamningarnir eru svo langt komnir að eftir eru aðallega landbúnaður og sjávarútvegur. Þá felur aðild í sér upptöku evru og við þurfum sterkari gjaldmiðil. Sú er staðan þegar nýr utanríkisráðherra rýnir fram á við í Evrópumálum, væntanlega í samráði við vinaþjóðir. Þingumfjöllunar verður beðið með eftirvæntingu. Vonandi verður farið að óskum fjölmargra, þeirra á meðal SA og ASÍ, að samningum verði lokið og þjóðaratkvæði ráði varðandi niðurstöður.

Höfundur þessara lína hafði Evrópusamvinnuna lengi að starfi sem embættismaður. Hér er tilefni til að rifja það upp, að fljótt gleymdust deilumálin og almenn sátt varð um þau.

**Hörð barátta**

Hörð pólitísk barátta var um aðildina að EFTA sem Viðreisnarstjórn Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks kom í höfn undir forystu þess mæta manns Gylfa Þ. Gíslasonar. Einn andstæðinga aðildarinnar var Lúðvík Jósepsson, sem tók við sem viðskiptaráðherra af Gylfa 1971. Aðalframkvæmdastjóri þessa gamla EFTA, Sir John Coulson, hafði orðað nokkrar áhyggjur af því við mig sem sendiherra að erfiðlega gæti gengið með þennan nýja liðsmann. Strax kom í ljós að ekki var Ísland síðri samstarfsaðili í ráðherratíð Lúðvíks. Ég minnist mjög góðs samstarfs við hann og Ólaf Jóhannesson, sem kom síðar og hafði setið hjá í afgreiðslu Alþingis um EFTA-aðildina.

Þegar EES-samningarnir fóru af stað voru Sjálfstæðismenn andvígir í því máli í stjórnarandstöðu. Með Viðeyjarstjórn Davíðs Oddssonar

**➜ Þá felur aðild í sér upptöku evru og við þurfum sterkari gjaldmiðil.**

1991 var blaðinu snúið við og utanríkisráðherrann, Jón Baldvin Hannibalsson, sem hafði byrjað samningana, fékk nú Sjálfstæðisflokkinn til liðs um að ljúka því máli. Eins og verið hafði um EFTA, varð mikil orrahríð um EES-samninginn. Um þau mikilvægu skref, bæði EFTA og EES, hefur síðan verið sátt í þjóðfélaginu.

Leiðtogarnir Sigmundur Davíð og Bjarni boða breitt samstarf um mál sem leiða þarf til lykta. Það á ekki hvað síst við um tímamótaákvörðun um aðild að ESB og Atlantshafsbandalagi fríverslunar. Þeirra er nú hið sögulega tækifæri að leiða þau mál til lykta, þjóðinni til góðs og þeim til frama.

Í grein okkar Thomas R. Pickering, fyrrv. varautanríkisráðherra Bandaríkjanna, í mars sl. sem birtist í Fréttablaðinu, New York Times og International Herald Tribune var hvatt til að endurvekja samvinnu Íslands og Bandaríkjanna. Bent var á vaxandi áhuga Kína vegna strategískrar lykilstöðu landsins. Kínverjar bjóða Íslendingum fyrstum Evrópuþjóða fríverslunarsamning, skref til frekari tengsla. En það er ekki þörf á kínverskum fjárfestingum í landakaupum, mannvirkjagerð eða stóriðju á Íslandi eins og þeir stunda á sína vísu í Afríku.

Það sætir stundum furðu annarra hve margvísleg útflutningsstarfsemi er hjá okkar fámennu þjóð. Frekari þróun verður með nánari tengslum í samningum sem nú gefast. Tíminn bíður ekki.

# Þjónn hugsjóna

FORYSTA



Erna Reynisdóttir
áhugakona um þjónandi forystu

Hugmyndafræðin um þjónandi forystu er ekki ný af nálinni. Hún sameinar margar ólíkar stefnur en viljinn til að þjóna og innri styrkur eru meginstoðir þessara fræða. Áhugavert er að skoða hversu mikilvæg þjónandi forysta er þeim sem taka að sér trúnaðarstörf í félagasamtökum.

Félagasamtök geta verið af margvíslegum toga. Undir þau flokkast t.d. íþróttafélög, mannúðarsamtök, stjórnmálaflokkar, góðgerðarfélög og skátar. Leiðtogar félagasamtaka eiga það yfirleitt sameiginlegt að vera sterkir einstaklingar og með brennandi áhuga á viðfangsefninu. En dugar það til? Samkvæmt Robert Greenleaf, upphafsmanni þjónandi forystu, þarf góður leiðtogi að líta á sjálfan sig fyrst og fremst sem þjón og síðan sem leiðtoga. Leiðtoginn er þjónn félagsmanna og/eða starfsfólks og þjónn sameiginlegra hugmynda og hugsjóna.

Fer það saman að vera sterkur einstaklingur og að vera þjónn? Svarið er já því sterkur leiðtogi þekkir sjálfan sig og sína styrkleika og veikleika. Hann hefur kraft til að virkja styrkleika sína og þor til að viðurkenna veikleika sína. Sterkur leiðtogi hefur yfirsýn, teflir saman ólíkum sjónarmiðum og hvetur til gagnrýnnar hugsunar. Hann hlustar á hugmyndir annarra af áhuga og einlægni og kann að sýna auðmýkt án þess að missa virðingu. Hann er opinn fyrir tækifærum og möguleikum, hlustar og ígrundar. Þannig er þjónandi leiðtogi.

**➜ Hugmyndafræði þjónandi forystu á erindi við svo til alla.**

**Hagsmunir heildarinnar**

Einstaklingar sem bjóða sig fram í trúnaðarstörf í félagasamtökum, s.s. formennsku, stjórnir eða nefndir, hafa oftar en ekki þessa eiginleika og þörf þeirra til að láta gott af sér leiða er sterk. Þeir eru drifnir áfram af áhuga á málefninu og leggja oft og tíðum mikið á sig til að árangur náist. Þeir setja hagsmuni heildarinnar framar sínum persónulegum hagsmunum. Fæstir þjónandi leiðtogar vita sjálfir að þeir myndu flokkast sem slíkir enda eðli þeirra að vera með athyglina á málefninu frekar en á þeim sjálfum. Hæfni í mannlegum samskiptum er því eiginleiki sem þjónandi leiðtogi hefur tileinkað sér og þar spilar hæfileikinn til virkrar hlustunar ekki minna hlutverk en hæfileikinn til að tjá sig.

Föstudaginn 14. júní verður haldin alþjóðleg ráðstefna um þjónandi forystu í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Yfirskrift ráðstefnunnar er Menntun – Sköpun og samfélag. Vil ég hvetja sérstaklega þá sem starfa í hvers kyns félagasamtökum til að sækja ráðstefnuna. Hugmyndafræði þjónandi forystu á erindi við svo til alla. En fyrir þá sem starfa í félagasamtökum getur verið einstaklega áhugavert að kynna sér hana og styrkja sig í þeim eiginleikum sem þarf til að ná árangri í samvinnu og samskiptum og þar með vinna sem best að hugsjónum heildarinnar.





Vertu í sterkara sambandi á stærsta farsímaneti landsins

# Raddirnar eru þagnaðar

HEILBRIGÐISMÁL



Ingimar Einarsson
félags- og stjórnmálafræðingur

Á fyrstu árum nýrrar aldar efndi Evrópuskrifstofa Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar til nokkurra málþinga um framtíðarþróun heilbrigðismála. Í Madríd var fjallað um viðbrögð við heilbrigðisvá árið 2003, í Reykjavík var umræðuefnið upplýsingamiðlun í neyðarástandi árið 2004, í Erpfendorf í Austurríki var sjónum beint að öryggi sjúklinga árið 2005, í Amsterdam var viðfangsefnið almenningsþátttaka í ákvörðunum um heilbrigðismál árið 2006 og í Kaupmannahöfn var viðbúnaður gegn heimsinflúensu á dagskrá árið 2007.

**Almenningsþátttaka**

Þessi málþing voru mikilvægir viðburðir sem veittu sérhverju aðildarríki WHO í Evrópu tækifæri til að bera sig saman við önnur ríki í álfunni. Á fundinum í Amsterdam kom greinilega fram að við stjórnun heilbrigðismála síðustu áratugi 20. aldar og á fyrsta áratug þessarar aldar í Evrópu hafi víðast verið lögð áhersla á að tryggja þátttöku hins almenna borgara í bæði einstaklingsbundnum og samfélagslegum ákvörðunum um heilbrigðismál. Þannig hafi rödd almennings heyrst meira en áður, sjúklingar fengið upplýsingar um hvers konar þjónusta væri í boði á hverjum stað og fulltrúum starfsmanna, sem og íbúum nærliggjandi byggðarlaga, verið tryggt sæti í stjórnum heilbrigðisstofnana.

**Réttindi sjúklinga**

Á fundinum í Amsterdam árið 2006 gerði ég grein fyrir því að líkt og annars staðar í Evrópu hefði almenningsþátttaka í stjórnun heilbrigðisstofnana á Íslandi og starfsemi sjúklingafélaga farið vaxandi. Lög um réttindi sjúklinga, sem tóku gildi 1. júlí 1997, hefðu verið mikilvægur áfangi í að tryggja aukin réttindi sjúklinga. Sjúklingafélög og margvísleg önnur frjáls félagasamtök gegndu jafnframt mikilvægu hlutverki í heilbrigðisþjónustunni. Ekki aðeins varðandi fjáröflun og tækjakaup, heldur einnig hvað varðar ýmiss konar stuðning við einstaka sjúklingahópa. Það vakti því nokkra athygli þegar fram kom á málþinginu að stjórnir flestra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á Íslandi hefðu þá nýlega, eða árið 2003, verið lagðar niður. Þátttakendur í málþinginu töldu að slíkt kynni ekki góðri lukku að stýra.

Framkvæmdastjórnir taka yfir

Í framhaldi af samþykkt nýrra laga á Íslandi um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 leystu framkvæmdastjórnir heilbrigðisstofnana endanlega af hólmi hinar hefðbundnu stjórnir stóru sjúkrahúsanna. Hinar eiginlegu stjórnir heilbrigðisstofnana ganga nú undir nafninu framkvæmdastjórn og í þeim eiga sæti forstjóri, framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirmenn. Framkvæmdastjórnunum er nú nánast í sjálfsvald sett að boða til upplýsinga- og samráðsfunda með starfsmönnum, auk þess sem þeim er aðeins ætlað að leitast við að upplýsa sveitastjórnir og notendur heilbrigðisþjónustu í viðkomandi umdæmi um starfsemi stofnunarinnar. Ekki fer miklum sögum af slíkum fundum.

**➜ Þær raddir fagfólks, sjúklinga og almennings sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin lýsti eftir á fyrsta áratug þessarar aldar eru þagnaðar hér á landi.**

**Heimatilbúinn vandi?**

Í ljósi þessara staðreynda vaknar óhjákvæmilega sú spurning hvort krísan sem íslenska heilbrigðiskerfið hefur gengið í gegnum hin síðustu ár sé ekki að einhverju leyti heimatilbúinn vandi. Niðurskurður á fjárveitingum hefur vissulega sett allri starfsemi tilteknar skorður en á sama tíma hafa heilbrigðisþjónustunni ekki verið sett nægjanlega metnaðarfull markmið eða pólitísk umfjöllun um málefni hennar staðið undir nafni. Enginn alþingismaður eða fulltrúi hinna pólitísku flokka á lengur sæti í stjórnum heilbrigðisstofnananna, enda hafa þær vikið fyrir hinum svonefndu framkvæmdastjórnum á hverjum stað. Fulltrúar starfsmanna og sveitarfélaga hafa heldur ekki lengur beinan aðgang að stjórnum stofnananna. Þær raddir fagfólks, sjúklinga og almennings sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin lýsti eftir á fyrsta áratug þessarar aldar eru þagnaðar hér á landi.







# Af kandídötum og kjarasamningsbrotum

KJARAMÁL



**Ómar Sigurvin**
formaður Félags almennra lækna

Nú í upphafi sumars útskrifast um 50 læknakandídatar úr sex ára háskólanámi. Að námi loknu halda þeir í kandídatsnám í eitt ár, til þess að hljóta fullt lækningaleyfi og fer það fram með fullri vinnu í 12 mánuði á viðurkenndum heilbrigðisstofnunum. Þessir læknakandídatar hafa breiðan og góðan bakgrunn, eru vel að sér og hafa til að mynda skorað langt yfir meðaltali á stöðluðu bandarísku lokaprófi. Margir þeirra hafa einnig unnið töluvert með námi, á mismunandi sviðum og stofnunum. Þetta er að mínu mati gríðarlega eftirsóknarverður starfskraftur.

Því vakti það furðu mína að lesa ummæli forstjóra Landspítalans á forsíðu Fréttablaðsins 3. júní. Þar talar hann um að kandídatar séu „í allt annarri stöðu en venjulegir starfsmenn spítalans" og að „staða þeirra sé ekki sambærileg stöðu annars starfsfólks".

Læknakandídatar ráða sig á stofnunina sem starfsmenn líkt og aðrir „venjulegir" starfsmenn. Vissulega eru þeir í starfsnámi og samkvæmt reglugerð um kandídatsnámið skal þeim tryggð skipulögð kennsla, handleiðsla og fræðsla en undanfarið hefur verið mikill misbrestur á því. En hvað er það sem gerir kandídata „óvenjulega" starfsmenn? Er það vegna þess að búnings- og starfsaðstaða þeirra er mjög bágborin og ekki í takt við lög um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustað? Hugsanlega skera þeir sig úr þar sem grunnlaun þeirra eru lægst af háskólastéttum miðað við lengd námsins og hafa einungis hækkað um rúm 8% frá 2007 á sama tíma og laun annarra háskólastétta hafa hækkað um 28-43%.

### Fá litla aðlögun

Þegar þeir koma til starfa á LSH fá þeir litla aðlögun að flóknu starfi, og á sumum sviðum er sú aðlögun ekki launuð. Þeir þurfa að skipta oft um svið og deildir, þar sem vinnulag er ólíkt en oftast liggja ekki fyrir starfslýsingar fyrir starf þeirra og sést það á því að 47% segjast aðspurð ekki vita til hvers er ætlast af þeim í starfi. Er það ástæðan fyrir því að þeirra staða er ólík stöðu annarra starfsmanna? Þeir vinna undir gífurlegu álagi og skila fjölmörgum vinnustundum á viku, oft umfram hámarksvinnutíma, sem er 48 stundir. Er það ástæðan? Eða er ástæðan hugsanlega sú að þeir vinna ólaunaða yfirvinnu til að ljúka verkefnum sem ekki næst að ljúka við á dagvinnutíma vegna stöðugrar undirmönnunar?

Einungis 12% þeirra kandídata sem svöruðu starfsumhverfiskönnun LSH 2012 sögðust geta klárað verk sín svo fullnægjandi væri og 76% þeirra upplifa líkamleg og andleg álagseinkenni vegna starfsins. Hefur þetta valdið því að læknakandídatar eru ein óánægðasta stétt LSH frá 2010. Á þetta hefur verið bent, en lítið um viðbrögð frá stjórnvöldum og yfirstjórn spítalans.

### Þversagnakennt

Það er nokkuð þversagnakennt að stofnun sem ætlað er að vera leiðandi í heilbrigðisþjónustu og einn besti vinnustaður landsins hafi ekki áhuga á að bregðast við þessum rauðu flöggum. Má benda á að í nýgerðum stofnanasamningi við hjúkrunarfræðinga var skipaður starfshópur til að bregðast við niðurstöðum starfsumhverfiskönnunar varðandi vinnu- og starfsumhverfi þeirrar stéttar, en ekki ber á slíku í tilfelli kandídata eða annarra lækna.

**→ Í mörgum tilfellum hefur spítalinn ekki farið eftir kjarasamningsákvæðum nema að undangengnu dómsmáli, og er það miður.**

Því miður hefur þetta viðhorf stofnunarinnar leitt til þess að færri almennir læknar og sérfræðingar sækja í störf þar og stöðugt fleiri lækna halda utan til starfa, að hluta til eða alveg. Nú er svo komið að þeir kandídatar sem útskrifast í sumar hafa gert stofnuninni það ljóst að þeir sjá sér ekki fært að koma til starfa við óbreyttar aðstæður. Hafa þeir óskað eftir samstarfi við spítalann varðandi úrlausnir vegna starfsaðstæðna, mönnunar, kennslu, álags og launa. Ég vona að það samstarf verði lausnamiðað, til þess að komist verði hjá því að missa af þessu frábæra starfsfólki, enda myndi slíkt hafa mikil áhrif á starfsemi spítalans, sem glímir nú þegar við undirmönnun á ýmsum sviðum.

Ekki er hægt að fjalla um forsíðufréttina og ummæli forstjórans án þess að minnast á lokaorðin: „Spítalinn virðir kjarasamninga og hefur alltaf gert". Fjölmörg dæmi bera vott um annað. Hér nefni ég örfá dæmi sem ég tel að misbrestur hafi orðið á, án þess að fara út í smáatriði; brot á frítökuréttarákvæðum, brot á vinnutímatilskipun, brot á kjarasamningsbundnum réttindum vegna veikinda barna, röng röðun í launatöflur og misbrestur á greiðslu fyrir unna yfirvinnu svo fátt eitt sé nefnt. Í mörgum tilfellum hefur spítalinn ekki farið eftir kjarasamningsákvæðum nema að undangengnu dómsmáli, og er það miður.

Ég tel að skilja megi orð forstjórans svo að spítalinn hyggist bæta úr þessum málum og gæta þess í hvívetna að virða gerða kjarasamninga!

# Hagsmunir Reykvíkinga

SKIPULAG



**Björn B. Björnsson**
íbúi í Reykjavík

Ástæða mótmæla gegn áformum borgaryfirvalda um að breyta deiliskipulagi á þann veg að leyfilegt verði að byggja risahótel á Landssímareitnum er sú að bygging hótelsins er andstæð hagsmunum borgarbúa.

Bygging hótelsins mun valda skaða á Ingólfstorgi, Austurvelli, í Kirkjustræti og Fógetagarðinum, auk þess sem Nasa-salurinn verður rifinn – og við sitjum uppi með óleyst umferðarvandamál.

Hagsmunir lóðareigandans eru þeir að fá að byggja hótel því með því hámarkar hann gróða sinn í þessum viðskiptum en það eru ekki einu hagsmunirnir sem taka þarf tillit til. Ef við horfum á málið út frá hagsmunum borgarbúa (og annarra landsmanna) lítur dæmið svona út:

1. Það þjónar ekki hagsmunum Reykvíkinga að Nasa-salurinn verði rifinn.
2. Það þjónar ekki hagsmunum Reykvíkinga að í stað Nasa-salarins komi há bygging sem ber gamla Kvennaskólann ofurliði (og veldur skuggavarpi á Austurvelli).
3. Það þjónar ekki hagsmunum Reykvíkinga að snúa af þeirri braut að á Ingólfstorgi séu gömul hús á þrjá vegu.
4. Það þjónar ekki hagsmunum Reykvíkinga að skemma Landsímahús Guðjóns Samúelssonar með kvistum eftir endilöngu þakinu.
5. Það þjónar ekki hagsmunum Reykvíkinga að byggja viðbyggingu við viðbyggingu Landsímahússins alveg að Kirkjustræti og loka þannig fallegu útsýni milli Austurvallar og Fógetagarðs.
6. Það þjónar ekki hagsmunum Reykvíkinga að taka morgunsólina úr Fógetagarðinum með þessari viðbyggingu.

**→ Niðurstaðan er sú að það sé andstætt hagsmunum Reykvíkinga að reist verði hótelbygging á þessum stað.**

7. Það þjónar ekki hagsmunum Reykvíkinga að afhenda einkaaðila endurgjaldslaust stíginn milli Ingólfstorgs og Fógetagarðs til að byggja á og yfir. Borgarbúar eiga að geta gengið þennan stíg án þess að þurfa fara í gegnum hótel eða annað fyrirtæki.
8. Það þjónar ekki hagsmunum Reykvíkinga að auka skuggavarp á Austurvelli (með hárri byggingu þar sem Nasa-salurinn er nú, kvistum ofan á Landsímahúsinu og viðbyggingu við viðbygginguna á Landsímahúsinu).
9. Það þjónar ekki hagsmunum Reykvíkinga að draga alla þá umferð sem fylgir stóru hóteli inn á viðkvæmasta stað miðborgarinnar við Alþingishúsið og Austurvöll.
10. Það þjónar ekki hagsmunum Reykvíkinga að þrengja að Alþingi, aðgengi þess og öryggi eins og þingið hefur bent á í mótmælum sínum gegn þessum áformum.

Niðurstaðan er sú að það sé andstætt hagsmunum Reykvíkinga að reist verði hótelbygging á þessum stað og það er skylda borgarfulltrúa, hvar í flokki sem þeir eru, að standa vörð um hagsmuni borgarbúa.

Mótmælafundur gegn þessum áformum verður haldinn á Austurvelli á laugardaginn kl. 14.00.

# Blóðgjafar gefa líf

HEILBRIGÐISMÁL



**Jórunn Frímannsdóttir**
deildarstjóri, Blóðbankinn blóðsöfnunardeild

Blóðgjafahópur Blóðbankans á landinu öllu er um 10.000 manns, en blóðgjafar eru á aldrinum 18–70 ára.

Til þess að viðhalda blóðgjafahópnum í þeirri stærð sem nauðsynleg er þarf Blóðbankinn að fá um 2.000 nýja blóðgjafa á ári. Við fyrstu komu í Blóðbankann er farið yfir heilsufarssögu, mældur blóðþrýstingur og púls og tekin blóðsýni. Á blóðsýnum eru gerð blóðflokkun, veiruskimun, járnbirgðamæling og almenn blóðrannsókn. Ef niðurstöður blóðrannsókna eru í lagi getur einstaklingurinn komið aftur eftir 14 daga og gefið blóð í fyrsta sinn. Karlar mega gefa blóð á þriggja mánaða fresti og konur á fjögurra mánaða fresti.

Blóðgjafahópurinn er í stöðugri endurnýjun. Það eru ýmsar ástæður fyrir því að einstaklingur getur ekki gefið blóð hvort sem er tímabundið eða til lengri tíma. Helstu ástæður eru ferðalög, lyfjataka, veikindi og sjúkdómar, lífsstílstengd hegðun og járnskortur.

Vert er að hafa í huga að sjúkdómar geta borist frá blóðgjafa til blóðþega. Jafnvel þótt blóðgjafi finni ekki mikil einkenni, t.d. vegna frunsu eða kvefs, getur blóðþegi með skert ónæmiskerfi veikst alvarlega við blóðgjöf frá slíkum einstaklingi. Lyf sem blóðgjafi tekur geta líka skaðað blóðþegann, t.d. sýklalyf eða verkjalyf. Einnig geta lyf haft áhrif á viðbrögð líkamans við blóðgjöf. Því er afar mikilvægt að fara vel yfir þessi atriði við hverja blóðgjöf og láta hjúkrunarfræðing vita.

### Mikilvægi sjálfboðaliða

Blóðbankinn er banki sem alltaf verður að hafa næga innistæðu. Það er þó ekki sjálfgefið að alltaf séu til nægar blóðbirgðir í Blóðbankanum. Þar kemur tryggur blóðgjafahópur til skjalanna. Blóðgjafar koma sjálfviljugir til okkar og gefa 450 ml blóðs í hvert sinn, eða um 10-15% þess blóðmagns sem einstaklingur hefur að jafnaði. Fæstir finna til nokkurra óþæginda eftir blóðgjöf og margir reglulegir blóðgjafar tala reyndar um að þeim líði sérstaklega vel á eftir. Ef ekki væri fyrir alla þessa sjálfboðaliða sem koma reglulega í Blóðbankann gæti Blóðbankinn ekki rækt hlutverk sitt, sem er m.a. að útvega alla þá blóðhluta sem meðferð sjúkdóma og slysa krefst.

Einstaklingur getur gerst blóðgjafi við 18 ára aldur og sumir bíða þess í ofvæni að geta byrjað að gefa blóð. Það eru yfirleitt einstaklingar sem hafa áður fylgst með foreldrum sínum gefa blóð eða eiga ættingja sem hafa þurft á blóðgjöf að halda.

### Blóðbankabíllinn

Blóðbankinn á einn stóran blóðsöfnunarbíl. Í bílnum eru fjórir blóðtökustólar, setustofa fyrir blóðgjafa, móttaka og viðtalsherbergi, auk kaffiaðstöðu fyrir starfsfólk. Það er notalegt andrúmsloft í bílnum, getur verið þröngt á þingi en léttur og skemmtilegur andi. Blóðbankabíllinn er afar mikilvægur liður í því að auðvelda blóðgjöfum að koma til okkar. Við náum í marga nýja blóðgjafa í gegnum

**→ Blóðbankinn er banki sem alltaf verður að hafa næga innistæðu. Það er þó ekki sjálfgefið að alltaf séu til nægar blóðbirgðir...**

blóðbankabílinn. Við förum víða með bílinn, s.s. fyrir utan framhaldsskóla, stofnanir, verslanir og fyrirtæki, og gerum okkar ýtrasta til að vekja athygli á því í nágrenninu. Bíllinn fer auk þess víða um landið bæði að vori og hausti, þegar þetta er skrifað er bíllinn í Grundarfirði. Það er þó eitt af okkar markmiðum að fá annan minni bíl sem ætti auðveldara með að ferðast um landið og gæti t.d. þjónað Norðaustur- og Suðausturlandi betur og komist til Vestmannaeyja. Auðvelt er að fylgjast með því hvar bíllinn er á vef okkar www.blodbankinn.is.

Nú er sumarið fram undan og fólk mikið að ferðast og rútínan breytist. Það breytir ekki stöðu okkar og við þurfum að geta rækt hlutverk okkar. Sjúkdómar og slys gera ekki boð á undan sér hvort sem er sumar, vetur, vor eða haust.

Fimmtudaginn 13. júní verður mikið um að vera hjá okkur í Blóðbankanum. Þá er Alþjóðlegi blóðgjafadagurinn og ætlar Blóðgjafafélag Íslands að standa fyrir ýmsum uppákomum af því tilefni. Til dæmis mun Bangsaspítalinn vera í tjaldi fyrir utan Blóðbankann.

Láttu ekki þitt eftir liggja og komdu við hjá okkur í Blóðbankanum eða Blóðbankabílnum og kannaðu hvort þú getir orðið blóðgjafi.

# Þrískipt valdníðsla

VALDNÍÐSLA



**Einar Guðmundsson**
geðlæknir

Þrískipting valdsins, ríkisstjórn, Alþingi og Hæstiréttur, byggist á gömlum erlendum hugmyndum um að valddreifing dragi úr, eða jafnvel hindri valdníðslu hins opinbera gagnvart almenningi. Þessar hugmyndir vaxa fram í samfélögum, sem þó bjuggu við eins konar þrískiptingu valdsins, þ.e. konungur, aðall og kirkjan. Þessar þrjár stofnanir þeirra tíma stunduðu víða þvílíka valdníðslu, samkrull og spillingu að almenningur þurfti að rísa upp með byltingu og minna á, að allt vald er almennings og að öll opinber embætti eru almenningi til þjónustu.

Áréttað var að almenningur er ekki þjónar yfirstéttar og embættismanna, heldur öfugt. Þrískipting valds í Lýðveldinu Ísland hefur því miður ekki getað varið almenning nægjanlega fyrir valdníðslu, samkrulli og spillingu valdsins þrátt fyrir góðan ásetning.

Á síðustu árum hefur hið þrískipta vald á Íslandi stundað valdníðslu með eftirminnilegum hætti og eru dæmin því miður fleiri en hér verða tekin. Má þar fyrst nefna valdníðslu framkvæmdarvalds þegar tveir ráðherrar upp á sitt eindæmi brutu eina af helgustu siðareglum þessarar þjóðar, sem er; að Ísland fari aldrei með hernaði á hendur annarri þjóð. Hér er auðvitað átt við stuðning við Íraksstríðið. Í öðru lagi má nefna valdníðslu löggjafarvaldsins, sem í fornum anda aðalsmanna skenkir sér yfirstéttareftirlaun, algerlega úr samhengi við eftirlaun almúgans. Nýlega varð svo þjóðin átakanlega vör við valdníðslu dómsvaldsins, þegar Hæstiréttur felldi úr gildi skýran vilja þjóðarinnar, sem komið hafði fram

**→ Við vitum að bak við valdníðslu býr venjulega valdhroki...**

í kosningum til stjórnlagaráðs. Þar velur Hæstiréttur að hengja sig í minniháttar tæknilega ágalla kosninganna, sem enginn hefur þó fært haldbær rök fyrir að hafi haft einhver áhrif á lokaniðurstöðuna. Þannig hunsar Hæstiréttur þjóðarviljann.

### Féll á prófinu

Það er ekki oft, sem Hæstarétti er falið að fjalla um mál, sem þjóðin hefur tjáð sig um, og ekki er hægt að segja annað en að Hæstiréttur hafi fallið illa á prófinu. Aldrei fyrr hafa kenningar um að Hæstiréttur geti ekki verið hlutlaus vegna tengsla dómaranna við einn og sama stjórnmálaflokk fengið slíkan meðbyr.

Engin af ofannefndum dæmum hafa orðið almenningi til góðs, nema síður sé. Hvernig gat þessi valdníðsla átt sér stað? Við vitum að bak við valdníðslu býr venjulega valdhroki, eða í besta falli heimska. Það, að ekki hefur verið tekið á ofannefndu, bendir til óeðlilegs samkrulls hins þrískipta valds. Langlundargeð íslensku þjóðarinnar er mikið. Auðvitað verður að lokum tekið á spillingu og valdníðslu í íslenskum stjórnmálum, en varla í fyrirsjáanlegri framtíð, kannski ekki á þessari öld. Margir óttast hins vegar að aðild að ESB gæti takmarkað svigrúm hinna spilltu. Þeir munu hafna aðild óháð niðurstöðu samninga og tryggja sér þannig óbreytt ástand enn um sinn. Innst inni held ég þó að við séum öll sammála um að spillingu og valdníðslu eigi ekki að líða, en það er mismunandi djúpt á því hjá okkur.



**HÖNNUÐUR TJÁIR SIG**
**Fyrsta viðtalið við John Galliano eftir að honum var sagt upp með skömm hjá Dior birtist nýlega í Vanity Fair. Þar lýsir hann eiturlyfjafíkn sinni og eftirsjá.**


NÝR SUMARLITUR !
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
Laugardaga frá kl. 10-14
Vertu vinur
vel fylltur í B,C skálum á **kr. 5.800,-** buxur í stíl á **kr. 1.995,-**





iittala
KAUPAUKI
Verslaðu fyrir 15 þús. eða meira af iittala vörum, þá fylgir kaupauki.
Alvar Alto skál, glær 98 mm.
*Alvar Alto skál, glær 98 mm*
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



Ný buxnasending frá Dranella
Frábær snið
Stretch buxur
Háar í mittið
Stærðir 34-46
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777
Vertu vinur okkar á facebook






**SLÁ FYRIR KLINK** Sara keypti rauðu slána á fatamarkaði á kostaprís.
MYND/STEFÁN

# HLÝJAR YFIRHAFNIR

**KULDASKRÆFA** *Sigurlaug Sara klæðir sig vel, því þótt sumarið sé komið að nafninu til er allra veðra von á Íslandi.*

Sigurlaug Sara Gunnarsdóttir segir að falleg yfirhöfn sé ómissandi í fataskápinn í íslenska sumarveðrinu. „Veðrið er eitthvað að rugla í okkur Íslendingum þessa dagana og ég er mikil kuldaskræfa, svo yfirhafnir eru í uppáhaldi,“ segir Sara en hún valdi þrjár sem eru í eftirlæti hjá henni til að sýna Fréttablaðinu.

Rauða sláin er í miklu uppáhaldi hjá Söru en hún notar hana við ýmis tækifæri. „Ég keypti hana af Elmu Lísu leikkonu á fatamarkaði fyrir klink,“ segir Sara. „Mér þykir hún virkilega falleg og glæsileg flík sem ég nota jafnt við fín tilefni sem og hversdags.“

Þessa dagana vinnur Sara sem ljósamaður í Borgarleikhúsinu, auk þess sem ▶




Reverie®
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Fyrsta sending seldist strax upp!
Kíktu á www.reverie.com
RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED
- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Gerðu gæða- og verðsamanburð
Frábært tilboð fyrir þá sem bíða eftir næstu sendingu
REVERIE 7S Supreme 2 x 90x200 cm
Verð áður kr. 569.900.-
**Verð nú kr. 499.900.-**
REVERIE 3E Essential 2 x 90x200 cm
**Verð kr. 399.900.-**
*3.5% lántökugjald
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Fimm stjörnu verslun
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Nafnspjöld leturprent
Sími 533 3600 - leturprent@leturprent.is

INCA og MITU prjónagarn
15% afsláttur til 14. júní
Útsöluhornið á sínum stað
Amma mús – handavinnuhús
Ármúla 18, 108 Reykjavík • Sími 511 3388
Opið mán - fös 9 - 18



MIKIÐ ÚRVAL AF AÐHALDSFATNAÐI

Stærðir 40-56
Verslunin Belladonna á Facebook
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is




Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt að leika sér

# STÖKKPALLUR FYRIR HÖNNUÐI

**E-LABEL KYNNIR** *Verslunin E-label var opnuð í Smáralind í maí. Hún er fyrsta verslunin sem eingöngu selur íslenska hönnun sem opnuð er í verslunarmiðstöð hér á landi. Með því er ætlunin að ná til breiðari hóps.*

Verslunin E-label selur íslenska hönnun fyrir konur á öllum aldri, en merkið var stofnað árið 2007. Verslunin, sem er í samstarfi við Fashion Academy Reykjavík og Elite model, hefur lengst af verið til húsa að Laugavegi 32 en í síðasta mánuði var önnur verslun opnuð, í Smáralind. Það er fyrsta verslunin sem selur eingöngu íslenska hönnun sem er opnuð í verslunarmiðstöð hér á landi. „Með því vonumst við til að ná til breiðari hóps," segir Þórunn Jónsdóttir, sem rekur fyrirtækið ásamt listræna stjórnandanum Elmu Backman.

E-label fötin eru létt og þægileg, tímalaus og á sanngjörnu verði. Það fást kjólar sem má nota hversdags en er líka auðvelt að dressa upp með jakka eða skarti. Eins fást leðurjakkar, -buxur og –pils, fínni kjólar, mynstraðar buxur og ýmsir fylgihlutir. „Fötin eru hugsuð fyrir konur á framabraut. Þær þurfa engu að síður að geta sinnt fjölskyldu og börnum, lagst í gólfið með börnunum en mætt á fund korteri seinna. Þess vegna er lögð áhersla á að fötin séu lipur og þægileg," lýsir Þórunn.

Ungum íslenskum hönnuðum gefst kostur á að vinna undir merkjum E-label. „Við erum ekki með fasta hönnuði í vinnu en kaupum teikningar. Hönnuðir eiga línurnar gjarnan teiknaðar en geta ekki komið þeim í framleiðslu. Við viljum gefa þeim tækifæri til þess og vera eins konar stökkpallur. Nú erum við til dæmis að vinna með fatahönnuðinum Hörpu Einars og kemur sumar- og haustlína frá henni í verslanir okkar í júlí," segir Þórunn. Vörumerkið er í stöðugri þróun og segir Þórunn spennandi tíma fram undan fyrir íslenska hönnuði.



**FYRIR KONUR Á FRAMABRAUT** Fötin eru létt, þægileg og tímalaus.

▶ hún vinnur að verkefni um sjálfsmynd ásamt vinkonu sinni, Hallfríði Þóru. Þess á milli stendur hún í sumarhreingerningum á heimilinu. „Ég er reyndar skeptísk á þessa tiltekt þar sem sumarið er hvergi sjáanlegt. Kannski ég hætti bara að taka til og fari að gera eitthvað skemmtilegt," segir Sara kímin.

Þegar kemur að fatakaupum er Sara enginn nýgræðingur, þó þolinmæðin sé ekki alltaf með henni í liði. „Ég heillast mest af mörkuðum og búðum sem selja notuð föt, en ég á það til að kíkja bara hring án þess að versla neitt. Annars versla ég helst í búðum eins og Topshop, H&M og Urban Outfitters." Sara segist ekki sjá sérstaklega eftir neinum fatakaupum en segir að hún falli þó stundum í þá gryfju að kaupa föt í útlöndum bara af því þau eru svo ódýr, og nota þau svo aldrei. „Ætli bestu kaupin sem ég hef gert séu ekki regnkápan mín sem ég keypti árið 2006," segir Sara. „Hún er sérstaklega hentug hér heima á dögum sem þessum þegar sól, snjór, rigning og rok kíkja öll í heimsókn á svipuðum tíma."

Mokkajakkann keypti Sara í Topshop árið 2010 en hann hefur ferðast með henni víða. „Ég tók hann með mér til Danmerkur og New York og hann kemur alltaf með mér í útilegur hér heima. Þessi jakki hefur haldið á mér hita á strembnum vetrardögum," segir Sara.



**JAKKAR Í UPPÁHALDI** „Svarti jakkinn er sparijakkinn minn, en ég hef mikið dálæti á hönnun Birtu í Júníform," segir Sara. Mokkajakkann tekur hún með sér í ferðalög.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# EBBA GUÐNÝ Á MIÐNÆTUROPNUN SMÁRALINDAR




VIA-HEALTH

**Stevia**

NÁTTÚRULEG SÆTA

EBBA GUÐNÝ KYNNIR STEVÍU
Á MIÐNÆTUROPNUN SMÁRALINDAR
Í KVÖLD FRÁ 19–21

**STEVÍA**
- NÁTTÚRULEG SÆTA
- HITAEININGALAUS
- HEFUR EKKI ÁHRIF Á BLÓÐSYKUR
- LÍFRÆNT RÆKTUÐ
- KEMUR Í STAÐ SYKURS
- SKEMMIR EKKI TENNUR

# HEITT HAUST HJÁ M&S




Tískuheimurinn hyllir nú framsækna stefnu breska fatarisans Marks & Spencer eftir að hafa fengið smjörþefinn af því sem koma skal í haust- og vetrarfatnaði fyrirtækisins. Marks & Spencer hefur strítt við þverrandi hagnað á liðnum árum og hyggst nú sækja fram með meiri gæðum, fágaðri hönnun og auknu úrvali af mikils metnum vörumerkjum í kvenfatnaði.

Marks & Spencer verður 130 ára á næsta ári og er umsvifamesti fatasmásali Bretlandseyja, með verslanir víða um heim.

Í dag verður obba breskra tískufjölmiðla sýnd dýrðin sem líta mun dagsins ljós í verslunum M&S í júlí en ritstjórar helstu blaða hafa þegar séð flottheitin og lagt blessun sína yfir þau. Þannig hafa virt dagblöð á borð við The Times, Daily Mail og Guardian keppst við að hrósa haust- og vetrarlínu Marks & Spencer. Þau segja hana koma ánægjulega á óvart, eiga eftir að sjást á hinum ríku og frægu og að nú sé M&S loksins komið í slaginn aftur. Það verður því spennandi að sjá hverju fram vindur.

**HÁTÍSKUBORG** Það verður spennandi að kíkja við í Marks & Spencer um mitt sumar fyrir ferðalanga til bresku heimsborgarinnar Lundúna og víðar.


SUMARDAGAR

15% afsláttur
af sumarvörum

BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770



NÝTT !
Töfrasjöl í fjórum litum




Amma mús – handavinnuhús
Ármúla 18, 108 Reykjavík • Sími 511 3388
Opið mán - fös 9 - 18



Við skutlum Júlíu heim

Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu

Póstdreifing

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn einelti.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi


# PROENZA SCHOULER HREPPTI VERÐLAUN

**TÍSKA** *Hönnuðirnir Proenza Schouler, Lazaro Hernandez og Jack McCollough voru útnefndir hönnuðir ársins á CFDA-verðlaunahátíðinni í New York í vikunni, fyrir hönnun á kvenfatnaði.*

CFDA-verðlaunahátíðin er einn af hápunktum ársins í bandaríska tískuheiminum. Þar koma saman helstu tískuhönnuðir og tískublaðamenn auk einlægs áhugafólks um tísku.

Veitt eru verðlaun fyrir framúrskarandi framlag til bandarískrar tísku í mismunandi flokkum. Til dæmis í flokki hönnunar á kvenfatnaði, karlmannafatnaði og fylgihlutum. Einnig fyrir framlag til blaðamennsku og hugsjónastarf. Þá veitti Hillary Clinton hönnuðinum Oscar de la Renta stofnandaverðlaunin.

Eftirsóttustu verðlaunin eru „Hönnuður ársins í kvenfatnaði“ en að þessu sinni voru það hönnuðir Proenza Schouler, Lazaro Hernandez og Jack McCollough, sem hlutu hnossið. Hér að neðan má sjá hluta af haustlínu þeirra sem sýnd var á tískuvikunni í New York í febrúar.



**HÖNNUÐIR PROENZA SCHOULER** Lazaro Hernandez og Jack McCollough.

# LISTAGYÐJUR UPP Á ARMINN

*Tískuhönnuðir flykktust á CFDA-verðlaunaathöfnina í New York í vikunni. Nokkrir þeirra mættu með uppáhalds músur sínar upp á arminn sem veitt hafa þeim andagift í gegnum tíðina. Gyðjurnar voru að sjálfsögðu klæddar í klæði eftir hönnuðina sjálfa.*



**ZAC POSEN OG LEIKKONAN JULIETTE LEWIS**




MIÐNÆTUROPNUN
Í SMÁRALIND:
NÝJUSTU NIKE FREE SKÓRNIR KOMNIR
20% AFSLÁTTUR Í DAG
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR.
UPPÁKOMUR UM KVÖLDIÐ Í BOÐI NIKE. TAKTU ÞÁTT Í TRENDINU:
#TRENDNIKE
VEGLEGIR VINNINGAR Í BOÐI FYRIR FALLEGUSTU NIKE MYNDIRNAR.
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is



**ANDREA MAACK** Hefur sent frá sér sex mismunandi ilmi fyrir karla og konur síðustu þrjú ár.

## ILMUR Í HAFNARHÚSI

**ILMUR ANDREU OG HUGINS**

**Listamennirnir Andrea Maack og Huginn Þór Arason leiða saman hesta sína í sýningunni Kaflaskipti sem nú stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi. Andrea hefur sent frá sér sex mismunandi ilmi fyrir karla og konur síðustu þrjú ár og sýningin byggir á reynslu Andreu sem myndlistarmanns sem vinnur með ilm í list sinni en einnig á áhuga Hugins Þórs á umbyltingu á hlutverki sýningarsalarins.**

**Sýningin hverfist um ilm sem er sérstaklega hannaður fyrir sýninguna. Ilminum er ætlað að fanga kjarna listasafns fjarlægrar framtíðar og var unninn af ilmvatnsframleiðanda í Frakklandi. Framleiðandinn vann ilminn upp úr orðalista sem listamennirnir settu saman út frá samræðum um framtíð listasafna.**

**Sýningin stendur til 1. september.**

# ÞAÐ SEM VIÐ VILJUM VITA

*TÍSKA Hönnunarfyrirtækið Spaksmannsspjarir fagnar tuttugu ára starfsafmæli og stendur fyrir fræðslukvöldum í versluninni fyrsta fimmtudagskvöld hvers mánaðar í sumar. Fyrsta fræðslukvöldið er í kvöld.*

Það verður allavega ekkert talað um barnauppeldi eða taubleiur á þessum kvöldum. Við erum hættar því. Í kvöld koma höfundar bókarinnar Markþjálfun – vilji, vit og vissa," segir Björg Ingadóttir sposk þegar hún er spurð út í fimmtudagsuppákomur Spaksmannsspjara, en þær Vala Torfadóttir, hönnuðir og eigendur verslunarinnar, standa fyrir fræðslukvöldum í búðinni fyrsta fimmtudagskvöld hvers mánaðar í sumar. Fyrsta uppákoman er í kvöld milli klukkan 20 og 22.

„Okkur fannst upplagt að nýta skemmtilega staðsetninguna og húsnæðið til að kynnast einhverju sem við höfum áhuga á og viljum vita meira um. Kvöldin munu ekkert bara snúast um föt eða tísku, miklu frekar lífsstíl, mat og ferðir og fleira skemmtilegt. Fólk bara kíkir við," segir Björg.

Uppákomurnar eru að hluta til haldnar í tilefni þess að þær stöllur fagna tuttugu ára starfsafmæli Spaksmannsspjara í ár sem þær eru stoltar af.

„Það er auðvitað stórmerkilegt að ná þessum áfanga í sjálfu sér. Við erum allavega með þeim elstu í þessum bransa sem starfað hafa samfellt. Í augnablikinu man ég ekki eftir öðrum en 66 Norður," bætir hún við og reiknar með að Spaksmannsspjarir sé komið til að vera um ókominn ár.

„Þetta hefur verið ofsalega skemmtilegur tími. Það liggur í eðli hönnunar að maður er alltaf að reyna að bæta sig og endurskoða, taka sig í gegn. Þetta verður aldrei rútína. Nú erum við að fá inn nýja kynslóð viðskiptavina og dætur fyrstu kúnnanna eru líka að koma til okkar, sem er ótrúlega skemmtilegt. Íslenskar konur hafa tekið okkur frábærlega vel."

**heida@365.is**



**FAGNA TUTTUGU ÁRUM** Vala Torfadóttir og Björg Ingadóttir, hönnuðir og eigendur Spaksmannsspjara, hafa staðið saman gegnum súrt og sætt í tuttugu ár. Þær fagna tímamótunum með fræðslukvöldum í búðinni. MYND/GVA




Detox - Hráfæði – Hreyfing - slökun

Í Kríunesi 21. - 25. júní 2013

5 daga námskeið í samvinnu við Eden retreats á Spáni.

- Þetta er 5 daga hreinsun og verður eingöngu stuðst við hráfæði, djúsa, fasta fæðu og lífræn fæðubótaefni.
- Einnig verður í boði hreyfing , leikfimi, jóga, gönguferðir, hjólaferðir ofl. sem miðast við þarfir hvers og eins.
- Slökun, fræðsla og matargerð verður á sínum stað.
- Heitur pottur og sauna.

Námskeiðið verður haldið í náttúruperlunni Kríunesi við Elliðavatn og stendur frá kl. 9.00 til 20.00 alla dagana. þátttakendur gista heima hjá sér.

Þátttökugjald er aðeins kr. 55.000 fyrir þessa 5 daga.

Umsjónarmenn og leiðbeinendur



Anna Katrín Ottesen Björn I. Stefánsson Auður Bjarnadóttir

Skráning fer fram í Kríunesi
í síma 567 2245 & kriunes@kriunes.is

KRÍUNES Sveit í borg...

Kríunes ~ Vatnsenda ~ 203 Kópavogi ~ sími 567 2245 & 897 0749 ~ kriunes@kriunes.is ~ www.kriunes.is




**FATAMARKAÐUR Á NETINU** Þeir sem nenna ekki með gömlu fötin sín í Rauða krossinn eða Kolaportið geta selt þau á netinu.

# FÖT TIL SKIPTANNA

*Heimasíðan fataskipti.is býður fólki að hafa fataskipti við aðra notendur síðunnar.*

Lengi hefur tíðkast að föt gangi manna á milli, sérstaklega ef börn búa svo vel að eiga eldri systkini sem vaxa upp úr fínu fötunum sínum.

Svo gerist það að fólk hættir að stækka og systkini þess líka. Þá eru góð ráð dýr því menn fá enn þá leiða á fötunum sínum. Þá er hægt að stunda fataskipti. Þetta er bæði umhverfisvænt og góð venja í þjóðfélagi sem einkennist af neysluhyggju.

Sumir kjósa að renna með fataflóðið í Kolaportið en aðrir mikla það fyrir sér og nenna helst ekki að standa í slíkum flutningum. Þá er lausnina að finna á internetinu. Heimasíðan fataskiwpti.is er skiptifatamarkaður á netinu þar sem allir sem hafa áhuga á að skipta, selja og kaupa fatnað geta stofnað aðgang sér að kostnaðarlausu. Notendum gefst kostur á að hlaða inn myndum af fötunum. Svo geta áhugasamir sent seljandanum skilaboð og boðið í flíkina, greitt uppsett verð eða boðið eitthvað annað í skipti, sé þess kostur.

Söluvarningnum er skipt niður í fjóra yfirflokka; stelpur, strákar, börn og annað og svo eru undirflokkar eftir gerð fatnaðarins.

Flestar flíkurnar eru á afar sanngjörnu verði og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og jafnvel losað sig við eigin larfa í leiðinni!

Svo má auðvitað gefa fatnað í fatasöfnun Rauða krossins en það léttir hverja lund.



„Hvíta stellið“ frá Maxwell er fallegt stell sem tilvalið er að safna. Nýir hlutir bætast við reglulega.

**MIÐNÆTUROPNUN**

Opið verður í Smáralind til miðnættis í kvöld. Af því tilefni verður 20% afsláttur af öllum vörum í Kitchen Library.



Úrvalið af kökuskrauti er mikið og fæst frá 299 kr. Í byrjun júlí byrjar Kitchen Library að selja vörur frá þekktasta og stærsta vörumerki í kökuskrauti í heimi.



Hjá Kitchen Library færð þú fallega pottaleppa, eldhúshandklæði, viskustykki og svuntur.

# BÖKUNAR-, ELDHÚS- OG GJAFAVARA

**KITCHEN LIBRARY KYNNIR** *Verslunin Kitchen Library var opnuð í Smáralind í nóvember á síðasta ári. Verslunin sérhæfir sig í bökunar-, eldhús- og gjafavöru.*

Viðtökurnar hafa verið framar öllum vonum,“ segir Hólmfríður Sigurðardóttir, eigandi verslunarinnar Kitchen Library sem var opnuð í Smáralind á síðasta ári, á 1. hæð milli Megastore og Eymundsson.

Að sögn Hólmfríðar sérhæfir verslunin sig í bökunar-, eldunar- og gjafavöru. „Þetta eru erlendar vörur, flestar frá Bandaríkjunum, og eru á mjög fínu verði,“ upplýsir Hólmfríður og segir verslunina himnaríki fyrir bökunar- og matreiðsluáhugafólk. „Við erum með mikið af skemmtilegum vörum sem ekki hafa sést mikið á Íslandi. Til dæmis ýmis tæki til að sjóða eða spæla egg, til að gera eggjakökur og slíkt. Þá erum við með mikið af bökunarvörum, kökuskrauti og slíku,“ segir hún.

Í Kitchen Library er að finna fjölbreytt úrval bóka. „Þetta eru erlendar kokkabækur, bakstursbækur og matreiðslubækur.“

Fyrir sumarið má finna ýmislegt í versluninni. „Við erum með ógrynni af einnota diskum, glösum, vínglösum og fleiri einnota vörum í fallegum glærum og neonlitum, sem henta sérlega vel í útileguna og sumarbústaðinn,“ segir Hólmfríður glaðlega.

Nánari upplýsingar um Kitchen Library má finna á Facebook: www.facebook.com/KitchenLibrary.



Mikið úrval er af pottum og pönnum á góðu verði.



Í Kitchen Library færð þú öll áhöld fyrir baksturinn og mikið af skemmtilegum nýjungum.




Pönnurnar frá Fundix eru einstakar. Hægt er að taka haldið af og setja pönnurnar inn í ofn. Tilvalið er að elda t.d. pasta- eða fiskrétti í pönnunni, setja svo ost yfir og setja í 10 mínútur í ofn.



# Sumarið verður gott!

## MÚRBÚÐARVERÐ



Gulur & rauður stóll **3.450,-**
Hvítur pottur með disk **490,-**
Borð, hvítt **4.990,-**
Glös, nokkrir litir 6 stk. **990,-**
Salatskál stærri **465,-**
Salatskál minni **199,-**
Vatnskanna **890,-**

## Gæða plastvara



Vandaðir stólar **2.490,-**
Borð 70x120cm **6.990,-**
Salatskál orange **365,-**
Glös Decor 6 stk. **390,-**
Vatnskanna **399,-**
Diskur m/hjálmi **790,-**
Stór blómapottur m/disk 56cm **2.590,-**
Grænn blómapottur m/disk **695,-**
Vatnskanna 5 lítra **990,-**



Barnaborð 50x50 **2.390,-**
Bláir stólar með háu baki **1.190,-**
Bleikir stólar **699,-**



MIKIÐ ÚRVAL AF
**RISAPOTTUM**



Borð 80x125cm **6.990,-**
Stólar kr. **1,790,-** grænir
Vatnskanna **890,-**
Glös, ýmsir litir 6 stk. **390,-**
Græn plast salatskál **299,-**
Diskur m/hjálmi **790,-**



**1.390**
**1.990**
**1.390**
**1.970**
110 cm

## Portúgalskir leirpottar í úrvali - Gæðavara

Undirdiskar fáanlegir

## Verð frá kr. 145



Ø=50cm **1.890**
**2.690**
**995**
**890**
**545**
Ø=18cm **145**

Flúðamold 20 l **590**
Turbokalk 12,5 kg **2.590**
Kalkkorn 5 kg **798**
Blákorn 5 kg **1.490**



Framúrskarandi fyrirtæki 2012

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29 | Opið virka daga kl. 8-18 |

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

## Bátar



Til sölu mjög lítið notaður og vel með farinn Terhi 4110 með 30 hp tvígengismótor. hringstýri og rafstart. Kerra fylgir. Uppsett verð kr, 1,300.000,-Uppl. 617 5460.

## Bílaþjónusta




## Varahlutir




**FELGUR**

Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

# PJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

**Uppl. í s. 663 5315**

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja







Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. S. 824 1238.




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

GARÐLIST 554 1989

**ÓDÝR GARÐSLÁTTUR**

Ódýr og mjög vandaður garðsláttur trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf, sími 615-1605.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## skemmtanir




## Málarar

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**

Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**

20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Frítt verðtilboð. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

**MÁLARAMEISTARI**

Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

## Nudd

Ertu aum/aumur í hálsi, höfði, mjóbaki þá er þetta rétta stofan fyrir þig. Nudd fyrir heilsuna. Síðumúla 25 S: 698 2260.

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna Volkova.

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJAR S. 618 2610**

Tökum að okkur alla almenna raflagnavinnu, nýlagnir og töflusmíðar. Eignaverk löggiltir rafverktakar.

**AH-RAF LÖGGILDIR RAFVERKTAKAR.**

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/ tímavinna ahraf@ahraf.is Hermann s: 845-7711 Arnar s: 897-9845.

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@ gmail.com

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**PARFNAST BÍLAPLANIÐ PRIFA EÐA VIÐHALDS?**

Við bjóðum upp á eftirfarandi:
Götusópun
Gangstéttarsópun
Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum
Malbiks- og kantsteinaviðgerðir
Umhverfishreinsun

**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**

Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. S. 845 5976.







**FLÓAMARKAÐURINN NÝBÝLAVEGI 8 GAMLA TOYOTAHÚSINU,**

Dvd myndir, húsgögn, pelsar, vínilplötur, silfurmunir, plötuspilarar, frímerki og ýmislegt fleira fyrir lítið sem ekkert. Heitt á könnunni og heimabakaðar kleinur á vægu verði.

**Opið allar helgar frá kl 11:00 - 17:00 Borðapantanir floi@markadir.is**




**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**

Þvottavélar, ísskápar, þurrkara, uppþvottavélar, Ford Exblorer ,96 nýskoðaður ,14, frystikista, eumenia með þurrkara, eldavélar, hjólastóll, video, reiðhjól, þríhjól, hlaupahjól, mikið af ódýrum dekkjum og felgum S. 896 8568.

## Óskast keypt

**TRAMPOLÍN ÓSKAST KEYPT**

Er einhver sem vill losna við trampolínið sitt úr geymslunni eða garðinum?

Óska eftir að kaupa 3-4 m., trampolín með öryggisneti, vel með farið og á góðu verði.

**Nánari upplýsingar í s. 699 2778**

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri



Til sölu 80 tonna Durmazlar lokkur 2007 árg. S: 860 1860.



Til sölu tvívirk lítið notuð 3,5 tonna sliskjulyfta sem er útbúinn fyrir hjólastillingar en án hjólastillingar tækjum. S: 860 1860.

## Verslun



**NÝ SKEMMTILEG SENDING KOMIN**

Vinsælasta unaðsvara heims We-Vibe II og III, Butt plugs, S&M ástarkúlur, egg o.fl. Sendum um allt land - tökum við millifærslu og greiðslukorti www. hush.is







# HEILSA

## Heilsuvörur



**GREEN PEOPLE - ORGANIC LIFESTYLE**

Breyttu um lífstíl og notaðu lífrænt vottaðar snyrtivörur. Dömu, herra, unglinga og barnalína. Sala og dreifing: Ditto ehf, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 14-18. Lau 12-15. S 517-8060, www. ditto.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



**VARANLEGT REYKSTOPP EFTIRFYLGNI Í 1 ÁR**

Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufr. og sérfr. í EFT www.theta.is. Uppl. í s. 694-5494.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**

Lærðu að sigla seglskút, kænu eða kjölbát. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Sjá nánar inn á www. brokey.is

## Flug

Við kennum þér að flúgja Flugkennsla síðan 1964 Sími 5510880 / 8959028 Flugskóli Helga Jónssonar

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Fimmtug reyklaus kona óskar eftir íbúð í reykjavík, helst miðbænum. Uppl. í S. 858 7002 Hanna

## Sumarbústaðir



Til sölu 35m2 sumarhús/gestahús að verða fokhelt með litlu svefnlofti. Verð 3.990 millj. Einnig 28m2 bílskúr/geymsla fullbúin til fluttnings forsteyptar undirstöður fylgja með. Tilboð 2.990 millj. Selst saman eða í sitthvoru lagi. Skipti á bíl eða hjólhýsi. Uppl. í s. 898-1598.



Bjálkahús tilbúið til flutnings til sölu rúmir 100 fm, 2 herbergi, stofa og manngengt milliloft. Óska eftir tilboðum. Upplýsingar í símum 822-3000 og 577-1111.



**STÓRT SUMARHÚS TIL LEIGU Í GRÍMSNESI!**
Gistiaðstaða f. 12 manns. Verð 40þús nóttin (lágm. 2nætur) Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 sjá heimasíðu og myndir á. www.summer-house.weebly.com

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
20 - 50 fm vel staðsettar skrifstofur eða skrifstofuhæðir 3 - 400 fm með glæsilegu útsýni, fjölmörg bílastæði, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Möguleiki á að leigja stakar skrifstofur eða heila hæð.
**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

**51,6 M2 FRÍSTUNDABIL TIL SÖLU**
Eitt bil af þessari eftirsóttu stærð er til sölu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
150 - 750 fm húsnæði sem hægt er að nýta sem lagerhúsnæði, fyrir léttan iðnað eða verkstæði. Öflugt loftræstikerfi, niðurföll með olíugildrum, stórar innkeyrsludyr, allt að 4 metra lofthæð, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464


Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407




Birki m/hnaus frá 2.500,-
Reyniviður m/hnaus kr. 2000-3000,-
Sitkagreni m/hnaus 5000,-
Fura m/hnaus 5000,-
Besta verðið í bænum
Lagersalan • S. 861 7541 • Kauptúni 3 v/hl. á Habitat og Tekk
Opið virka daga 11-18 og laugardaga og sunnud. 13-18



Flugnanet fyrir glugga og hurðir
Varanleg lausn fyrir heimilið og sumarhúsið.
Snyrtilegt og sérsmíðað eftir máli.
SBD ehf. Sími 895-9801
oskar@sbd.is – www.sbd.is



ÁRLEGA HPI SAVAGE TORFÆRAN VERÐUR HALDIN SUNNUDAGINN 9. JÚNÍ Á SVÆÐI HLAÐBÆ-COLAS HAFNARFIRÐI.
Tómstundahúsið
Upplýsingar í Tómstundahúsinu S. 587-0600 www.tomstundahusid.is
Finnið okkur á facebook.

NÝTT TRÉKÚLUHÁLSMEN



NÁMSKEIÐ Í GERÐ TRÉKÚLUHÁLSMENA
13 OG 20 JÚNÍ. EITT KVÖLD FRÁ 18-21 KR. 4000.- ÚRVAL SKARTGRIPAEFNI.
ERUM Á FACEBOOK.COM/GLITEHF
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
WWW.GLIT.IS

SUMARSPRENGJA!
NÝ VERSLUN DALVEGI KÓPAVOGI
Tilboð og afsláttur af öllum vörum
Dagana 1.-15. júní
HANDVERKSHÚSIÐ
Vefverslun: handverkshusid.is

TOPP HESTAR
HESTALEIGA
DREYRAVELLIR 2
S: 557 2208
Bifreiðar.: 854-5588
Reiðskólinn er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös., allan daginn frá kl. 9-16 með fæði. Aldur 5-12 ára.
Reiðkennari: Lárus Sindri
Uppl. í s. 557 2208 & 895 3588

Eftirlitsmyndavél fyrir sumarbústaði og heimili.
• Tekur venjulegt GSM SIM kort.
• Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
• SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
• Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
• Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
• Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
• Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Uppl. í síma 699-6869 og www.rafeindir.is



ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

• Almenn raflagnaþjónusta
• Nýlagnir
• Teikningar
• Endurnýjun á eldra húsnæði
• Dyrasímaþjónusta
RAFRÓS
Löggiltur rafverktaki
S: 544 4099 - 893 5565

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

SPARAÐU BENSÍN!
Metan uppfærðu bílinn þinn
Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu.
Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða
bigas
VélRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

Bílaþjónusta Bjarka ehf
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 · 110 reykjavík · sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

www.facebook/gottbón



GOTT BÓN
ÓDÝRT EN GOTT
Sækjum • Bónum Skilum
Sími 776 6662
Höfði • 110 Reykjavík


**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

SPORTS DIRECT.COM

**Sports Direct á Íslandi auglýsir eftir verslunarhúsnæði í austurhluta höfuðborgarsvæðisins.**

Húsnæðið þarf að vera 2000-2500 fermetrar á einni hæð og vera fullbúið með gólfefni, lýsingu og inngangi. Aðgengi þarf að vera gott, með nægum bílastæðum fyrir viðskiptavini og góðri vörumóttöku.

Vinsamlegast hafið samband við Sigurð Pálma Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóra, í gegnum tölvupóst: sigurdurpalmi.sigurbjornsson@sportsdirect.com


# ATVINNA

## Atvinna í boði

STAY APARTMENTS

**ÞERNUR Í FULLT STARF**

Erum að leita að tveimur þernum í viðbót í annars frábæran hóp hjá Stay Apartments. Einungis drífandi, reyklausar, stundvísar stelpur koma til greina. Góð laun og mikil vinna í boði. Helgarstarf kemur einnig til greina. Vinsamlegast sendið ferilskrá á halldor@stay.is

**MEIRAPRÓF!**

Óska eftir lestunarmanni á flutningastöð með meirapróf. Uppl. í s. 893 5444.

**JÁRNIÐNAÐARMENN**

Vantar duglegan og áhugasaman mann í smíðar og viðgerðir á vélbúnaði. Mest við skip. Góð laun í boði.

**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is**

**Merkt: Járniðnaðarmenn**

**STARFSKRAFTUR ÓSKAST Í VEIÐIBÚÐ .**

Sumar starfskraftur óskast í veiðibúð
frá júní - sept, þekking á stangveiði,
stundvísi og góð framkoma skilyrði .

**Upplýsingar sendast á zircon@simnet.is**

SÓLAR

**SÓLAR EHF LEITAR EFTIR GÓÐU FÓLKI TIL AÐ VINNA VIÐ RÆSTINGAR.**

- Viðkomandi verður að geta talað einhverja íslensku eða ensku
- Reynsla af ræstingum kostur.

Sólar ehf poszukuje pracowników do pracy przy sprzataniu. - Wymagana jest znajomosc jezyka islandzkiego lub angielskiego - Doswiadczenie w sprzataniu mile widziane. Podania o prace mozna wypelnic w biurze Sólar pomiedzy godz 9-11 i 13-15. Sólar ehf, Kleppsmýrarveg 8, tel 581-4000

**Hægt er að fylla út umsókn á skrifstofu Sólar milli kl 9-11 og 13-15. Sólar ehf, Kleppsmýrarveg 8, sími 581-4000.**

Óska eftir smið eða manni vönum byggingarvinnu, þarf að vera tilbúinn í 10-15 daga vinnu úthald með góðum fríum á milli. Góð laun, frítt fæði,frítt húsnæði og ferðir á milli staða. Uppl í s: 869-9633 lekta ehf

Heildsala óskar eftir starfskrafti í hlutastarf. Umsóknir og uppl. sendist til thjonusta@365.is merkt „heildsala"

Óskum eftir vönum manni í hellulagnir S: 698-0098 thorir@stjornugardar.is

## Atvinna óskast

Karlmaður um 20, ný stúdent óskar eftir vinnu sem fyrst. Uppl. í s: 6591188 eða 8974720.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál


Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynl.sögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur ○ live spjall
908-6000 • 535-9999



FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson Löggiltur fasteignasali


Hilmar Óskarsson
Framkvæmdarstjóri


Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali


Guðjón Sigurjónsson
Sölumaður

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**17. Júnítorg 3, íbúð 0205 og 17. Júnítorg 7, íbúð 0111**



**Opið hús í dag á milli 18:00 og 18:30**



Glæsileg 127,9 fm. 3ja herb. íbúð á 2. hæð með góðum svölum og stæði í bílageymslu. Einnig 123,1 fm. 3ja herb. íbúð á 1. hæð með svölum og stæði í bílageymslu. Íbúðirnar eru að 17. Júnítorgi 3 og 7 í Garðabæ, húsi ætlað fólki 50 ára og eldri. Vandaðar innréttingar, fataskápar og hurðir úr eik.
**Óskar og Hilmar sýna íbúðina í dag, fimmtudag, á milli 18:00 og 18:30. Uppl. í síma 822-8750.**



SAFT

KENNDU BARNINU ÞÍNU AÐ SKOÐA EFNI Á NETINU MEÐ GAGNRÝNUM HÆTTI



Heimili og skóli
www.saft.is



JÖFUR ATVINNUHÚSNÆÐI
534 1020
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is



**TIL LEIGU / SÖLU**

**Hlíðasmári 19, 201 Kópavogur**
Skrifstofuhúsnæði á 2. hæðum
3. hæð um 896 fm.
4. hæð um 511 fm.

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
**534 1024 / 897 7086**
**hmk@jofur.is**

Um 1.407 fm. skrifstofuhúsnæði með sameign í lyftuhúsi á 3. og 4. hæð sem skiptist í nokkrar lokaðar skrifstofur og opin rými. Aðgengi að rúmgóðu eldhúsi, 2-3 skjalageymslur og 3 salerni. Lotfræst húsnæði að hluta. Ljósleiðari er í húsinu. Möguleiki er á að leigja hvora hæð fyrir sig. Laust strax!



JÖFUR ATVINNUHÚSNÆÐI
534 1020
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is



**TIL LEIGU**

**Borgartún 27, 105 Reykjavík**
Skrifstofuhúsnæði
Möguleiki á að leigja allt að 2.000 fm
Leigist í einu lagi eða hlutum

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Ólafur Jóhannsson**
Rekstrarfræðingur
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
**534 1023 / 824 6703**
**olafur@jofur.is**

Glæsilegt skrifstofuhúsnæði sem skiptist í opin rými, lokaðar skrifstofur og fundarherbergi. Móttaka er á hæð. Möguleiki á að fá afnot af móttöku í anddyri, matsal á efstu hæð og kennslurými. Parket á gólfi, kerfisloft og lagnastokkar með veggjum. Loftræstikerfi er í húsinu. Bílastæðakjallari. Laust 1. júlí 2013.



byr fasteignasala
10 ára 2003 - 2013

Farsæl þjónusta í áratug


**Pétur Kristinsson**
Lögg. fasteignasali
S: 893 9048


**Soffía Theodórsdóttir**
Lögg. fasteignasali

Austurmörk 4
Hveragerði
Sími: 483 5800
Gsm: 895 9098
www.byrfasteign.is

# Opið hús í Búðardal



Húsið, Brekkuhvammur 2, er mikið uppgert, 2ja hæða, með manngengnum kjallara undir hálfu húsinu, er stendur á sjávarkambi með miklu útsýni. Eignin skiptist í; neðri hæð eldhús, baðherbergi með baðkari og þvottaaðstöðu, tvær stofur og anddyri. Á efri hæð eru þrjú herbergi og fataherbergi inn af hjónaherbergi. Húsið er áfast öðru húsi sem er með sér inngangi og sér afmarkaði lóð. **Verð kr.: 11,9 m.**

Hér er um ræða einstaka eign í "sveitasælunni" hvort sem það er til sumardvalar eða heilsárssetu. Hitaveita.

**Hallur (s. 664 1632) tekur á móti gestum á laugardaginn milli kl. 13 – 18.**

**Nú er að fara heim í Búðardal!**


MEÐAL FRAMLEIÐENDA ERU ÞUNGAVIGTARMENNIRNIR J.J. ABRAMS OG JON FAVREAU
REVOLUTION
FRUMSÝNING Á ÍSLANDI
Í KVÖLD KL. 20:30
HD



Útför eiginkonu minnar, móður okkar og tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÞÓREYJAR SVEINSDÓTTUR**

sem lést 31. maí, fer fram frá Garðakirkju þriðjudaginn 11. júní kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Gigtarfélags Íslands.

**Hreinn Hreinsson**
**Lena María Hreinsdóttir** **Örn Hlöðver Tyrfingsson**
**Helga Kolbrún Hreinsdóttir** **Philip Vogler**
**Hreinn Andrés Hreinsson** **Jóhanna Sigurjónsdóttir**
**Sveinn Birgir Hreinsson** **Björg Björnsdóttir**
**Erna Bára Hreinsdóttir** **Halldór Sveinn Hauksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**BJÖRN HALLDÓRSSON**

lést þann 25. apríl 2013. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Börn, tengdabörn og barnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐNÝ ÞORSTEINSDÓTTIR**
**hjúkrunarheimilinu Ísafold,**
**áður Efstaleiti 14,**

lést sunnudaginn 2. júní. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 12. júní kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Rauða krossinn eða Landssamtökin Þroskahjálp.

**Halldóra Sigurðardóttir** **Viðar Símonarson**
**Anna Sjöfn Sigurðardóttir** **Guðmundur Páll Ásgeirsson**
**Ólafur Njáll Sigurðsson** **Birna Bergsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN GUÐMUNDSSON**
**Stigahlíð 34, Reykjavík,**

lést á Landakotsspítala 3. júní.

**Vigdís Tryggvadóttir**
**Sigríður Nanna Jónsdóttir Roberts**
**Guðmundur Jónsson** **Lára Sigfúsdóttir**
**Tryggvi Jónsson** **Ásta Ágústsdóttir**
**Kristín Þorbjörg Jónsdóttir** **Hrafnkell Gunnarsson**
**Kristín Anný Jónsdóttir** **Valgeir Ingi Ólafsson**
**Soffía Bryndís Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNAR GUÐNASON**
**Grænumörk 2, Selfossi,**

lést laugardaginn 1. júní. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 8. júní kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarfélag Árborgar.

**Erla Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Geir Gunnarsson** **Rósa Traustadóttir**
**Elínborg Gunnarsdóttir** **Guðmundur Kristinn Ingvarsson**
**Jónína Gunnarsdóttir** **Þórir Elías Þórisson**
**Hafdís Gunnarsdóttir** **Skjöldur Hilmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**ÞETTA GERÐIST** 6. JÚNÍ 1944

## Bandamenn ráðast inn í Normandí

Þennan dag árið 1944 réðust bandamenn gegn herjum Þjóðverja í Normandíhéraði í Norður-Frakklandi. Innrásin er ein sú frægasta og afdrifaríkasta í seinni heimsstyrjöldinni þar sem hún olli þáttaskilum í stríðinu. Innrásardagurinn hefur verið þekktur undir nafninu D-Day eða d-dagurinn allar götur síðan.

Í byrjun árs 1944 var orðið ljóst að Þjóðverjar væru að tapa heimsstyrjöldinni. Bandamenn töldu sig þurfa að ráðast inn í Vestur-Evrópu þar sem Þjóðverjar höfðu þó náð að stöðva sókn þeirra upp Ítalíuskaga. Ákveðið var að á fyrsta degi innrásar skyldu tvær bandarískar, tvær breskar og ein kanadísk herdeild lenda á ákveðnum stöðum á ströndunum í Normandí en innrásarsvæðin náðu frá Cotentin-skaga í Normandí allt til borgarinnar Caen. Sömuleiðis skyldu tvær bandarískar og ein bresk fallhlífaherdeild lenda að baki varnarliðinu þá um morguninn.

Óvissa og fát einkenndu fyrstu viðbrögð yfirmanna þýska hersins. Þegar undirmenn Hitlers báru honum loks fréttirnar af innrásinni var hann ófús til að senda bryndeildir til Normandí því hann taldi að þetta væri blekkingarinnrás.

Strandhögg bandamanna hinn 6. júní tókst þrátt fyrir gríðarlega mótspyrnu. Hins vegar stóð baráttan um Normandí fram í ágúst.



# Hefur sungið Wagner í fjórum heimsálfum

**Sinfóníuhljómsveit Íslands fagnar 200 ára fæðingarafmæli Richards Wagner með tónleikum í kvöld. Þar mun bassasöngvarinn Bjarni Thor Kristinsson syngja nokkrar af sínum uppáhaldsaríum eftir hið umdeilda tónskáld, sem hann segir alla kunna stef eftir.**

Fólk er pínu smeykt við Wagner," segir Bjarni Thor Kristinsson söngvari. „Finnst tónlistin hans dálítið þung, án þess í rauninni að hafa kynnst honum almennilega. Það þekkja nefnilega allir einhver stef eftir hann úr einhverjum dömubindaauglýsingum í sjónvarpinu. Og brúðarmarsinn auðvitað. Fólk áttar sig oft ekki á því að hann er úr Lohengrin."

En þú hefur verið að syngja verk hans lengi og víða, ekki satt? „Já, ég er búinn að syngja ein ellefu Wagnerhlutverk í fjórum heimsálfum. Í Ameríku, Asíu, Ástralíu og úti um alla Evrópu í bráðum fimmtán ár." Og þú valdir verkin á þessa tónleika? „Já, svona í samráði við hljómsveitina. Þetta eru sólótónleikar með mér og lá beint við að syngja þá tónlist sem ég hef mitt lifibrauð af, um leið og við erum auðvitað að heiðra minningu Wagners á 200 ára fæðingarafmælinu."

Bjarni Thor er staddur á Keflavíkurflugvelli þegar í hann næst, hvaðan er hann að koma? „Ég var að koma frá Köln þar sem standa yfir lokaæfingar á óperu Mozarts, Brottnáminu úr kvennabúrinu, sem verður frumsýnd á sunnudaginn kemur. Þarf svo að fljúga þangað aftur strax eftir tónleikana með Sinfóníuhljómsveitinni. Það var svolítið púsl að ná þessu en það tókst sem betur fer þótt þetta sé ansi knappt." Þú verður þá feginn þegar frumsýningin í Köln er afstaðin? „Já, ég viðurkenni það að þegar þessi vika er búin verður þungu fargi af mér létt," segir Bjarni Thor.

Tónleikarnir í kvöld bera yfirskriftina Uppáhalds Wagner og það er eins og áður sagði Bjarni Thor sem hefur valið verkin sem flutt verða, en efnisskráin samanstendur af forleikjum og aríum sem eru þó aðeins brot þeirra hlutverka úr óperum Wagners sem hann hefur sungið um heim allan á liðnum árum.

Petri Sakari er stjórnandi hljómsveitarinnar á þessum tónleikum en hann hefur verið tíður gestur við stjórnvöl hennar allt frá því árið 1988 þegar hann tók við aðalhljómsveitarstjórastöðunni. Hann gegndi þeirri stöðu til 1993 og síðan aftur á árunum 1996-1998, en í millitíðinni var hann aðalgestastjórnandi hljómsveitarinnar.

fridrikab@frettabladid.is



**UMDEILDUR SNILLINGUR** Richard Wagner hefur verið umdeildur alveg fram á þennan dag og er flutningur á tónlist hans víða bannaður.



**WAGNER-UNNANDI** Bjarni Thor Kristinsson hefur sungið hlutverk í óperum Wagners um allan heim á undanförnum árum.



Innilegar þakkir fyrir sýnda samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæru

**SIGRÍÐAR ÞÓRU GÍSLADÓTTUR.**

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fyrir góða umönnun. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Joseph G. Adessa** **Edda M. Adessa**
**og aðrir vinir og vandamenn.**



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**HARALDUR ÞÓRÐARSON**
**Eikjuvogi 11, Reykjavík**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir að morgni fimmtudagsins 30. maí. Útförin fer fram frá Áskirkju í Reykjavík mánudaginn 10. júní klukkan 13.00.

**Kristján Þór Haraldsson** **Margrét Ólöf Björnsdóttir**
**Sigurbjörg Haraldsdóttir** **Jón Hannes Helgason**
**Þórlaug Haraldsdóttir-Hübl** **Michael Hübl**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elsku eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**SIGFÚS JÓHANN JOHNSEN**

lést miðvikudaginn 5. júní í Kaupmannahöfn. Útför hans mun fara fram í De Gamles Bys Kirke í Kaupmannahöfn þriðjudaginn 11. júní kl. 14.00. Minningarathöfn á Íslandi verður tilkynnt síðar.

**Pálína Matthildur Kristinsdóttir**
**Kristinn Johnsen** **Herdís Dögg Sigurðardóttir**
**Jóhann Johnsen** **Inga Maren Johnsen**
**Valgerður Guðrún Johnsen** **Kristján Þór Árnason**
**og barnabörn.**



Þökkum innilega öllum þeim sem auðsýndu okkur samúð og umhyggju við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**KARÍTASAR JÓNSDÓTTUR**
**Brekkugötu 54, Þingeyri.**

**Ragnar Kjaran Elísson** **María Kristjánsdóttir**
**Hanna Laufey Elísdóttir** **Bjarki Laxdal**
**Ósk Elísdóttir** **Jóhann Dalberg Sverrisson**
**Friðfinnur Elísson** **Guðrún Fjóla Kristjánsdóttir**
**Þröstur Kjaran Elísson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# 20-50% afsláttur af öllum heilsurúmum



**CLASSIC - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **190.049,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **346.995,-**



**DRAUMEY**
Einbreið heilsurúm á verði frá **70.224,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**



**ROYAL - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **302.391,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **566.991,-**

**Frí heimsending á hjónarúmum eða tökum gamla rúmið upp í nýtt!**



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGU-GREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

## LAGERHREINSUN
### Á ARINELDSTÆÐUM







**EINUNGIS 3 VERÐ!**

**19.900,-**

**29.900,-**

**39.900,-**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM





## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | | | 3 | | 7 |
| | 2 | 4 | 7 | | | | | 6 |
| | 7 | | 4 | | | | 1 | |
| | | 6 | | | 7 | 2 | | |
| | 9 | 7 | | | 2 | | 6 | |
| | 3 | 8 | 1 | 6 | | | | |
| | | | | 5 | | 4 | 2 | |
| 3 | 6 | 1 | | 4 | | 5 | | |
| | 5 | | 3 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 4 | | 8 | | | | |
| | | | | | 2 | 4 | | |
| | | | | | | | 5 | 9 |
| 3 | 8 | | 7 | 5 | | 2 | | |
| | | | 9 | | 1 | 5 | | 8 |
| 6 | | | | 2 | | | | |
| | 3 | | 6 | | | | 4 | |
| 7 | 2 | | 1 | | 9 | | | |
| 5 | | | | | | | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 9 | | | | 8 | | 5 |
| | | 6 | | | | | 4 | |
| | 5 | 7 | | | | | 1 | 3 |
| | | | | 4 | 6 | | | 9 |
| | 3 | | 9 | | | | | 1 |
| | | 2 | | 5 | | | | |
| 8 | | | | 7 | 2 | | | |
| | 1 | | | | | | | |
| | 9 | 3 | | | | 2 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 4 | 3 | 6 |
| 1 | 2 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 5 | 7 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 6 | 9 | 7 | 8 |
| 6 | 4 | 8 | 7 | 5 | 9 | 2 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 7 | 2 | 8 | 3 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 5 | 9 | 6 | 7 | 8 | 3 | 4 | 1 |
| 3 | 7 | 1 | 4 | 2 | 5 | 6 | 8 | 9 |
| 8 | 6 | 4 | 3 | 9 | 1 | 7 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 3 |
| 2 | 3 | 6 | 8 | 1 | 9 | 4 | 5 | 7 |
| 7 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 1 | 2 | 6 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 3 | 6 | 2 | 1 | 9 |
| 6 | 1 | 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 5 |
| 9 | 7 | 3 | 5 | 2 | 1 | 6 | 4 | 8 |
| 8 | 2 | 7 | 9 | 6 | 4 | 5 | 3 | 1 |
| 1 | 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 7 | 6 | 4 |
| 3 | 6 | 4 | 1 | 5 | 7 | 9 | 8 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 6 | 4 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 2 | 9 | 1 | 3 | 5 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 5 | 8 | 9 |
| 2 | 9 | 1 | 5 | 6 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 9 | 1 | 7 | 2 | 6 |
| 6 | 8 | 7 | 2 | 4 | 3 | 9 | 5 | 1 |
| 4 | 5 | 8 | 7 | 2 | 6 | 1 | 9 | 3 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 1 | 8 | 2 | 4 | 5 |
| 9 | 1 | 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 7 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Það má áfengið eiga að það hefur aldrei gert neinum manni mein að fyrra bragði.**

*Tómas Guðmundsson*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** ryk, **6.** eftir hádegi, **8.** blóðhlaup, **9.** eldsneyti, **11.** leyfist, **12.** slæm skrift, **14.** mánuður, **16.** rás, **17.** tryllingur, **18.** kvabb, **20.** til, **21.** ögn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** viðartegund, **3.** kringum, **4.** samhliða, **5.** bar, **7.** mjór, **10.** lepja, **13.** frjó, **15.** lima sundur, **16.** espa, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kusk, **6.** eh, **8.** mar, **9.** kol, **11.** má, **12.** krafs, **14.** apríl, **16.** æð, **17.** æði, **18.** suð, **20.** að, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** tekk, **3.** um, **4.** samsíða, **5.** krá, **7.** horaður, **10.** lap, **13.** fræ, **15.**

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Björn Þorfinnsson var efstur ásamt Hannesi Hlífari Stefánssyni á Íslandsmótinu í skák eftir sjöttu umferð eftir sigur á Henrik Danielsen. Henrik lék 30. Hf1-f2.**

**Svartur á leik**



30...Rh4! Skemmtilegur leikur. Ef 31. Hxe2 kemur 31... Rf3+ sem vinnur drottninguna. Hvítur reyndi 32. Kf1 en gafst upp eftir 32... Rf5! 33. Hxe2 Rxd4 33. Hxd4 Dc3 34. Hed2 He8. **www.skak.is** Áttunda umferð hefst í dag kl. 17 í Turninum, Borgartúni (20. hæð).

# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM







Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl




**16GB MINNISLYKILL**

Örsmár og sérlega glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

**1.990**

4GB 990 • 8GB 1.490 • 32GB 4.990




**500GB FLAKKARI**

Fisléttur, örsmár og hraðvirkur Diamond USB3.0 ferðaflakkari á ótrúlegu tilboðsverði!

**9.990**

1TB 14.900 | 1.5TB 24.900



**7"SPJALDTÖLVA**

Spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Android 4.1

**14.900**

ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · TOSHIBA

# Rímur og rokk í kvöld

Afrakstur listasmiðju ungmenna á Vopnafirði fluttur.

Þessa dagana fer fram listasmiðjan Rímur og rokk á Vopnafirði þar sem sjö íslensk og sex norsk ungmenni á aldrinum 15 til 16 ára starfa undir leiðsögn Steindórs Andersen kvæðamanns, Hilmars Arnar Hilmarssonar tónskálds, Baldvins Eyjólfssonar tónlistarkennara og Sigrid Randers-Pehrson þjóðlagasöngkonu.

Rímur og rokk er samstarfsverkefni milli Kaupvangs á Vopnafirði, Menningarmiðstöðvar Þingeyinga og Menningarráðs Vesterålen Regienråd í Noregi. Afrakstur listasmiðjunnar verður fluttur í Félagsheimilinu Miklagarði á Vopnafirði í kvöld, fimmtudaginn 6. júní klukkan 20.



**KVÆÐAMAÐUR** Steindór Andersen er meðal leiðbeinenda á Vopnafirði.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**Aðalfundur SÁÁ**
**verður haldinn fimmtudaginn 13. júní 2013 kl. 17:00 í Von, Efstaleiti 7.**

Um er að ræða aðalfundi SÁÁ samtaka, SÁÁ sjúkrastofnana, SÁÁ fjölskylduþjónustu, SÁÁ styrktarsjóðs og SÁÁ fasteigna.

Dagskrá fundarins er:
- Skýrsla stjórnar
- Reikningar rekstrarfélaga SÁÁ lagðir fram
- Lagabreytingar
- Kosning í stjórn
- Önnur mál

Upplýsingar um frumvörp til lagabreytinga eru aðgengilegar á vef samtakanna www.saa.is.

MÓTTÖKURITARI HJÁ SÓMA

Óskum eftir móttökuritara á skrifstofu Sóma ehf. Starfið felur í sér almenna símasvörun, móttöku viðskiptavina og bílstjóra, tölvuvinnslu oflr.

Viðkomandi þarf að hafa almenna tölvukunnáttu og geta unnið sjálfstætt. Unnið er með Navision Dynamics, MS Outlook, Excel og Word. Vinnutími er frá 8 til 16.

**Tekið er á móti umsóknum til 12. júní á staðnum eða á siggi@somi.is**

SÓMI

Gilsbúð 9, 210 Garðabæ, sími, 565 6000, www.somi.is



**SVERRIR BERG STEINARSSON** Drekinn



**SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR** Samhengi hlutanna



**ÓSKAR ÞORVALDSSON** Martröð millanna



**ANDRI ÓTTARSSON** Réttur



**JÓN ÓTTAR ÓLAFSSON** *Bók væntanleg*

# Sögur úr hruninu seytla út í skáldskapnum

**Það færist í aukana að innanbúðarfólk úr fjölmiðlum, viðskiptalífi og stjórnsýslu nýti sér skáldskap til að koma reynslu sinni úr hruninu á framfæri. Fyrir vikið fáum við ef til vill að heyra sögur sem annars hefðu legið í þagnargildi.**

Greint var frá því í DV í gær að reyfari eftir Jón Óttar Ólafsson kæmi út í haust. Jón Óttar er afbrotafræðingur að mennt og starfaði um tíma hjá Sérstökum saksóknara. Hann komst í kastljós fjölmiðla þegar hann var kærður, ásamt Guðmundi Hauki Gunnarssyni, fyrir að selja trúnaðarupplýsingar til þrotabús Milestone. Málið var fellt niður.

Um efni bókarinnar er lítið vitað. Það gefur hins vegar augaleið að fyrir glæpasagnahöfund er það ígildi gullnámu að hafa verið innanbúðar hjá sérstökum saksóknara. Næg eru söguefnin og sum hver sjálfsagt lyginni líkust.

Í kjölfar hrunsins spændust út svonefndar „hrunbækur"; „non-fiction"-rit þar sem leitast var við að rekja atburðarásina sem leiddi til falls bankanna eða greina ástæður þess að kerfið riðaði til falls. Nefna má bækur á borð við Hrunið eftir Guðna Th. Jóhannesson sagnfræðing, Sofandi að feigðarósi eftir Ólaf Arnarsson hagfræðing, Flugeldahagfræði fyrir byrjendur eftir Jón F. Thoroddsen verðbréfamiðlara og Ævintýraeyjuna eftir Ármann Þorvaldsson, fyrrverandi forstjóra Kaupþings í Bretlandi.

### Innsýn að utan

Bækur af þessum toga eru góðra gjalda verðar en það háir þeim að ýmsar sögur eru látnar kyrrar liggja af ýmsum ástæðum, til dæmis ef ekki hefur tekist að fá þær staðfestar með fullnægjandi hætti eða sögumaðurinn vill hreinlega ekki að þær líti dagsins ljós. Þar kemur skáldskapurinn til skjalanna. Í gegnum hann má miðla dagsönnum og krassandi frásögnum í skjóli þess að þær séu þvert á móti uppspuni; jafnvel þótt lesa megi annað á milli línanna.

Frá hruni höfum við nokkur dæmi um að innanbúðarfólk úr fjölmiðlum, stjórnsýslu og viðskiptalífi hagnýti og miðli reynslu sinni í formi skáldskapar.

Fyrsta viðleitnin í þessa veru var ef til vill í bókinni Martröð millanna eftir Óskar Hrafn Þorvaldsson, fyrrverandi fréttastjóra Stöðvar tvö, sem hrökklaðist úr starfi vegna umdeildra frétta af fjármagnsflutningum útrásarvíkinga. Ýmsir gátu sér til að ekki væri allt í bókinni hreinn skáldskapur, heldur frásagnir sem Óskar hefði heyrt í starfi sínu, en í bókinni var sagt frá „sturluðum lífsstíl með tilheyrandi snekkjupartíum, kókaíni og fylgdarkonum, peningaaustri og lúxusmetingi, glannalegum viðskiptafléttum, ofsagróða og háu falli".

Árið eftir kom út glæpasagan Samhengi hlutanna eftir Sigrúnu Davíðsdóttur, fréttaritara RÚV í London. Meðal persóna var blaðakona sem, rétt eins og Sigrún, var búsett í London og fjallaði á gagnrýninn hátt um umsvif íslenskra auðmanna á erlendri grund, en svipleg andlát hennar leiðir unnusta hennar á slóðir þeirra „sem með ósvífnum viðskiptaháttum komu íslensku þjóðfélagi á heljarþröm". Það fór ekki á milli mála í markaðssetningu bókarinnar að hér færi höfundur sem vissi hvað hann syngi. „Hér fær þekking hennar og reynsla notið sín til fulls í spennandi skáldsögu sem skrifuð er beint inn í íslenskan samtíma."

### Drekinn og Réttur

Enn voru það þó einungis blaðamenn sem reru á þessi mið, með öðrum orðum þeir sem höfðu fylgst með viðskiptalífinu að utan. Á því varð breyting fyrr á þessu ári þegar Sverrir Berg Steinarsson gaf út sína fyrstu bók, glæpasöguna Drekann.

Sverrir var umsvifamikill athafnamaður á góðærisins og rak fjölda verslana í gegnum fyrirtæki sitt Árdegi. Eftir að hafa tapað stórt í hruninu ákvað Sverrir að hætta í verslunarrekstri og snúa sér að skáldskap. Drekinn fjallar um starfsmann hjá ráðgjafafyrirtæki sem er falið að rannsaka misferli í smásölufyrirtæki eftir að forstjóri þess fyrirfer sér. Rannsóknin dregur hann inn í atburðarás „þar sem líf og tilvera venjulegs fólks er skiptimynt í miskunnarlausu valdatafli" og inn í fléttast fyrirhuguð olíuvinnsla á Drekasvæðinu. Þótt Sverrir hafi þvertekið fyrir í samtali við Fréttablaðið að Drekinn væri nokkurs konar hrunbók, hafa gagnrýnendur talið henni það mjög til tekna að veita sannfærandi innsýn inn í íslenskt viðskiptalíf.

> ➜ Þar kemur skáldskapurinn til skjalanna. Í gegnum hann má miðla dagsönnum og krassandi frásögnum í skjóli þess að þær séu þvert á móti uppspuni; jafnvel þótt lesa megi annað á milli línanna.

Loks má nefna að á dögunum var kunngjört nýtt handritsteymi að glæpaþáttunum Rétti. Handritshöfundar eru fjórir, þar á meðal Andri Óttarsson, lögmaður og fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, sem sagði af sér árið 2009 eftir að upp komst um himinháar styrkveitingar FL Group til Sjálfstæðisflokksins. Saga þess máls verður varla rakin í þáttunum en hver veit nema afmarkaðir – og hingað til óþekktir – þættir þess rati eftir krókaleiðum á sjónvarpsskjáinn?

Hvort fleiri „innanbúðarmenn" úr öðrum stéttum – til dæmis pólitíkinni – eigi eftir að koma reynslu sinni úr hruninu á framfæri í gegnum skáldskap verður tíminn að leiða í ljós. Ef svo verður er næsta víst að við fáum að heyra ýmsar sögur sem ellegar hefðu legið í þagnargildi. Það gæti orðið vinsæll samkvæmisleikur að giska á hvað sé satt og logið.

bergsteinn@frettabladid.is

# Taktu þátt í sumarleik Cocoa Puffs!

Kauptu pakka og geymdu kvittun

Kauptu pakka af Cocoa Puffs, 335g eða 465g, og farðu svo inn á cocoapuffs.is og skráðu þig í pottinn til að vinna.



## Fullt af vinningum!

Miðar á forsýningu Man of Steel

Frítt í öll tækin!

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

Árskort fyrir alla fjölskylduna

Fullt af Superman vinningum t.d bolum o.fl




Ársbirgðir af Cocoa Puffs

**Dregið verður í júní**

Mundu að geyma kvittun fyrir kaupum á Cocoa Puffs. Vinningar eru veittir gegn afhendingu kvittunarinnar.

**www.cocoapuffs.is**

# Arfurinn tekinn til kostanna á Kjarvalsstöðum

## Söguleg yfirlitssýning á þróun íslenskrar myndlistar á fyrri hluta tuttugustu aldar hjá Listasafni Reykjavíkur.

Yfir tvö hundruð málverk og höggmyndir eftir tæplega 40 listamenn verða til sýnis á sýningunni Íslensk myndlist 1900-1950: Frá landslagi til abstraktlistar, sem hefst á Kjarvalsstöðum á laugardag.

Eins og nafnið gefur til kynna er sýningin sögulegt yfirlit íslenskrar myndlistar frá fyrri hluta tuttugustu aldar.

Sýningunni er skipt í fjórar frásagnir og jafn mörg tímabil, þar sem rýnt verður í hvað einkennir íslenska myndlist á hverjum tíma, tengsl þess við alþjóðlega listasögu, íslenskt samfélag og menningu.

Mörg verkanna á sýningunni hafa ekki komið fyrir augu almennings um langt árabil. Á sýningunni verða verk eftir listamenn á borð við Kjarval, Ásgrím Jónsson, Einar Jónsson, Jón Stefánsson, Nínu Tryggvadóttur, Louisu Matthíasdóttur, Þorvald Skúlason, Svavar Guðnason og Kristján Davíðsson.

Sýningarstjóri er Ólafur Kvaran en hann verður með leiðsögn um sýninguna á sunnudag.

Sýningin stendur til 22. september.



**SUMARNÓTT** Mynd Jóns Stefánssonar af Lómum við Þjórsá frá 1929.

**➜ Sýningunni er skipt í fjórar frásagnir og fjögur tímabil**

- Rómantík og róttækni 1900-1930.
- Landslag 1930-1950.
- Maðurinn og umhverfi hans 1930-1950.
- Nýróttækni og upphaf abstraktlistar 1940-1950.




# Þóra Einars túlkar Ragnheiði biskups

## Óperan Ragnheiður eftir Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson frumflutt í ágúst.

„Þetta er mjög spennandi og í rauninni ótrúlegt að enginn hafi tekið sig til og samið óperu um þessa konu fyrr,“ segir Þóra Einarsdóttir sópransöngkona, sem fer með hlutverk Ragnheiðar biskupsdóttur í óperu Gunnars Þórðarsonar og Friðriks Erlingssonar. Óperan, sem nefnist einfaldlega „Ragnheiður“, verður frumflutt í konsertformi í Skálholtskirkju á þrennum tónleikum í ágúst unduir stjórn Petri Sakari.

Verkið byggir á ástar- og örlagasögu Ragnheiðar Brynjólfsdóttur í Skálholti, forboðnu ástarsambandi hennar við Daða Halldórsson og deilum hennar við föður sinn, Brynjólf biskup Sveinsson.

Einvalalið einsöngvara kemur fram í verkinu auk Þóru; Viðar Gunnarsson, Eyjólfur Eyjólfsson, Alina Dubik, Bergþór Pálsson, Guðrún Ólafsdóttir, Jóhann Smári Sævarsson, Jóhann Kristinsson og Björn Ingiberg Jónsson. Ásamt þeim flytja verkið Kammerkór Suðurlands og 50 manna sinfóníuhljómsveit.



**RAGNHEIÐUR ÞÓRA EINARSDÓTTIR** Fer með hlutverk Ragnheiðar biskupsdóttur í örlagasögu um forboðnar ástir.

Óperan „Ragnheiður“ er án efa eitt metnaðarfyllsta verk sem Gunnar Þórðarson hefur tekist á við á sínum ferli. Þóra segir hann vera í essinu sínu.

„Þetta er Gunni Þórðar eins og hann gerist bestur. Eins og svo mörg merk tónskáld hefur hann frábæra tilfinningu fyrir laglínu.“

Þeir Gunnar og Friðrik hafa unnið að óperunni í um fjögur ár. Verkið verður flutt 16., 17. og 18. ágúst. Miðasala á Ragnheiði hefst innan tíðar. **bergsteinn@frettabladid.is**



# Antí-klímax á Listahátíð

TÓNLIST ★☆☆☆☆

**CAT 192**

Verk eftir Hlyn Aðils Vilmarsson og Ilan Volkov á lokatónleikum Listahátíðar í Reykjavík

**ELDBORG, HÖRPU, 2. JÚNÍ**

Ég bjóst við meiru á lokatónleikum Listahátíðar. Þeir voru haldnir í Eldborg Hörpu á sunnudagskvöldið. Flutt var verk eftir Hlyn Aðils Vilmarsson og Ilan Volkov. Í fréttatilkynningu frá Listahátíð stóð að verkið hefði verið skrifað fyrir og yrði flutt af „einstöku hljómburðarkerfi Eldborgar“.

Ég held að flestir hafi skilið það þannig að verkið ætti að vera leikur að hljómburði Eldborgarinnar. Að sjálfur salurinn myndi syngja í mismunandi stillingum. Jú, vissulega voru alls konar hlerar í salnum á hreyfingu megnið af tímanum. Því fylgdi þrusk og suð. En maður fékk aldrei að heyra hvernig breytilegar stillingar á hljómburði salarins virka. Það hefði verið gaman að hlýða á hljóðfæraleik, söng, EITTHVAÐ á meðan verið var að opna og loka hlerunum. Upplifa hvernig hljómburðurinn, sem er mjög sveigjanlegur, breytist með mismunandi stillingu.

Því var ekki að heilsa, svo ekki er annað hægt að segja en að útkoman hafi verið óttalega tilgangslaus. Bara hurðir að opnast og lokast! Það var ekki beint sæmandi Listahátíð, hvað þá sem lokahnykkur hátíðarinnar.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Tónverk sem var lítið annað en hljóð í hurðum var ekki beint merkilegur endir Listahátíðar.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 6. JÚNÍ 2013**

### Fræðsla

**20.00** Hafnarborg býður upp á gönguferð um Hellisgerði í fylgd með Steinari Björgvinssyni skógfræðingi sem segir frá trjám og gróðri í garðinum. Gönguferðin hefst við inngang Hellisgerðis sem snýr að Reykjavíkurvegi og tekur um klukkustund. Fólk er hvatt til að klæða sig eftir veðri.

### Sýningar

**17.00** Opnun sýningarinnar Lýðveldið í strætinu fer fram 6. júní kl. 17. Listamennirnir eru Anna Jóa, Bryndís Jónsdóttir, Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Hildur Margrétardóttir, Hlíf Ásgrímsdóttir, Kristín Geirsdóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá og Ólöf Oddgeirsdóttir.

### Málþing

Málstofa um Bláa skjöldinn á Íslandi fer fram fimmtudaginn 6. júní kl. 9 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands.

### Tónlist

**12.00** Hádegistónleikar Alþjóðlegs Orgelsumars í Hallgrímskirkju fara fram á fimmtudag kl. 12. Örn Magnússon spilar á orgel og Marta G. Halldórsdóttir, sópran, koma fram. Aðgangseyrir er kr. 1700.

**16.00** Jóhann Helgason kemur fram á tónleikaröð ABC barnahjálpar í lista- og minningamiðstöðinni Líf fyrir líf á Laugavegi 103 (við Hlemm, á móti 10-11). Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Kór Neskirkju heldur vortónleika í Kristskirkju fimmtudagskvöldið 6. júní kl. 20. Miðaverð er kr. 1000 og fer miðasala fram við inngang.

**21.00** Blúsbandið Síðasti séns skemmtir á Café Rosenberg.

**22.00** Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*




PIPAR\TBWA • SÍA • 122400



© Inter IKEA Systems B.V. 2013

***nýtt***

**METOD/VEDDINGE/ MAXIMERA/TUTEMO eldhús**

# 677.550,-

Innifalið í verði: Vaskur, blöndunartæki, borðplata, ljúflokur og höldur. Heimilistæki og ljós eru seld sér.

METOD skápar með hvítri þynnu. Lakkaðar VEDDINGE hurðir/skúffuframhliðar. MAXIMERA skúffur úr duftlökkuðu stáli og með þynnu. Rauðlakkaðir TUTEMO opnir skápar. Með BLANKETT álhöldum og rauðri/hvítri HÄLLESTAD borðplötu, sem snúa má við, með hvítum kanti.

## METOD er glæný eldhúslína IKEA

Möguleikar METOD eru meiri en nokkru sinni fyrr hvað varðar skipulag, stíl og hirslur svo að þú njótir enn meira frelsis þegar þú hannar draumaeldhúsið þitt.

**Fjölhæft eldhús á góðu verði!**


HUGSAÐU ELDHÚS
UPP Á NÝTT
IKEA



## TÓNNINN GEFINN

Kjartan Guðmundsson

# Frískur og fjörugur

Í fyrrakvöld varð ekki hjá því komist að ræða vinsælasta mann landsins í þaula yfir kollu í góðra vina hópi, enda við allir á þeim aldri að Hemmi Gunn hefur aldrei verið langt undan. Meðal þess sem rifjað var upp voru fyrstu minningarnar okkar um Hemma. Einn mundi eftir að hafa kornungur séð sjónvarpsmanninn ræða við nýfrægan Bubba Morthens um slagsmál í óvenjulegu Áramótaskaupi, öðrum var ofarlega í huga glettin útvarpslýsing á Evrópuleik í handbolta snemma á 9. áratugnum, en sjálfur man ég fyrst eftir Hemma sem tónlistarmanni.



Söngævintýrið Rauðhetta & Hans og Gréta, sem Geimsteinn gaf út árið 1980, var uppáhaldsplatan mín megnið af æskuárunum. Ég man vel eftir að hafa setið á gólfinu fyrir framan plötuspilarann og raulað með lögunum hans Gylfa Ægis en myndin af Hemma, í hlutverki veiðimannsins, á umslaginu er ekki síður eftirminnileg. Þar er glókollurinn í fullum skrúða, sterklegur skrokkurinn gerður jafnvel enn vígalegri með hjálp þeirra tíma tækni, en brosið og kátínan í fyrirrúmi eins og ávallt. Það var eitthvað við þennan mann, burtséð frá því hvort hann var endilega sá tónvissasti í bransanum, enda útskýrði Hemmi margoft að hann hefði í raun látið narra sig út í tónlistariðnaðinn og leit aldrei á sjálfan sig sem neinn stórsöngvara. Rétt eins og með fótboltann og handboltann (Hemmi var slíkt náttúrutalent í íþróttum að hann nennti ekki að velta hlutunum of mikið fyrir sér og gerðist landsmaður í hvoru tveggja) lét hann bara vaða, enda yfir það hafinn að taka gagnrýni of nærri sér.

Hemmi Gunn söng líka á plötum Áhafnarinnar á halastjörnunni og Sumargleðinnar, auk þess að gefa út barnaplötu með Dengsa (Ladda), jólaplötu með Rúnari Júlíussyni og ýmislegt fleira. Sem tónlistarmanns verður hans þó sennilega helst minnst fyrir einu sólóplötu sína, sem heitir því viðeigandi nafni Frískur og fjörugur og kom út vorið 1984. Eins og „költ"-hyllin sem platan hefur notið síðustu árin gefur til kynna er þarna á ferð ein stærsta stuðbomba sem tekist hefur að fanga á segulband. „Það greip um sig mikil spenna í bransanum þegar það spurðist út að ég væri að gera þessa plötu og sjálfur rokkkóngurinn, Bubbi Morthens, flýði af landi brott þegar hún kom út," grínaðist Hemmi í viðtali við útkomu plötunnar og gagnrýnendur voru hrifnir. „Allir skýjabólstrar og öll svartsýnissjónarmið hljóta að hverfa eins og dögg fyrir sólu," sagði Árni Johnsen í Mogganum og Árni Daníel Júlíusson í NT sagði hana standa fyllilega fyrir sínu sem partíplötu. Það eru orð að sönnu og kalla ég nú eftir endurútgáfu á þessari einu sólóskífu Hemma Gunn, helst í veglegum umbúðum og með áður óútgefnu efni ef völ er á. Minna má það nú varla vera.

## Í spilaranum





**Queens of the Stone Age** - ...Like Clockwork
**The National** - Trouble Will Find Me
**Justin Timberlake** - Mirrors






**OZZY OSBOURNE** 13 er fyrsta hljóðversplata Ozzy Osbourne með Black Sabbath í 35 ár. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sabbath snýr aftur

Nítjánda hljóðversplata Black Sabbath er loksins að koma út eftir langa bið.

Breska þungarokksveitin Black Sabbath gefur út nítjándu hljóðversplötu sína, sem ber nafnið 13, eftir helgi.

Platan er fyrsta hljóðversplata þessarar fornfrægu sveitar síðan platan Forbidden kom út árið 1995 og sú fyrsta með upphaflega söngvaranum Ozzy Osbourne og bassaleikaranum Geezer Butler síðan tónleikaplatan Reunion, sem hafði að geyma tvö ný lög, kom út árið 1998. Í raun er þetta fyrsta hreinræktaða hljóðversplatan með Osbourne í 35 ár, eða síðan Never Say Die! kom út árið 1978 og sú fyrsta með Butler síðan Cross Purposes kom út árið 1994.

Upptökustjóri 13 er sjálfur Rick Rubin, sjöfaldur Grammy-verðlaunahafi sem hefur starfað með mörgum af þeim stærstu í bransanum, til dæmis Metallica, Red Hot Chili Peppers, Slayer, Slipknot og Johnny Cash. Átta lög eru á plötunni, þar á meðal End of the Beginning, Loner og Dear Father, og fimm þeirra eru yfir átta mínútna löng.

Upphaflegir meðlimir Black Sabbath byrjuðu að vinna að nýrri hljóðversplötu árið 2001 með aðstoð Rick Rubin. Upptökunum var frestað vegna þess að Osbourne var sjálfur að vinna að sólóplötu og á endanum ákváðu hinir meðlimirnir að einbeita sér að öðru, þar á meðal rokksveitinni Heaven & Hell.

Það var ekki fyrr en árið 2011 sem Black Sabbath tilkynnti að hún ætlaði að hefja vinnu við nýju plötuna á nýjan leik, og enn var Rubin á sínum stað. Upptökurnar fóru fram í Los Angeles og auk upphaflegu meðlimanna Osbourne, Butler og gítarleikarans Tony Iommi spilaði Brad Wilk úr Rage Against the Machine og Audioslave með þeim á trommur eftir að upphaflegi trymbillinn Bill Ward hafði dregið sig út úr verkefninu.

Vefsíðan Allmusic er yfir sig hrifin af 13 og gefur henni fjórar og hálfa stjörnu af fimm mögulegum á meðan tímaritið Rolling Stone gefur henni þrjár og hálfa af fimm. Metal Hammer segir plötuna betri en nokkur hefði búist við og gefur henni níu af tíu mögulegum.

Black Sabbath hefur auglýst tónleikaferð um Bretland í desember. Fyrstu tónleikarnir verða í O2-höllinni í London 10. desember. Þeir síðustu verða í gamla heimabæ sveitarinnar, Birmingham, tíu dögum síðar.

freyr@frettabladid.is

## Frumkvöðlar þungarokksins

Black Sabbath var stofnuð í Birmingham á Englandi árið 1968. Gítarleikarinn Tony Iommi er eini meðlimurinn sem hefur allan tímann verið í hljómsveitinni, en Ozzy Osbourne var rekinn árið 1979 vegna mikillar eiturlyfjanotkunar. Black Sabbath er einn af frumkvöðlum þungarokksins, meðal annars vegna plötunnar Paranoid sem kom út árið 1970. Sveitin hefur selt yfir 70 milljónir hljómplatna og var vígð inn í Frægðarhöll rokksins árið 2006.

## 30.5.2013 → 5.6.2013



### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | **Daft Punk / Pharrell** | **Get Lucky** |
| ▶ | 2 | Justin Timberlake | Mirrors |
| ▲ | 3 | Robin Thicke | Blurred Lines |
| ▲ | 4 | Emmelie de Forest | Only Teardrops |
| ▲ | 5 | Capital Cities | Safe and Sound |
| ▼ | 6 | Pink / Nate Ruess | Just Give Me a Reason |
| ▼ | 7 | Valdimar | Beðið eftir skömminni |
| ▲ | 8 | Christina Aguilera / Pitbull | Feel This Moment |
| ✱ | 9 | KK / Maggi Eiríks | Á sjó |
| ▶ | 10 | Macklemore & Ryan Lewis | Can't Hold Us |



### TÓNLISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | ***KK & Maggi Eiríks*** | ***Úti á sjó*** |
| ▲ | 2 | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ▼ | 3 | Daft Punk | *Random Access Memories* |
| ▶ | 4 | Ýmsir | *Pottþétt 59* |
| ▲ | 5 | Ýmsir | *This Is Icelandic Indie Music* |
| ▲ | 6 | Ýmsir | *Tíminn flýgur áfram* |
| ▲ | 7 | Of Monsters and Men | *My Head Is an Animal* |
| ▼ | 8 | Ýmsir | *Eurovision Song Contest 2013: Malmö* |
| ▼ | 9 | Bubbi Morthens | *Stormurinn* |
| ▲ | 10 | Retro Stefson | *Retro Stefson* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

PIPAR\TBWA\SÍA - 131768

Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?




# Til hamingju *með tilnefninguna* Fida

**Fida Muhammad Abu Libdeh hefur verið valin í topp tíu framúrskarandi ungra Íslendinga.**

Fyrirtæki Fidu, **GeoSilica Iceland ehf.**, sem ætlað er að vinna hágæða kísil-heilsuvörur úr kísilríku affallsvatni jarðvarmavirkjana, var jafnframt valið ein af 10 bestu viðskipta-hugmyndunum í Gullegginu 2013, frumkvöðlakeppni á vegum Innovit. Þá hlaut fyrirtækið nýverið styrk frá Rannís sem tryggir rekstur næstu þrjú árin.

GeoSilica Iceland ehf. er eitt af fjölmörgum sprotafyrirtækjum sem hefur aðstöðu í frum-kvöðlasetrinu Eldey á Ásbrú en Fida stofnaði það ásamt Burkna Pálssyni og fyrirtækinu Ögnum ehf. í framhaldi af lokaverkefnum þeirra í orku- og umhverfistæknifræðinámi hjá Keili.

Í sögu Fidu kristallast það samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs sem byggst hefur upp á Ásbrú. **Ásbrú er suðupottur tækifæra!**




ÁSBRÚ

Kadeco — Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.asbru.is

# Markaður í Bíó Paradís

### Bíópopp og bjór verður í boði á tilboðsverði. Mynddiskar og vínylplötur seldar.

Á laugardaginn ætlar Bíó Paradís að breyta út af vananum og efla til markaðar í húsnæðinu á milli klukkan 12 og 17. Þar verður hægt að kaupa föt, vínylplötur, DVD-myndir, spólur eða enn aðrar gersemar. Einnig ætla starfsmenn bíóhússins að bjóða til sölu brakandi ferskt bíópopp, sælgæti og kaffi og er bjórinn á tilboðsverði. Leynigestir láta sjá sig og tónlist frá kunnum tónlistarmönnum fær að hljóma. Nú þegar eru öll pláss seld í Bíó Paradís og því verður eflaust nóg að gera í bíóhúsinu á laugardaginn.




**EKKI BARA BÍÓ** Á laugardaginn verður eflt til markaðar í Bíó Paradís.

# Vildi ekki Han Solo

### Al Pacino kann ekki að velja sér hlutverk.

Al Pacino segist hafa hafnað mörgum stórum hlutverkum í gegnum tíðina. Hann segir til að mynda að honum hafi verið boðið hlutverk Han Solo í Star Wars. „Ég mátti fá Star Wars ef ég vildi en ég skildi bara ekkert í handritinu.“ Leikarinn segist einnig hafa neitað hlutverki Bruce Willis í Die Hard-myndunum og aðalhlutverkinu í Pretty Woman, sem Richard Gere hneppti. Hann tekur þessu þó öllu með stóískri ró. „Ég er bara ekki nógu góður í að sjá hvaða hlutverk eru góð og hver eru það ekki.“



**HAFNAÐI STAR WARS OG DIE HARD** Stórleikarinn Al Pacino hefur hafnað mörgum góðum hlutverkum.



**HLUTU GULLPÁLMANN EFTIRSÓTTA** Aðalleikkonur myndarinnar, Adèle Exarchopoulous og Léa Seydoux, sælar eftir Cannes-hátíðina.

# Sigurmynd Cannes-hátíðarinnar í bíó

### Myndin fjallar um ástarsamband tveggja stúlkna.

Sigurmynd Cannes-kvikmyndahátíðarinnar Blue Is the Warmest Color, eða La Vie D'Adèle Chapitres 1 et 2, verður sýnd á vegum Græna ljóssins í haust. Kvikmyndin hlaut mikla athygli á hátíðinni en sagan segir frá hinni 15 ára gömlu Adèle, sem langar að verða kennari. Líf hennar gjörbreytist þegar hún kynnist hinni bláhærðu Emmu sem nemur við listaskóla í nágrenninu. Leikstjórinn Steven Spielberg fór fyrir dómnefndinni á Cannes að þessu sinni og þótti taka óvenjulega ákvörðun þegar hann veitti leikstjóra myndarinnar og aðalleikkonunum tveimur Gullpálmann eftirsótta. Að mati Spielbergs er kvikmyndin „stórkostleg ástarsaga um djúpstæða ást og nístandi hjartasorg sem áhorfendur fylgjast með, líkt og flugur á vegg, frá upphafi til enda“.





HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


# Feðgar brotlenda á jörðinni í After Earth

### Feðgarnir Will og Jaden Smith leika aðalhlutverkin í glænýrri hasarmynd.

Nýjasta kvikmynd leikstjórans M. Night Shyamalan er komin í bíó. Þar leika aðalhlutverkin feðgarnir Will og Jaden Smith.

Söguþráðurinn er á þann veg að Cyper Raige (Will Smith) er fremur styggur faðir og harður í horn að taka. Hann brotlendir ásamt syni sínum Kitai (Jaden Smith) á jörðinni, þúsund árum eftir að hún var skilin eftir í rústum. Jörðin hefur þá fengið að dafna algerlega óáreitt og óþekktar dýrategundir ráða þar ríkjum. Cyper og Kitai þurfa að læra að vinna saman og treysta hvor öðrum til að eiga minnstu möguleika á að sleppa í burtu og snúa til heimaplánetunnar sinnar, Nova Prime, á ný.

M. Night Shyamalan er indversk-amerískur leikstjóri sem sló í gegn með draugamyndinni The Sixth Sense árið 1999. Hann fylgdi henni eftir með myndinni Unbreakable sem fékk fína dóma og á eftir henni kom Signs með Mel Gibson í aðalhlutverki.

Segja má að myndir hans hafi fengið versnandi dóma með hverju árinu eftir að The Sixth Sense kom út og verður því athyglisvert að sjá hvernig After Earth á eftir að vegna. Allar umbúðirnar eru að minnsta kosti til staðar, stórstjarna í aðalhlutverkinu og tölvubrellurnar eins og þær gerast bestar.

Will Smith hefur getið sér gott orð fyrir geimverumyndirnar þrjár Men In Black. Hann lýsti því nýlega yfir að hann hefði ekki áhuga á að leika í þeirri fjórðu, sem er í undirbúningi.

Smith þarf ekki að kvarta undan verkefnaskorti. Þessa dagana er að hann við upptökur á Winter´s Tale ásamt Russell Crowe og Colin Farrell. Þrjár framhaldsmyndir eru einnig á teikniborðinu, eða I, Robot 2, Hancock 2 og Bad Boys 3 og því ljóst að Smith hefur langt í frá sagt skilið við slíkar myndir þótt hann muni líklega ekki leika í Men In Black 4.

Sonur hans Jaden Smith lék síðasta á móti pabba sínum í The Pursuit of Happyness en vakti enn meiri athygli fyrir frammistöðu sína í endurgerð The Karate Kid.



**AFTER EARTH** Jaden Smith leikur á móti pabba sínum Will Smith í hasarmyndinni After Earth.



## Versnandi dómar hjá Shyamalan

| | |
|---|---|
| 1999: Sixth Sense | 8,2 |
| 2000: Unbreakable | 7,2 |
| 2002: Signs | 6,7 |
| 2004: The Village | 6,5 |
| 2006: Lady in the Water | 5,6 |
| 2008: The Happening | 5,1 |
| 2010: The Last Airbender | 4,4 |

**Heimild:** Imdb.com.

# Geimverur og galdrakarlar

### Stórmyndirnar After Earth og Now You See Me voru frumsýndar í vikunni.

Tvær stórmyndir voru frumsýndar í íslenskum kvikmyndahúsum í vikunni.

Kvikmyndin Now You See Me var frumsýnd á þriðjudaginn. Myndin fjallar um hóp töframanna sem fremur magnað bankarán á miðri sýningu í Las Vegas og dreifir ránsfengnum á meðal áhorfenda. FBI kemst fljótlega á bragðið en getur með engu móti sannað neitt, til að byrja með að minnsta kosti.

Það er Louis Leterrier sem leikstýrir myndinni en hann er maðurinn á bak við Clash of the Titans, The Incredible Hulk og Transformers-myndirnar. Leikarar myndarinnar eru heldur ekki af verri endanum en Jesse Eisenberg, Mark Ruffalo, Woody Harrelson, Michael Caine og Morgan Freeman eru þar á meðal.

Kvikmyndin After Earth var frumsýnd í gær en myndin skartar feðgunum Will og Jaden Smith í aðalhlutverkum. Í myndinni er saga feðganna Cyper Raige og Kitai sögð. Feðgarnir búa á plánetunni Nova Prime og samband þeirra feðga er erfitt. Þegar geimfar þeirra brotlendir á plánetunni Jörð verða þeir að vinna saman til þess að komast af. Á jörðinni ráða nefnilega óþekktar dýrategundir ríkjum og því reyna þeir feðgar allt hvað þeir geta til þess að snúa til heimaplánetunnar á ný. Myndinni leikstýrir M. Night Shyamalan en hann leikstýrði The Sixth Sense og Unbreakable.

Heimildarmyndin Sirius er frumsýnd í Bíó Paradís á föstudaginn en myndin fjallar um agnarsmáa veru sem fannst í Atcama eyðimörkinni í Síle. Myndin er innblásin af bók Dr. Steven Greer, Hidden Truth, Forbidden Knowledge, en hann hefur um langt skeið reynt að fá bandarísk stjórnvöld til að birta upplýsingar um líf geimvera. Í myndinni er því haldið fram að ákveðin leynd hvíli yfir tilvist geimvera. **- ka**



**TRYLLT TÖFRABRÖGÐ** Hópur töframanna fremur bankarán á miðri sýningu en það reynist þrautin þyngri fyrir FBI að komast að hinu sanna.




PIPAR\TBWA • SÍA • 131468



**LÍÐUR EKKI VEL** Paris Jackson, dóttir Michaels Jackson, reyndi að fremja sjálfsvíg í gær.

# Dóttir Jackson reyndi að fremja sjálfsvíg

Paris Jackson er á sjúkrahúsi eftir misheppnaða sjálfsvígstilraun.

Paris Jackson, dóttir Michaels Jackson heitins, var lögð inn á sjúkrahús í Los Angeles í gær. Slúðurmiðlar vestanhafs segja ástæðuna vera misheppnaða sjálfsvígstilraun. Hringt var í neyðarlínuna aðfaranótt þriðjudagsins og talið að um of stóran lyfjaskammt hefði verið að ræða. Aðrir miðlar halda því fram að hún hafi verið með skurði á úlnliðnum. Paris er einungis fimmtán ára gömul, en hún er fædd árið 1998. Henni og systkinum hennar hefur tekist að halda sér vel frá kastljósi fjölmiðla frá því að faðir þeirra lést árið 2009. Það er þó ljóst að eitthvað er að bjaga stúlkuna og því vonandi að hún nái sér að fullu eftir atvikið.






**OASIS** Tuttugu ára afmæli fyrstu plötu Oasis, Definitely Maybe, er á næsta ári.

# Liam vill stíga aftur á svið með Oasis

Söngvarinn telur að lokakafla sveitarinnar vanti.

Liam Gallagher hefur lýst yfir áhuga sínum á að koma fram að nýju með Oasis á næsta ári í tilefni tuttugu ára útgáfuafmælis fyrstu plötu sveitarinnar, Definitely Maybe.

Gallagher, sem syngur nú með hljómsveit sinni Beady Eye, segist í samtali við NME ekki hafa talað við bróður sinn Noel, höfuðpaur Oasis, í langan tíma. Þrátt fyrir það telur Liam að enn eigi eftir að loka Oasis-kaflanum almennilega og segist jafnvel vera reiðubúinn að koma fram með sveitinni án þess að þiggja greiðslu fyrir. Við gætum grafið stríðsöxina fyrir stuttan heiðurshring,“ segir söngvarinn.



**POLIR EKKI ÁREITNINA** Denzel Washington fer ekki í bíó meðal almennings.

## Fer aldrei í bíó

Denzel Washington segist aldrei fara í bíó þar sem hann segir að ágengir ljósmyndarar skemmi upplifunina fyrir honum. „Ég fer ekki í bíó. Þetta verður alveg óþolandi, þar sem maður þarf að fara í ákveðin kvikmyndahús. Ég fór í bíó í Los Angeles einu sinni og þegar ég kom út stóðu þeir þarna og biðu. Þetta skemmir alveg fyrir,“ sagði stórleikarinn í viðtali við dagblaðið Metro.

## Brad kemur konu sinni á óvart

Leikkonan Angelina Jolie varð 38 ára í gær en unnusti hennar, leikarinn Brad Pitt, ákvað að koma konu sinni á óvart og bauð henni út að borða á mánudaginn.

Kvöldverðurinn átti sér stað í borg ástarinnar, París, eftir frumsýningu nýjustu myndar Brads, World War Z. Hjónaleysin snæddu á veitingastaðnum Il Vino og fengu sér allt það besta sem veitingastaðurinn hefur upp á að bjóða og skoluðu því niður með frönsku víni.



**YFIR SIG ÁSTFANGIN** Brad kann enn að gera vel við konu sína.



**VEL AÐ TITLINUM KOMIN** Victoria Beckham er kona áratugarins samkvæmt tímaritinu Glamour.

## Kosin kona áratugarins

**Victoria Beckham var kosin kona áratugarins í árlegu teiti tímaritsins Glamour á dögunum. Þessi fyrrverandi Kryddpía mætti í boðið með elsta son sinn, Brooklyn, upp á arminn og þakkaði honum fallega fyrir að koma með sér. „Takk Brooklyn, best klæddi maðurinn hér í kvöld, fyrir að vera herrann minn.“ Hún sendi að sjálfsögðu einnig eiginmanni sínum, knattspyrnukappanum fyrrverandi David Beckham, bestu þakkir.**

BRJÁLUÐ...

# LAGERSALA NTC

Lynghálsi 5



# LOKADAGAR

## 6 verð !!

**500 - 1000 - 2000 - 3000 - 4000 - 5000**

jakkar - buxur - kjólar - skyrtur - bolir - peysur - úlpur - skór - stígvél - fylgihlutir

Ekki missa af þessu !

flott merki frá verslunum NTC :

gallerisautján - Kultur menn - gs skór - focus - KARAKTER KONUR - Kultur

COMPANYS - Deres - SMASH - Sparkz - URBAN - eva




## Allt á að seljast

opið frá kl. 11-18

Lagersala NTC- Lynghálsi 5 - 110 Reykjavík




Lyngháls 5

# Mammút á LungA-hátíðinni

## Fjölmargar hljómsveitir koma fram á listhátíðinni Lunga á Seyðisfirði.



**MAMMÚT** Hljómsveitin Mammút spilar á listahátíðinni LungA á Seyðisfirði.

Hljómsveitirnar Mammút, Úlfur Úlfur, Ghostigital, Grísalappalísa, FM Belfast og hin danska Rangleklods koma fram á listahátíðinni LungA sem verður haldin í fjórtánda sinn á Seyðisfirði í sumar.

Vikuna 14.-21. júlí fyllist bærinn af ungmennum sem flykkjast á hátíðina til þess að taka þátt í skapandi vinnusmiðjum, listsýningum, hönnunarsýningum og fjölbreyttum listviðburðum, hlusta á fyrirlestra og vera hluti af því andrúmslofti sem myndast á hátíðinni.

Miðasala á tónleikana fer fram á Midi.is og kostar 3.900 kr. ef keypt er á netinu. Verðið hækkar í 4.900 kr. ef keypt er við hurð.

# Athygli frá brjóstunum

## Leikkonan Sofia Vergara notar alltaf eyrnalokka.



**FERTUG OG FLOTT** Sofia Vergara stendur á fertugu og lítur glæsilega út.

Leikkonan barmmikla Sofia Vergara segist nota áberandi eyrnalokka til þess að draga athygli frá brjóstunum. „Ég nota yfirleitt alltaf eyrnalokka, til þess að beina athyglinni upp,“ sagði Vergara í viðtali við The New York Post. Leikkonan fertuga notar brjóstahaldarastærð 32F og segist alltaf klæðast kjólum sem hæla vextinum. „Ég veit nákvæmlega hvað fer mér vel í dag. Ég gæti aldrei klæðst neinu brjóstahaldaralaus því brjóstin á mér eru úti um allt.“






**SÉRKENNILEG** Söngkonan Lady Gaga er vægast sagt sérvitur.

# Gervinögl Gaga seld á 1,5 milljónir

Gervinögl Lady Gaga seldist á dögunum á 12.000 dali, sem svarar til um einni og hálfri milljón íslenskra króna. Söngkonan týndi gervinögl á tónleikum sínum í Dublin í september á síðasta ári en sviðsmaður tónleikanna fann nöglina að þeim loknum. „Ég tók eftir einhverju á sviðsgólfinu sem ég hélt að væri gítarnögl. Ég tók svo eftir því að þetta var stór gervinögl,“ sagði sviðsmaðurinn, sem græddi sannarlega á sölunni.



**KEMST Í UPPNÁM** Bresku leikkonunni Helenu Bonham Carter finnst ekki gaman að verða fyrir gagnrýni.

# Tekur gagnrýninni illa

Helena Bonham Carter kemst í uppnám þegar hún er gagnrýnd fyrir fataval sitt. Leikkonan breska er þekkt fyrir að hafa einstakan og öðruvísi stíl en tekur því persónulega þegar hún les fréttir af fólki sem gagnrýnir útlit hennar. „Ég elska föt og ég elska að klæða mig fínt upp, og ég elska hvernig föt láta mér líða,“ segir Helena í viðtali við bresku útgáfu tímaritsins Vogue. „Mér bregður því alltaf þegar ég sé mynd af mér og reyni að komast hjá því að skoða þær. Það er óþægilegt að fá móðgandi athugasemdir því þú heldur alltaf að þú lítir vel út. Annars myndir þú ekki fara út úr húsi eins og þú ert klæddur, er það nokkuð?“



**MEÐ ÞEIM SKRÍTNARI** Karl Lagerfeld hefur margoft komist í fréttirnar fyrir stórundarlega hegðun sína.

# Karl vill giftast kettinum sínum

Karl Lagerfeld vill giftast kettinum sínum. Fatahönnuðurinn sérvitri er svo hrifinn af kettinum sínum, Choupette, að hann borgar tveimur þjónustukonum fyrir að sjá um hann allan sólarhringinn á heimili sínu í París. Kötturinn á þar að auki sinn eigin iPad og er með aðgang að Twitter. Lagerfeld sagði í viðtali við CNN að það væru vonbrigði að menn og dýr gætu ekki enn gengið í hjónaband. „Ég hélt aldrei að ég myndi verða svona ástfanginn af ketti,“ bætti Lagerfeld við. Heimildarmenn vestanhafs segja að Lagerfeld hafi tekið köttinn að sér eftir að hafa passað hann í tvær vikur og neitað að skila honum í kjölfarið.

# Rocknroll-barn í þriðja sinn

Hin 37 ára Kate Winslet á von á sínu þriðja barni síðar á þessu ári með eiginmanni sínum, Ned Rocknroll. Fyrir á hún tólf ára dóttur með fyrrverandi eiginmanni sínum til þriggja ára, Jim Threapleton. Einnig á hún tíu ára son með Sam Mendes, en sambandi þeirra lauk árið 2010 eftir sjö ára hjónaband. „Ég vona að ég eignist fleiri börn, kannski eitt eða tvö, það væri yndislegt,“ sagði Kate Winslet í samtali við InStyle árið 2006. Árið 2011 ferðaðist Kate Winslet til Neckereyja í boði Richards Branson, eiganda Virgin-stórveldisins, og kynntist þar núverandi eiginmanni sínum, Ned Rocknroll, frænda Bransons. Þau giftu sig í desember síðastliðnum í New York.

- mmm



**ÓSKARSVERÐLAUNAHAFI** Kate Winslet öðlaðist heimsfrægð með leik sínum í myndinni Titanic á sínum tíma.

# Mynduð af Rolling Stone

Ekkert lát virðast vera á vinsældum hljómsveitarinnar Of Monsters and Men, sem er nú á tónleikaferðalagi um Bandaríkin. Á dögunum komu þau fram á CBC-tónlistarhátíðinni í Toronto.
Amy Davis, ljósmyndari hjá tónlistartímaritinu Rolling Stone, fylgdi þeim eftir á hátíðinni og tók myndir af hljómsveitinni baksviðs. Á þeim sést meðal annars íslenskur fatnaður frá Kron by Kronkron og Jör by Guðmundur Jörundsson sem krakkarnir klæðast á sviðinu. Þá sést glitta í íslenska lagalistann á myndunum.

- þþo



**OF MONSTERS AND MEN** Ekkert lát virðist vera á vinsældum Of Monsters and Men.



# Gefur út lauflétta sjálfshjálparbók

Daníel Geir Moritz gefur út sína fyrstu bók í dag, *Að prumpa glimmeri*.



**GRÍNISTI OG RITHÖFUNDUR** Daníel Geir Moritz gefur í dag út bókina Að prumpa glimmeri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Ég byrjaði að skrifa þessa bók sem ádeilu á sjálfshjálparbækur en þegar ég var kominn af stað féll ég á eigin bragði og fór að velta fyrir mér hversu vel manni gengur í lífinu ef maður er byrjaður að prumpa glimmeri,“ segir Daníel Geir Moritz.

Hann gefur út sína fyrstu bók í dag en bókina segir hann vera lauflétta sjálfshjálparbók og meginmarkmið bókarinnar sé fyrst og fremst að fá lesandann til að brosa.

„Ég hef mikinn áhuga á sjálfsrækt og sjálfsmynd en í bókinni tala ég almennt um lífið, álit annarra og jafnvel bleika fíla. Ég skrifaði bókina í Powerpoint og því er þetta svokölluð flettibók með stuttum texta á hverri síðu.“

Daníel Geir verður með útgáfuteiti í kvöld í Stúdentakjallaranum þar sem hann mun lesa upp úr bókinni. Auk þess koma Jónas Sigurðsson, Birgir Örn Steinarsson (Biggi Maus) og hljómsveitin Ylja fram á tónleikum í Stúdentakjallaranum í kvöld. Teitið er opið öllum og hægt verður að nálgast bókina á tilboðsverði. - mmm

➜ Daníel Geir var valinn Fyndnasti maður Íslands árið 2011.



**EVE ONLINE** CCP hefur gefið út nýja viðbót við tölvuleikinn Eve Online.

# CCP gefur út Odyssey

Ný viðbót við tölvuleikinn Eve Online er komin út.

Tölvuleikjaframleiðandinn CCP hefur gefið út nýja viðbót við tölvuleik sinn Eve Online. Útgáfan ber heitið Odyssey og inniheldur fjölmargar nýjungar fyrir spilara leiksins sem tengjast þema hennar um ævintýri, ferðalög og könnunarleiðangra í hinum gríðarstóra Eve-alheimi. Þessi heimur samanstendur af yfir 67.000 plánetum, rúmlega 340.000 tunglum og 7.929 sólkerfum.

Odyssey er nítjánda Eve Online-viðbótin sem CCP gefur út í tíu ára sögu leiksins. Allt frá útgáfu Eve Online árið 2003 hefur heimur leiksins vaxið og spilurum hans verið kynntar ýmsar nýjungar gegnum umræddar viðbótarútgáfur sem komið hafa út á hverju ári. Mikið af nýjungum sem koma fram í viðbótarútgáfunum eru þróaðar í samvinnu við spilara leiksins og lýðræðislega kjörið ráð þeirra, Council of Stellar Management (CSM). Fjöldi áskrifenda Eve Online hefur aukist ár frá ári allt frá útgáfu leiksins, og þeir eru í dag yfir 500.000.

Útgáfan er kynnt með markaðsherferð í Evrópu, Norður-Ameríku og Japan.



**AMIINA** Hljómsveitin er að senda frá sér plötuna The Lighthouse Project.

# Mögnuð stemning myndaðist í vitunum

Hljómsveitin Amiina sendir frá sér plötuna The Lighthouse Project.

Hljómsveitin Amiina sendir frá sér nýja stuttskífu með sex lögum á morgun sem ber nafnið The Lighthouse Project. Hún kemur út í bókarbroti sem er ríkulega myndskreytt og verður einnig fáanleg á vínyl.

Tónlistin og myndirnar markast af ferðalagi sem Amiina fór í árið 2009 og spilaði hljómsveitin m.a. í vitum víðs vegar um landið. Fyrir ferðalagið höfðu nýjar útsetningar verið gerðar og ný lög samin með það sérstaklega í huga að passa í smærri rými og til að ná meiri nánd við áhorfendur.

**Saman í sendiferðabíl**

„Þetta var alveg frábært verkefni. Við erum rosalega ánægð með útkomuna, bæði á bókinni og öllu þessu myndræna. Okkur finnst það haldast rosalega vel í hendur,“ segir María Huld Markan Sigfúsdóttir úr Amiinu spurð út í verkefnið.

Hljómsveitin lagði land undir fót í sendiferðabíl sem var troðfullur af hljóðfærum, með einn ljósmyndara og aðstoðarmann. Ferðin var mikið ævintýri og leit stundum út fyrir að verið væri að aka út í algjörar óbyggðir og einskismannsland til að halda tónleika á hjara veraldar.

„Við erum að bjóða fólki að koma með okkur inn í þessa stemningu. Við það að spila tónlist inni í svona litlum rýmum og fjarlægum myndast rosalega mögnuð stemning. Það að spila tónlist í vita er mjög sérstakt, ég mæli með því,“ segir María Huld. „Við áttum svo rosalega mikið af myndefni og þessi ferð varð í raun að sjálfstæðri upplifun sem okkur langaði mikið til að deila með fólki.“

**Sambland af eldra efni og nýju**

Tónlistin sem var leikin í ferðinni var sambland af eldra efni og nýju sem átti það sameiginlegt að vera fallegt og einfalt í uppbyggingu. Á meðal laga sem flutt voru var ábreiða af lagi Lee Hazlewood, Leather and Lace. Amiina hafði átt í samvinnu við Hazlewood aðeins nokkrum vikum fyrir fráfall hans, en þau unnu saman að lagi sem að endingu varð hans síðasta hljóðritun.

Seint á síðasta ári ákvað Amiina að heimsækja Vitaverkefnið á nýjan leik og hljóðrita lögin í þeim útsetningum sem fengu að hljóma á vitatúrnum. Til að aðstoða sig við upptökur fékk sveitin til liðs við sig Ben Frost en Birgir Jón Birgisson sá svo um hljóðblöndun og tónjöfnun.

**Útgáfupartý í kvöld**

Það er Smekkleysa sem dreifir The Lighthouse Project á Íslandi en Sounds of a Handshake/morr music dreifir í Evrópu og Bandaríkjunum.

Útgáfupartý Amiinu vegna plötunnar verður haldið á KEX hosteli í kvöld frá klukkan 17 til 19. Hljómsveitin mun leika tvö lög og léttar veitingar verða í boði. Hægt verður að kaupa plötuna í forsölu á sérstöku partýverði og einnig verða til sölu sex gerðir af póstkortum í tengslum við útgáfuna.

freyr@frettabladid.is

## Var upphaflega strengjakvartett

**Amiina var upphaflega strengjakvartett** sem var stofnaður af fjórum stelpum sem saman sóttu Tónlistarskólann í Reykjavík í lok síðustu aldar. Amiina strengjakvartett varð seinna vel þekktur fyrir samvinnu sína með Sigur Rós, bæði á tónleikum og á plötum sveitarinnar.

**Fyrsta breiðskífa Amiinu,** Kurr, kom út árið 2007 en áður hafði komið út EP-platan AnimaminA.

**Hljóðheimur sveitarinnar** tók stakkaskiptum þegar til liðs við Amiinu gengu trommuleikarinn Magnús Trygvason Eliassen og raftónlistarmaðurinn Kippi Kaninus. Þeir hafa nú verið í Amiinu síðan síðla árs 2009. Önnur plata sveitarinnar, Puzzle, kom út árið 2010 við góðar undirtektir.


# Hugsar þú á ljóshraða?

**365 miðlar eru að leita að snjöllum hugbúnaðarmanni í þróunarteymi sem mun umbylta efnisveitu á Netinu eins og hún þekkist í dag.**

Viðkomandi þarf að hafa þekkingu á java, python, sql, rest/json git og linux. Góð grundvallar þekking á JS, jQuery, CSS og HTML er einnig nauðsynleg. Ef í þér býr eldmóður og ert að leita þér að starfi þar sem beitt er nútímalegum aðferðum við úrlausn verkefna þá bjóðum við upp á vinnustað þar sem þú getur bætt við þekkingu þína og vaxið sem einstaklingur.

Við keyrum agile-verklag, og lean startup hugmyndafræðina. Við hugsum eins og frumkvöðlar.

Háskólamenntunar í tölvunarfræðum eða sambærileg reynsla ásamt amk. 2 ára reynsla í starfi er skilyrði.

**Farið verður með fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.**
**Sótt er um á vef 365 miðla, 365midlar.is. Umsóknarfrestur er til og með 12. júní nk.**



365

BÓKSÖLULISTINN

# METSÖLUBÆKUR FORLAGSINS

## ÍSLENSK SKÁLDVERK




**1.** SÆTI
ÍSLENSK SKÁLDVERK METSÖLULISTI 19. MAÍ - 1. JÚNÍ 2013 BÓKSÖLULISTI

„Ég er þessi týpa. Og allar hinar líka. Skemmtileg bók um fólk sem er óhuggulega líkt fólkinu í kringum mann og fólkinu sem það fer heim með.“

MARGRÉT ERLA MAACK FJÖLMIÐLAKONA

**2.** SÆTI
ÍSLENSK SKÁLDVERK METSÖLULISTI 19. MAÍ - 1. JÚNÍ 2013 BÓKSÖLULISTI

★★★

„Þetta er samtímasaga með mörgum af þeim vandamálum sem fólk á við að stríða ... sagan er vel skrifuð, flækjurnar eru úthugsaðar ...“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„... spennandi, skemmtileg og vel skrifuð.“

GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN

**3.** SÆTI
ÍSLENSK SKÁLDVERK METSÖLULISTI 19. MAÍ - 1. JÚNÍ 2013 BÓKSÖLULISTI

★★★★

„... falleg bók þrátt fyrir hryllinginn ... Það er gott fyrir okkur Íslendinga að vera minntir á þá erfiðu lífsbaráttu, sársauka og hungur sem fólk þurfti að upplifa hér fyrr á tímum.“

SÍMON BIRGISSON / DV

*Endilega kíktu við – næg bílastæði og alltaf heitt á könnunni!*




**www.forlagid.is**
**– alvöru bókabúð á netinu**

Opið virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 11–15
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | 101 Reykjavík | Sími: 575-5636

# Ekkert stress, bara gleði

**BAKPANKAR**
Halldór Halldórsson



Blessuð sé minning Hermanns Gunnarssonar. Blessuð sé minning einlægrar lífsgleði, blessaður sé þessi eftirminnilegi hlátur og þetta einstaka bros. Elsku Hemmi Gunn. Hemmi var einn af örfáum Íslendingum sem heilu kynslóðirnar geta talið til „icon-a“ sinna. Hann skipar sér umsvifalaust á bekk með þröngum hópi eftirminnilegustu persónuleika síðari ára.

Ég gerði stólpagrín að Ríkissjónvarpinu fyrir að setja á dagskrá þátt síðasta vetur sem fjallaði um „Á tali hjá Hemma,“. Á nú að gera þátt um þátt, hugsaði ég, en ákvað að horfa á einn til þess að geta rakkað hann niður á upplýstan hátt í vinnunni mánudaginn eftir. Skemmst er frá því að segja að ég sat límdur við skjáinn næstu föstudaga. Að horfa á brot úr „Á tali hjá Hemma“ er eins og að bruna á hraðlest í gegnum tíðaranda æsku minnar. Þættirnir eru minning um þvílíka tíma. Tíma þar sem púðri og peningum var eytt í sjónvarpsdagskrána, þar sem sjónvarpsmennirnir höfðu yfir sér ævintýralegan blæ og enginn var svo ómerkilegur að ekki var pláss fyrir hann á skjánum. Tímar þar sem við vorum við hæfilega yfirborðskennd og skemmtilega alþýðleg.

Ég fór nokkrum sinnum í viðtal til Hemma á Bylgjunni, þau allra skemmtilegustu sem ég hef tekið þátt í. Bestu umræðurnar fóru þó fram fyrir og eftir upptöku. Þegar Hemmi gaf manni einlæg ráð, um alvöru lífsins. Þar sem hann yfirheyrði mann um líðan foreldra og niðja og sagði manni stórskemmtilegar sögur með milljón persónum sem gerðust úti um allan heim. Einstök upplifun með einstökum manni.

Það liggur ekki beint við, hjá ungum grínista með kjaft, að mæra Hemma Gunn. En ég get ekki annað. Maður sem kennir fólki að hlæja og brosa er maður sem gerir lífið betra. Ég þykist vita að Hemmi hefur brosað og hlegið allt fram á síðustu mínútu. Að endingu vil ég að þú vitir Hemmi, að það er ekkert stress, bara alls ekki. Gleðin lifir. Vertu blessaður.



**SKRAUTLEGA HÚÐFLÚRUÐ** Annar eigenda Reykjavik Ink, Linda Mjöll. MYND/ARNOLD BJÖRNSSON




**EIGINHANDARÁRITUN** Linda Mjöll er með nafn eiginmannsins húðflúrað á sig MYND/ARNOLD BJÖRNSSON

# Getur ekki talið öll tattúin á líkamanum

Linda Mjöll Þorsteinsdóttir er sú íslenska kona sem hefur flest húðflúr.

„Ég var tvítug þegar ég fékk fyrsta húðflúrið en ég var ótrúlega heilluð af tattúm og bara tattú-menningunni. Þegar maður var yngri þá var þetta allt svo dularfullt því maður vissi lítið um húðflúr, en mér hefur alltaf fundist þetta vera ótrúlega spennandi,“ segir Linda Mjöll Þorsteinsdóttir.

Linda er sú íslenska kona sem hefur flest húðflúr og hún sér um skipulagningu hátíðarinnar Icelandic Tattoo Convention ásamt eiginmanni sínum Össuri Hafþórssyni. Hátíðin hefst í dag og stendur yfir til laugardags í portinu hjá Bar 11, Hverfisgötu 18.

Linda Mjöll segir þau hjónin ekki vera húðflúrara þótt þau hafi flúrað hvort annað. „Maður þarf að hafa listina í sér. Þegar ég kynntist manninum mínum fór allt í gang en þá var ég einungis með tvö húðflúr. Ég hef flúrað lítið hjarta á manninn minn og ber eiginhandaráritun hans.“

Aðspurð segist hún ekki geta talið húðflúrin sem hún ber sjálf. „Það eru hreinlega allir útlimir húðflúraðir á mér. Ég get bara ekki talið þau og segi því alltaf að ég sé með fjögur stykki. Það er einfaldara.

Fyrir mér er pínulítill lífsstíll sem fylgir þessu, sem skapar bæði jákvæða og neikvæða athygli en ég finn mest fyrir jákvæðum straumum,“ segir hún glöð í bragði.

Icelandic Tattoo Convention leggst vel í hana eins og áður fyrr. „Við verðum með risa veislutjald í portinu sem er upphitað og kósý. Þetta verður eins og ein stór tattústofa. Það eru átján erlendir húðflúrarar sem mæta og annað áhugafólk um húðflúr og list og það eru allir velkomnir að kíkja við.“

marinmanda@frettabladid.is

## Húðflúr og tilgangur þeirra

Húðflúr og líkamsskreytingar hafa fylgt manninum í þúsundir ára. Húðflúrin hafa þjónað ýmsum tilgangi, til dæmis sem stöðutákn, merki um trúarskoðanir eða jafnvel sem verndartákn. Á Íslandi er húðflúrlistin ung en á undanförnum árum hefur hafa æ fleiri látið skreyta sig með húðflúrum.


SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| NOW YOU SEE ME VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:20 - 10:50 | 12 |
| EPIC ÍSLTAL 3D | KL. 5:50 | L |
| EPIC ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 | L |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 5:10 - 8 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 10:50 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NOW YOU SEE ME | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| AFTER EARTH | KL. 8 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| AFTER EARTH | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| EPIC ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 | L |
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 5:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| AFTER EARTH | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| AFTER EARTH LÚXUS | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| EPIC 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| STAR TREK 3D | KL. 8 - 10.45 | 12 |
| STAR TREK | KL. 8 - 10.45 | 12 |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| AFTER EARTH | KL. 6 - 9 | 12 |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 5.45 | L |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 6 - 9 | 12 |
| THE GREAT GATSBY | KL. 6 - 9 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 9 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| AFTER EARTH | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| FAST & THE FURIOUS 6 | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| EPIC 2D | KL. 6 | L |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| AFTER EARTH | 5, 8, 10.10 | 10 |
| EPIC 3D | 4.30 | L |
| HANGOVER III | 5, 8, 10.10 | 12 |
| FAST & FURIOUS | 7, 10 | 12 |




SIGHTSEERS HANNA ARENDT JAGTEN ON THE ROAD

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS

| | | |
|---|---|---|
| SIGHTSEERS | (16) | 18:00, 20:00, 22:40 |
| IN MEMORIAM? | (L) | 18:00 |
| HANNAH ARENDT | (12) | 17:50 |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 22:00 |
| ON THE ROAD | (16) | 20:00 |
| DÁVALDURINN | (16) | 22:20 |

## iRobot®
RYKSUGUVÉLMENNI

ÞÚ SPARAR 7.000

ROOMBA 630
VERÐ ÁÐUR ...... 69.995
TILBOÐSVERÐ .... 62.995
ÞÚ SPARAR ......... 7.000
# 65742630

35%
REGNMÆLIR
VERÐ ÁÐUR ........... 999
TILBOÐSVERÐ .......... 499
# 63322217

50%
XTRA LANGUR GRILLBURSTI
VERÐ ÁÐUR ........ 1.499
TILBOÐSVERÐ .......... 749
# 63302001

## BRÚÐARGJAFALISTI
GLÆSILEGIR VINNINGAR
INNEIGN & GÓÐGERÐARMÁL

Kannaðu málið

Vinningar 355.174

# HELGARBOMBA
## ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

VEFVERSLUN

byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

43%
KJÚKLINGA STANDUR
VERÐ ÁÐUR ........ 3.499
TILBOÐSVERÐ ...... 1.999
ÞÚ SPARAR ......... 1.500
# 50651333

25%
SMOOTHIE GLAS
VERÐ ÁÐUR ........ 2.999
TILBOÐSVERÐ ...... 2.249
# 72569980

21%
FORERUNNER FR10
HLAUPAÚR • 3 LITIR
VERÐ ÁÐUR ........ 23.900
TILBOÐSVERÐ ...... 18.900
ÞÚ SPARAR ......... 5.000
# 54003903

50%
KÆLIELEMENT
VERÐ ÁÐUR ............ 499
TILBOÐSVERÐ .......... 249
# 63333601

20%
ERGORAPIDO
SKAFTRYKSUGA
VERÐ ÁÐUR ...... 24.900
TILBOÐSVERÐ .... 19.900
ÞÚ SPARAR ......... 5.000
# 65005571

50%
HJÓLAPUMPA
VERÐ ÁÐUR ............ 999
TILBOÐSVERÐ .......... 499
# 16851574

GARMIN
GPSTÆKI
20%
NUVI 40 LM
LEIÐSÖGUTÆKI
LÍFSTÍÐAR UPPFÆRSLA Á KORTI • 5" SNERTISKJÁR
VERÐ ÁÐUR ... 29.900 • TILBOÐSVERÐ ... 23.900 • ÞÚ SPARAR ... 6.000
# 54099018

## ...OG MEÐ KAFFINU

21%
KLEINUHRINGIR
VERÐ ÁÐUR ........ 6.999
TILBOÐSVERÐ ...... 5.499
ÞÚ SPARAR ......... 1.500
# 65001147

25%
KÚLUPINNABOLLUR
VERÐ ÁÐUR ........ 7.999
TILBOÐSVERÐ ...... 5.999
ÞÚ SPARAR ......... 2.000
# 65001123

20%
VÖFFLUR
EKTA BELGÍSKAR
VERÐ ÁÐUR ........ 9.999
TILBOÐSVERÐ ...... 7.999
ÞÚ SPARAR ......... 2.000
# 65002141

33%
KLEINUR
TVÖFALT JÁRN
VERÐ ÁÐUR ........ 5.999
TILBOÐSVERÐ ...... 3.999
ÞÚ SPARAR ......... 2.000
# 41443287

25%
MUFFINS
VERÐ ÁÐUR ........ 7.999
TILBOÐSVERÐ ...... 5.999
ÞÚ SPARAR ......... 2.000
# 65000802

38%
PÖNNUKÖKUR
LÍKA F. SPANSUÐU
VERÐ ÁÐUR ........ 3.999
TILBOÐSVERÐ ...... 2.499
ÞÚ SPARAR ......... 1.500
# 41440663

## KitchenAid®
KYNNINGARVERÐ Á ÞVÍ NÝJASTA

MATVINNSLUVÉL
13 BOLLA
FULLT VERÐ ............. 59.999
KYNNINGARVERÐ ... 53.999
ÞÚ SPARAR ............. 6.000
# 69009003

9 BOLLA
FULLT VERÐ ............. 37.999
KYNNINGARVERÐ ... 34.199
ÞÚ SPARAR ............. 3.800
# 69007001

BRAUÐRIST
FULLT VERÐ ............. 54.999
KYNNINGARVERÐ ... 49.499
ÞÚ SPARAR ............. 5.500
# 69008001

TÖFRASPROTAR
FULLT VERÐ ............. 29.999
KYNNINGARVERÐ ... 26.999
ÞÚ SPARAR ............. 3.000
# 69006001

SAXARI
FULLT VERÐ ............. 14.999
KYNNINGARVERÐ ... 13.499
ÞÚ SPARAR ............. 1.500
# 69005002

HRAÐSUÐUKANNA
FULLT VERÐ ............. 39.999
KYNNINGARVERÐ ... 35.999
ÞÚ SPARAR ............. 4.000
# 69010001

GRILLPRO
PIZZAPANNA
20%
VERÐ ÁÐUR ........ 2.999
TILBOÐSVERÐ ...... 2.399
# 50658140

50%
HITAOFN
VERÐ ÁÐUR ........ 4.999
TILBOÐSVERÐ ...... 2.499
ÞÚ SPARAR ......... 2.500
# 63350258

41%
SPORTSÓLGLERAUGU
VERÐ ÁÐUR ........ 1.099
TILBOÐSVERÐ .......... 649
# 16851901

## Aron í aðgerð vegna hnémeiðsla




**HANDBOLTI** Aron Pálmarsson gekkst í vikunni undir aðgerð á vinstra hné og missir af síðustu vikum tímabilsins af þeim sökum, bæði með Kiel og íslenska landsliðinu.

Aðgerðin gekk vel en Aron hafði kennt sér meins í vinstra hné í nokkurn tíma. Leikmaðurinn verður frá í 10-12 vikur en Aron hefur þurft að fresta aðgerðinni um tíma en nú þegar sumarfríið nálgast var tekinn sú ákvörðun af læknum félagsins að senda Aron í aðgerðina áður en tímabilinu lyki.

Aron Pálmarsson missir því af síðustu tveimur deildarleikjum Kiel og landsleikjum Íslands.

Kiel fékk í gær afhentan meistaraskjöldinn í þýska handboltanum er liðið spilaði sinn síðasta heimaleik á tímabilinu. Kiel vann þá öruggan sigur á Wetzlar, 37-31, og skoraði Guðjón Valur Sigurðsson þrjú mörk fyrir lið Kiel í leiknum.

- sáp

## Roberto Martinez ráðinn til Everton

**FÓTBOLTI** Roberto Martinez var í gær ráðinn knattspyrnustjóri Everton. Martinez hefur síðastliðin fjögur ár stýrt liði Wigan og ávallt náð fínum árangri með liðið. Wigan náði þeim stórkostlega árangri á nýafstöðnu tímabili að verða enskur bikarmeistari í fyrsta sinn í sögu félagsins. Liðið féll aftur á móti úr ensku úrvalsdeildinni og því virkilega sveiflukennt tímabil fyrir Roberto Martinez. Stjórinn hefur fyrir löngu sýnt sig og sannað sem knattspyrnustóri í ensku úrvalsdeildinni og var hann orðaður við fleiri lið áður en hann ákvað að semja við Everton.

Martinez tekur við góðum búi af David Moyes sem yfirgaf félagið fyrir nokkrum vikum til að taka við Manchester United.

„Þetta hefur verið virkilega sérstakur dagur," sagði Martinez við blaðamenn á Goodison Park í gær. „Það verður virkilega erfitt að taka við af David Moyes en ég myndi aldrei taka verkefnið að mér ef ég treysti mér í það."

„Ég hef fengið þau skilaboð að gera mitt allra besta til að koma liðinu í Meistaradeild Evrópu og það er markmið mitt. Ég hef fulla trú á því að liðið sé nægilega gott."

- sáp




**MARTINEZ** MYND/NORDICPHOTOS

## PEPSI DEILDIN 2013

**ÞÓR/KA - SELFOSS 1-3**
0-1 Andrea Ýr Gústavsdóttir (25.), 0-2 Guðmunda Brynja Óladóttir (30.), 0-3 Tiana R. Brockway (53.), 1-3 Arna Sif Ásgrímsdóttir (71.)

**ÍBV - AFTURELDING 5-0**
1-0 Rosie Sutton (19.), 2-0 Bryndís Jóhannesdóttir (20.), 3-0 Bryndís Jóhannesdóttir (36.), 4-0 Bryndís Jóhannesdóttir (72.), 5-0 Sabrína Lind Adolfsdóttir (82.)

**FH - BREIÐABLIK 3-1**
0-1 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (11.), 1-1 Sigrún Ella Einarsdóttir (61.), 2-1 Margrét Sveinsdóttir (71.), 3-1 Ashlee Hincks (72.)

**STJARNAN - ÞRÓTTUR 3-0**
1-0 Harpa Þorsteinsdóttir (7.), 2-0 Glódís Perla Viggósdóttir (12.), 3-0 Írunn Þorbjörg Aradóttir (37.)

**HK/VÍKINGUR - VALUR 0-2**
0-1 Svana Rún Hermannsdóttir (19.), 0-2 Elín Metta Jensen (35.)

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjarnan | 6 | 6 | 0 | 0 | 23:01 | 18 |
| Breiðablik | 6 | 5 | 0 | 1 | 16:07 | 15 |
| ÍBV | 6 | 4 | 1 | 1 | 21:09 | 13 |
| Selfoss | 6 | 3 | 1 | 2 | 09:08 | 10 |
| Valur | 6 | 2 | 2 | 2 | 15:08 | 8 |
| Þór/KA | 6 | 2 | 2 | 2 | 13:10 | 8 |
| FH | 6 | 2 | 2 | 2 | 11:14 | 8 |
| Afturelding | 6 | 1 | 1 | 4 | 3:19 | 4 |
| HK/Víkingur | 6 | 0 | 1 | 5 | 8:26 | 1 |
| Þróttur | 6 | 0 | 0 | 6 | 1:18 | 0 |

### NÆSTU LEIKIR

**Föstudagur 14. júní**: 18.00 Breiðablik - ÍBV 19.15 Selfoss - Stjarnan, Valur - FH, Þróttur - HK/Víkingur **Laugardagur 15. júní**: 16:00 Afturelding - Þór/KA.




**SIGUR Í HÚS** Dóra María Lárusdóttir fagnar markaskoraranum Elínu Mettu Jensen. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Stjörnunni kalt á toppnum

**FÓTBOLTI** Þrjú mörk á ellefu mínútum í síðari hálfleik tryggðu FH-ingum 3-1 sigur á Breiðabliki í 6. umferð Pepsi-deildar kvenna í gær. Stjarnan hélt uppteknum hætti með 3-0 sigri á Þrótti og hefur unnið alla sex leiki sína í deildinni.

Óvæntustu úrslit kvöldsins urðu norðan heiða þegar Selfoss skellti Íslandsmeisturunum Þór/KA 3-1.

Þá skoraði Bryndís Jóhannesdóttir þrennu í stórsigri ÍBV á Aftureldingu í Eyjum.

- ktd

MIKIÐ ÚRVAL

... af notuðum fötum

**Fatabúð Hjálpræðishersins**
Garðastræti 6, Reykjavík

**Nytjamarkaður**
á Eyjaslóð 7 út á Granda

**Opið alla virka daga**
**kl. 13.00 – 18.00**

# Úrslitum fórnað fyrir svör

Sigurður Ragnar Eyjólfsson segir óvissu ríkja um hvort Katrín Ómarsdóttir og Sif Atladóttir verði klárar í slaginn á Evrópumótinu í Svíþjóð sem hefst 10. júlí. Hann segir kynslóðaskipti í landsliðinu hafa orðið fyrr en hann reiknaði með og svarar gagnrýni um þrekpróf sem leikmenn liðsins fóru í á Algarve í mars.



**STELPURNAR OKKAR** Hafa alls ekki fundið sig í síðustu leikjum og hafa margir áhyggjur af stöðu mála hjá landsliðinu þegar stutt er í næsta stórmót hjá liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/XX

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið tapaði 3-2 gegn Skotum í æfingaleik á laugardaginn en tapið var það fimmta í sex síðustu leikjum.

„Leikurinn gaf okkur mjög góð svör. Auðvitað vildum við vinna alla leikina en það má ekki gleymast að við höfum spilað við mjög sterk lið." Ísland hefur beðið lægri hlut í tvígang gegn Svíum, auk ósigra gegn Bandaríkjunum, Kína og nú Skotum.

### Kynslóðaskiptin komu snemma

Hin 17 ára Glódís Perla Viggósdóttir hefur fengið stórt hlutverk í íslenska landsliðinu og nokkuð skyndilega. Miðvörðurinn bráðefnilegi virkaði stressaður gegn Skotum en Sigurður Ragnar minnir á að mistökin hafi dreifst á fleiri.

„Reynslumesti leikmaður landsliðsins, Katrín Jónsdóttir, var þrjá metra frá manninum í einu markinu. Í öðru missti Sif leikmann aftur fyrir sig og Glódís er að reyna að bjarga henni." Verið sé að búa til nýjan landsliðsmann þar sem kynslóðaskipti eigi sér stað hjá liðinu nokkru fyrr en hann hafi reiknað með.

„Við höfðum vonast eftir því að geta gert þau eftir lokakeppnina. Málin hafa hins vegar þróast þannig að lykilmenn sem spilað hafa með liðinu undanfarin ár, staðið sig mjög vel og náð árangri, hafa ekki alltaf staðið undir væntingum í þessum leikjum. Þá fá aðrir leikmenn tækifæri."

### Úrslitum fórnað

Margrét Lára Viðarsdóttir er tiltölulega nýbyrjuð að spila eftir langvarandi meiðsli. Margrét Lára spilaði allan leikinn gegn Skotum en Sigurður viðurkennir að hún eigi aðeins í land.

„Við ákváðum fyrir leikinn að láta hana spila í 90 mínútur til að sjá hvar hún stæði. Þá fórnarðu kannski úrslitum en færð svör í staðinn," segir Sigurður. Margrét Lára var ekki með í síðasta landsleik á undan gegn Svíum frekar en Hólmfríður Magnúsdóttur.

„Hólmfríður hefur lítið getað æft undanfarnar vikur eftir andlát í fjölskyldunni. Það hefur haft áhrif á hennar form en hún er að vinna í því að koma til baka. Við vildum sjá í leiknum hvar hún stæði," segir Sigurður.

### Lykilmenn meiddir

Sif Atladóttir hóf leikinn í stöðu hægri bakvarðar. Miðvörðurinn virkaði fjarri sínu besta og var skipt af velli í hálfleik. Sigurður segir að komið hafi í ljós að hún var ekki tilbúin að spila.

„Hún hefur ekkert æft með Kristianstad undanfarnar tvær vikur, bara spilað leikina. Hún er meidd nálægt lífbeininu og við höfum miklar áhyggjur af því að hún geti hreinlega ekki verið með okkur í lokakeppninni," segir Sigurður. Um gífurlega blóðtöku yrði að ræða fyrir Ísland enda var Sif besti varnarmaður Íslands í undankeppninni. Katrín Ómarsdóttir, sem hefur verið í æ stærra hlutverki á miðjunni, meiddist á æfingu daginn fyrir Skotaleikinn.

„Minnsta mögulega tognun þýðir tvær vikur en séu meiðslin verri er útlitið ekki gott og óvíst hvort hún verði með okkur í lokakeppninni."

Þrátt fyrir meiðsli og formleysi lykilmanna segir Sigurður bjartsýnn og hafa trú á liðinu.

„Við ætlum að undirbúa okkur vel, standa okkur vel og gera þjóðina stolta."

kolbeinntumi@365.is

## Leikmenn áttuðu sig á formleysi

Íslenska landsliðið hefur jafnan staðið sig vel á árlegu æfingamóti á Algarve í mars. Í ár voru úrslitin óvenjuslæm og kvisaðist út óánægja leikmanna með þá ákvörðun landsliðsþjálfarans að láta leikmenn þreyta þrekpróf á leikdögum liðsins.

Sigurður Ragnar segir að sér og aðstoðarmönnum sínum hafi fundist ákveðnir leikmenn í lélegu formi. „Sumir leikmenn voru ekki sammála því," segir Sigurður Ragnar. Planið hafi verið að láta leikmenn spila með púlsklukkur í leikjum en öllum liðum hafi verið bannað að gera það.

„Eina leiðin til að fá grun okkar staðfestan var að setja leikmenn í þolpróf," segir Sigurður. Þá hafi komið sér vel að hópurinn var stærri en nokkru sinni fyrr en 23 leikmenn fóru með liðinu til Algarve.

„Þeir leikmenn sem byrjuðu inn á í leikjum sama dag fóru ekki í þolpróf þann daginn," segir landsliðsþjálfarinn. Niðurstöður prófanna hafi staðfest grun þjálfaranna.

„Leikmennirnir sem við töldum ekki í nógu góðu formi komu illa út í prófinu," segir Sigurður. „Leikmenn tóku þessu ekkert allt of vel úti á Algarve en þær áttuðu sig betur á stöðunni. Þær fengu svart á hvítu hvar þær stóðu. Síðan hefur form leikmanna almennt batnað."




# Getum farið í leiki með kassann úti

Birkir Bjarnason og Hannes Þór Halldórsson eru klárir í slaginn gegn Slóveníu annað kvöld.

**FÓTBOLTI** „Maður skilur að lið fari í landsleik á móti Íslandi og ætli sér sigur. Við erum yfirleitt minna liðið og fámennari þjóðin. En nú er það þannig að íslenska landsliðið er mjög sterkt," segir Hannes Þór Halldórsson, landsliðsmarkvörður Íslands. Ísland tekur á móti Slóveníu á Laugardalsvelli annað kvöld. Landsliðsþjálfari Slóvena, Srecko Katanec, sagði í viðtali á dögunum að það væri sanngjörn krafa til leikmanna sinna að leggja Ísland að velli.

„Þótt menn geri kröfur um að sigra okkur gerum við kröfur til okkar sjálfra. Við getum farið inn í leiki með kassann úti og ætlast til þess að standa uppi í hárinu á hverjum sem er. Við unnum á þeirra heimavelli og förum að sjálfsögðu inn í þennan leik með það að markmiðið að vinna leikinn."

Með sigri kæmist Ísland í toppsæti riðilsins í sólarhring að minnsta kosti.

„Það myndi setja okkur í mjög skemmtilega stöðu. Við eigum góða möguleika, það er augljóst, en þeir koma dýrvitlausir í þennan leik. Ef það var eitthvað vanmat af þeirra hálfu í síðasta leik er það ekki lengur," segir Hannes og vísar til 2-1 sigurs Íslands í fyrri leiknum í Ljubljana.

Birkir Bjarnason, miðjumaður liðsins, tekur undir orð Hannesar.

„Því má ekki gleyma að þeir eru með hörkulið, ekki lélegra lið en við. Við þurfum að spila okkar besta leik og vona það besta," segir Birkir, sem telur möguleika Íslands góða. Gylfi Þór Sigurðsson skoraði bæði mörkin í sigrinum ytra en hann er í leikbanni á morgun.

„Við höfum sýnt það áður að við getum spilað góðan fótbolta án Gylfa. Auðvitað er hann lykilmaður en við erum með menn sem geta fyllt í skarðið. Við verðum að treysta á að þeir geri það."

- ktd




**HANNES ÞÓR** Mun væntanlega standa í markinu gegn Slóvenum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


TÖLVULISTINN KYNNIR
EVE
ODYSSEY
60 DAGA PRUFUAÐGANGUR
ODYSSEY VIÐBÓTIN KOMIN
TÖLVULISTINN Í SAMSTARFI VIÐ CCP BÝÐUR 60 DAGA PRUFUAÐGANG AÐ EVE ONLINE OG NÝJU VIÐBÓTINNI ODYSSEY. SENDU OKKUR SKILABOÐ Á FACEBOOK SÍÐU OKKAR FACEBOOK.COM/TOLVULISTINN OG VIÐ SENDUM ÞÉR SKILABOÐ MEÐ ÞÍNUM KÓÐA FYRIR 60 DAGA PRUFUAÐGANG.
TÖLVU LISTINN
CCP
RAZER
COOLER MASTER
steelseries
Logitech
msi



**HOLLENDINGURINN** Stekelenburg fetar í fótspor landa síns Edwin van der Sar. NORDICPHOTOSGETTY

## Stekelenburg til Fulham

**FÓTBOLTI** Markmaðurinn Maarten Stekelenburg gekk í gær í raðir enska knattspyrnuliðsins Fulham frá Roma á Ítalíu. Leikmaðurinn var næstum farinn til félagsins í janúar síðastliðnum en skiptin gengu ekki í gegn. Stekelenburg skrifaði undir fjögurra ára samning við Fulham en hann hóf feril sinn hjá hollenska félaginu Ajax, þar sem hann lék undir stjórn Martin Jol sem er knattspyrnustjóri Fulham í dag. Hollenska goðsögnin Edwin van der Sar var í mörg ár á milli stanganna hjá Fulham og því hefð fyrir hollenskum markvörðum hjá félaginu. **- sáp**

## Fernandinho á leiðinni til City

Brasilíski miðjumaðurinn Fernandinho fór í gær til Manchester í læknisskoðun og mun skrifa undir samning við Manchester City á næstu dögum. Kaupverðið mun vera um 34 milljónir punda. Þessi 28 ára leikmaður hefur lengi viljað yfirgefa Shaktar og fara til stærra félags í Evrópu og nú virðist vera komið að því. „Ég ætla að gera mitt allra besta til að komast í landsliðið fyrir heimsmeistaramótið í Brasilíu á næsta ári,“ sagði Fernandinho. „Það gefur mér mun meiri von þegar ég veit að ég er að fara að spila fyrir eitt besta lið í heiminum í einni sterkustu deild í Evrópu.“ **- sáp**



**HERNANDEZ** Sá markheppni frá Mexíkó hefur reynst United vel. NORDICPHOTOS/GETTY

## Chicharito verður áfram

Javier Hernandez hefur ekki í hyggju að leita annað í sumar og ætlar sér að berjast fyrir sæti sínu í liðinu hjá Manchester United.

Þetta sagði umboðsmaður hans í samtali við enska fjölmiðla. Hernandez fékk minna að spila í vetur eftir að Robin van Persie kom til félagsins en afrekaði engu að síður að skora tíu mörk í 22 deildarleikjum.

„Hann er mjög ánægður hjá Manchester United. Javier hefur verið þar í þrjú ár og unnið deildina tvívegis. Það eru ekki margir sem geta stært sig af því,“ sagði umboðsmaðurinn.

Að auki eru framherjarnir Wayne Rooney og Danny Welbeck á mála hjá United en enn er óvíst hvort David Moyes muni kaupa sóknarmann til félagsins í sumar. **- esa**

# Ég ætlaði að hætta í þjálfun

**Aðalsteinn Eyjólfsson er kominn með lið sitt í bestu deild í heimi eftir að hafa tekið við því í neðri hluta suðurriðils þýsku B-deildarinnar fyrir þremur árum. Hann er enn með sama kjarna leikmanna og þá.**





**Á UPPLEIÐ** Aðalsteinn Eyjólfsson fer með lið sitt, Eisenach, í bestu handboltadeild í heimi á næstu leiktíð. Þar mætir hann mörgum af bestu liðum heims. MYND/THSV EISENACH

**HANDBOLTI** „Hér í dag voru bara bestu vinir Einars Jónssonar, þjálfara Fram, að dæma. Dómararnir og Einar eru bestu vinir og sjást ótt og títt saman.“

Þetta sagði Aðalsteinn Eyjólfsson eftir mikinn hitaleik Stjörnunnar og Fram í N1-deild kvenna þann 6. desember árið 2007. Aðalsteinn var dæmdur í þriggja mánaða bann fyrir ummælin, sem voru sögð vega að æru dómaranna og þóttu saka HSÍ og dómaranefnd sambandsins um spillingu. Slíkt bann átti sér engin fordæmi og annað sambærilegt hefur ekki sést síðan.

„Ég var kominn með nóg heima á Íslandi. Ég fékk þetta bann og ætlaði að hætta,“ sagði Aðalsteinn við Fréttablaðið í gær en hann hætti hjá Stjörnunni í lok þessa tímabils, eftir að hafa komið til baka í febrúar og stýrt liðinu til sigurs á Íslandsmótinu. Hann hætti svo hjá Stjörnunni og hálfu ári síðar var hann fluttur til Þýskalands.

Frá því að þessi ummæli voru látin falla eru liðin fimm og hálft ár. Í haust mun Aðalsteinn stýra karlaliði í bestu handknattleiksdeild heims eftir að hafa verið í aðalhlutverki hjá ótrúlegum uppgangi Eisenach – verkefni sem hann hefur nú leitt í þrjú ár.

### Sendi ferilskrána út

Eftir að Aðalsteinn hætti hjá Stjörnunni tók hann við Fylki. Ætlunin var að byggja upp handboltaveldi í Árbænum en allar áætlanir fóru í vaskinn þegar íslenska fjármálakerfið hrundi um haustið.

„Ég var líka með fyrirtæki sem ég var að byggja upp. Reksturinn gekk út á erlendan gjaldeyri og var því sjálfhætt eftir hrunið,“ rifjar Aðalsteinn upp.

„Eftir að Geir Haarde bað guð um að blessa íslensku þjóðina ákvað ég að koma mér út. Ég sendi ferilskrána á 6-7 umboðsmenn í Evrópu og stuttu síðar var ég kominn með svar frá dönskum umboðsmanni að lið í neðri deildum Þýskalands, karla- og kvennalið, vantaði þjálfara og höfðu áhuga. Eitt þeirra var Kassell. Ég flaug út og skrifaði undir samdægurs. 1. nóvember 2008 flutti ég svo út,“ segir Aðalsteinn.

Enn settu fjármálin svip sinn á störf Alfreðs. Kassel var í eigu þýsks auðmanns sem lofaði gulli og grænum skógum.

„Það gekk mjög vel hjá Kassel. Félagið var í þriðju deild en hafði metnað til að ná langt. Ég vildi sjá hvort ég gæti byrjað á núlli í nýju landi og látið að mér kveða. En svo fór Kassel á hausinn. Það var orðið hálfkjánalegt að hver fjármálakrísan á eftir annarri elti mig,“ segir hann í léttum tón.

### Fékk að byggja góðan grunn

Aðalsteinn verður 36 ára síðar í mánuðinum en hann byrjaði að þjálfa samhliða leikmannaferlinum fyrir tveimur áratugum. Skórnir fóru á hilluna vegna meiðsla þegar hann var 21 árs en Aðalsteinn gerðist þjálfari í meistaraflokki fyrir þrettán árum. Hann naut mikillar velgengni í kvennaboltanum og vann titla með bæði ÍBV og Stjörnunni. Hann þjálfaði einnig TuS Weibern í úrvalsdeild kvenna í Þýskalandi veturinn 2004-5.

En Kassel var hans fyrsta karlalið. Góður árangur hans þar kom nafni hans í umræðuna þegar B-deildarlið Eisenach vantaði þjálfara vorið 2010.

„Ég var heppinn að komast þar að. Félagið var í erfiðleikum á þessum tíma og hafði verið í fallbaráttu tvö ár í röð. Það var einnig í vandræðum með að fá áframhaldandi keppnisleyfi. Stjórnendur félagsins vildu byggja upp til lengri tíma og ég fékk því tíma og svigrúm til að byggja upp góðan grunn,“ segir Aðalsteinn, en fyrsta markmiðið var að tryggja Eisenach sæti í sameinaðri B-deild sem var áður skipt í norður- og suðurriðil.

„Það hafðist á lokasprettinum og var gríðarlega mikilvægt. Eftir það var markmiðið að bæta okkur hægt og rólega – um tvö sæti á ári. Við enduðum í sjöunda sæti í fyrra og tókum því enn stærra stökk í ár en áætlað var. Það var ekki í plönunum að fara upp fyrr en á næsta ári,“ segir Aðalsteinn, sem hefur haldið sama átta manna kjarna í leikmannahópnum öll árin sín þrjú.

„Ég hef skipt út tveimur leikmönnum á hverju ári og reynt þannig að styrkja hópinn jafnt og þétt. Fyrir þetta tímabil fengum við Hannes Jón Jónsson og danskan leikmann sem styrktu liðið gríðarlega mikið.“

### Þéttur hópur í Eisenach

Lífið hefur þó ekki verið dans á rósum í Eisenach. „Það hefur verið mótvindur,“ segir Aðalsteinn. „Ég hef þurft að reka leikmenn og jafnvel stjórnarmenn líka. En það er ákveðinn kjarni í félaginu, leikmenn og forráðamenn, sem hefur staðið þétt að baki þessu verkefni. Ég hef fengið tíma og svigrúm til að taka þær ákvarðanir sem þurfti til að halda í ákveðna hugmyndafræði sem við lögðum upp með.“

Árangurinn talar sínu máli. Eisenach spilar í efstu deild á næsta tímabili og er það afrek, ekki síst vegna þess að það var gert með sama kjarna leikmanna og var í fallbaráttu fyrir örfáum árum síðan. Fjárráðin voru þar að auki takmörkuð.

„Þetta tímabilið vorum við með 175 milljónir króna fyrir reksturinn. Átta lið eru með stærri „budget“ en við í þessari deild og þau stærstu með um 400 milljónir,“ segir Aðalsteinn en það stendur ekki til að auka fjárhaginn stórkostlega fyrir næsta tímabil.

„Það verða að hámarki 240 milljónir. En lið hafa áður sýnt að það er hægt að fara upp í efstu deild með takmörkuð fjárráð en með góðan kjarna leikmanna sem hafa spilað lengi saman,“ segir Aðalsteinn, sem hefur þegar gengið frá því að fá þrjá nýja leikmenn til félagsins í sumar.

„Við vitum að við erum að fara í harða baráttu um að halda sæti okkar. Við eigum eftir að fá á kjaftinn í þessari deild. Við þurfum að læra hratt en við erum engu að síður kokhraustir og ætlum í baráttuna með kassann úti. Ætlunin er að koma fram af stolti fyrir okkar bæjarfélag og vinna heiðarlega að okkar markmiðum. Það er það eina sem við getum gert.“

**eirikur@frettabladid.is**



**SIGURVEGARI** Aðalsteinn fagnar með Stjörnustúlkum eftir að Íslandsmeistaratitillinn var í höfn vorið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Ótrúlegir mánuðir hjá Hannesi Jóni

Aðalsteinn Eyjólfsson er þjálfari Hannesar Jóns Jónssonar hjá þýska liðinu Eisenach, sem vann sér á dögunum sæti í efstu deild. Hannes Jón var kjörinn besti leikmaður deildarinnar, þrátt fyrir að hafa misst af stórum hluta tímabilsins vegna veikinda.



Hannes greindist með krabbamein í október en var engu að síður byrjaður að spila á ný í janúar. Aðalsteinn segir það hafa verið ótrúlegt að fylgjast með honum í baráttunni við veikindin.

„Það var gríðarlega erfitt fyrir mig sem þjálfara að fylgjast með Hannesi ganga í gegnum allt þetta. En það fyllti mann eldmóði að sjá hann taka á sínum veikindum af krafti og æðruleysi. Hann var fyrirmynd annarra leikmanna og þetta þjappaði hópnum verulega saman.“

Aðalsteinn segir að Hannes Jón hafi svo verið gríðarlega mikilvægur inni á vellinum. „Hann tók stórar ákvarðanir á ögurstundu í leikjum sem við unnum með litlum mun. Spilamennska hans var frábær og það toppar svo allt þegar hann var valinn bestur. Það finnst manni með ólíkindum þegar maður hugsar til þess að hann lá á sjúkrastofu fyrir sjö mánuðum og fékk þessar fréttir. Þetta hefur verið mikill rússíbani.“




Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

Beint á móti IKEA



**FYRSTI LAX SUMARSINS** Bjarni Júlíusson, formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur, heldur á 73 sentímetra hrygnu sem tók í þriðja kasti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Laxveiðin byrjaði með hvelli

Laxveiðitímabilið hófst formlega í gær með veiði í Norðurá og Blöndu. Fyrsti laxinn kom eftir þrjú köst í Norðurá. Sérstaka athygli vakti að töluvert virðist vera af smálaxi í ánni og gæti það gefið góð fyrirheit. Aðstæður í Blöndu voru erfiðar en mönnum tókst samt að veiða lax.

Fyrsti lax sumarsins tók í þriðja kasti og var það Bjarni Júlíusson, formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur, sem veiddi fiskinn í Norðurá í gærmorgun.

Veiðin í Norðurá hófst klukkan sjö um morguninn. Aðstæður voru allar hinar bestu, sem var ekki endilega það sem blaðamaður og ljósmyndari Fréttablaðsins höfðu búist við þegar þeir óku vestur eldsnemma um morguninn. Þegar þeir héldu af stað var rigning í borginni, rigning og hávaðarok á Kjalarnesinu, tiltölulega stillt veður í göngunum en þegar komið var upp úr þeim birti til. Niður við Norðurá þurftu menn að slá af sér flugu, svo lygnt var í veðri. Það var mátulega skýjað og hann hékk þurr. Í stuttu máli þá var þetta veður sem laxveiðimenn óska sér.

Norðurá var ansi bólgin og töluvert skoluð. Vatnið teygði sig upp á grasbakkana og þegar Bjarni Júlíusson, formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur, gerði sig kláran til að veiða á Brotinu, sem er veiðistaður við Laxfoss skammt frá veiðihúsinu, ákvað hann að kasta af bakkanum, öfugt við í fyrra þegar hann óð strax út í og veiddi Brotið neðarlega.

### Eins og í lygasögu

Töluverður fjöldi fólks fylgdist með Bjarna setja rauða francestúbu undir, munda síðan stöngina, kasta einu sinni, tvisvar og þrisvar – bingó! Fyrsti lax sumarsins, lúsug 73 sentímetra hrygna, tók í þriðja kasti, þegar klukkan var tvær mínútur yfir sjö. Enginn þeirra sem rætt var við á bakkanum mundi eftir öðru eins. Þetta var eins og í lygasögu.

Löndunin gekk eins og í sögu, sem er ekki eitthvað sem hægt var að segja um löndun fyrsta laxins í fyrra. Þá teymdi tíu punda hrygna Bjarna 2-300 metra niður ána áður en það tókst að landa henni.

Fyrsti lax sumarsins var frekar langur og mjósleginn. Í fyrra var fyrsti laxinn styttri og feitari. Aðspurður sagðist Bjarni nú ekki geta lesið neitt sérstakt í þetta.

„Ég kýs að trúa því að það viti á gott veiðisumar að fyrsti laxinn hafi tekið svona fljótt,“ sagði Bjarni, sem spáir því að Norðurá gefi um 1.900 laxa í sumar en í fyrra veiddust um 950 laxar í ánni. Þess ber að geta að veiðisumarið í fyrra var það versta í manna minnum eða frá því að menn fóru að taka saman veiðitölur um árið 1930.

### Toppurinn á tilverunni

Árni Friðleifsson, varaformaður Stangaveiðifélagsins, tók næsta lax en hann tók neðarlega á Brotinu um klukkan 8.20. Líkt og fyrri laxinn var þetta hrygna og mældist hún örlítið lengri en formannslaxinn, eða 76 sentímetrar.

„Þetta er æðislegt,“ sagði Árni. „Að vera hérna úti í íslenskri náttúru að veiða er einfaldlega toppurinn á tilverunni. Ég er hóflega bjartsýnn fyrir þetta sumar og spái því að áin fari í svona 1.450 laxa í sumar.“

Þótt hlýtt hafi verið í veðri var áin köld, sem þýðir að laxinn liggur oft djúpt. Árni notaði því sökklínu og Bjarni sökkenda til að koma agninu, þungum túbum, eins neðarlega og mögulegt var. Þessum fyrstu löxum sumarsins var báðum sleppt.

### Smálax vekur athygli

Um klukkan átta í gærkvöldi höfðu veiðst átta laxar í Norðurá og því til viðbóta höfðu veiðimenn misst aðra fimm. Af þessum átta veiddust fjórir á veiðistaðnum Brotinu, tveir á Stokkhylsbroti en hinir veiddust á Eyrinni og við neðra Skerið við Laxfoss.

Það vakti sérstaka athygli að einn smálax veiddist og þá missti veiðimaður annan. Bjarni segist ekki muna eftir því að sett hafi verið í tvo smálaxa fyrsta veiðidaginn í Norðurá. Það gæti bent til þess að smálaxagöngurnar í sumar yrðu góðar en þær brugðust gjörsamlega síðasta sumar.

trausti@frettabladid.is



**ÖRLÍTIÐ STÆRRI** Árni Friðleifsson með hrygnu sem mældist 76 sentímetrar, eða 3 sentímetrum lengri en formannslaxinn.



**FLUGAN** Fyrsti lax sumarsins tók flugu sem nefnist Black Eyed Prawn.



**YFIR ÁNA** Tveir veiðimenn róa yfir Norðurá til að veiða á Eyrinni.

## Erfiðar aðstæður í Blöndu

Veiðin í Blöndu var dræm í gær enda aðstæður slæmar. Hermanni Svendsen tókst þó að landa tveimur vænum tveggja ára löxum. Fyrsta fisknum var landað fyrir hádegi og var hann á bilinu 10 til 12 pund. Í gærkvöldi veiddi hann síðan 14 punda hrygnu. Báðir laxarnir veiddust á veiðistað sem kallaður er Dammurinn.„Satt að segja man ég ekki eftir öðru eins,“ sagði Stefán. „Áin er eins og drullufljót, svo lituð er hún. Ég hef ekki séð hana svona nema þegar yfirfall er í Blöndulóni og það er svo sannarlega ekki staðan núna. Ekki bætti úr skák að hér var 20 stiga hiti, sól og hávaðarok. Aðstæður voru sem sagt eins og verst var á kosið og því finnst mér nú bara nokkuð gott að tekist hafi að særa upp einn lax fyrir hádegi. Þess má geta að við misstum líka einn.“ Stefán sagðist telja að áin sé aðeins að hreinsa sig. „Kannski er það bara ímyndun en við bindum vonir við að aðstæður verði skárri á morgun því það er svo sannarlega lax hérna. Við höfum séð þá nokkra stökkva í Damminum.“



**LAX Í LITAÐRI Á** Hermann Svendsen veiddi fyrsta lax sumarsins í Blöndu í gærmorgun.

Eina sérverslun landsins
með grill og garðhúsgögn

# Grillbúðin



www.grillbudin.is









Komdu og fáðu ráðleggingar

Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | grillbudin.is

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.30
### Revolution

Bandaríska þáttaröðin Revolution snýr aftur á Stöð 2 í kvöld. Þættirnir eru úr smiðju J.J. Abrams, sem hefur framleitt nokkrar af flottustu sjónvarpsþáttaröðum síðustu ára. Revolution eru spennandi þættir sem gerast 15 árum eftir að allt rafmagn fór af jörðinni af dularfullum ástæðum. Baráttan um völd í þessum breytta heimi er hörð og engum er treystandi.

## Í KVÖLD



### Modern Family
**STÖÐ 2 KL. 19.35** Þetta er þriðja þáttaröðin af Modern Family en þessi bráðskemmtilega gamansería fjallar um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskylda, þar sem hlutirnir eiga til að fara úrskeiðis.

**TV.COM** 8,2 **IMDb** 8,6



### Chicago Fire
**RÚV KL. 21.15** Chicago Fire, eða Neyðarvaktin, er bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

**TV.COM** 7,2 **IMDb** 6,8



### The Office
**SKJÁR 1 KL. 20.45** Skrifstofan og andrúmsloftið hjá Dunder Mifflin er langt frá því að vera hið eðlilegasta. Skrifstofustjórinn Michael Scott er hættur störfum hjá Dunder Mifflin en sá sem við tekur er enn undarlegri en fyrirrennarinn.

**TV.COM** 9,0 **IMDb** 8,7



## FM957 kl. 10.00
### Heiðar Austmann

Heiðar Austmann hefur fylgt hlustendum FM957 frá árinu 1997. Hann fer í gegnum það nýjasta og heitasta í íslenskri og erlendri tónlist.


EINLEIKIN GAMANSEMI Í HÖRPU
EFTIR KARL ÁGÚST, LADDA OG SIGGA SIGURJÓNS
LADDI LENGIR LÍFIÐ






SÍÐASTA SÝNING FYRIR SUMARFRÍ ER 8.JÚNÍ
Miðasala fer fram á Midi.is, Harpa.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.
sena


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.10** Malcolm in the Middle (18:22)
**08.30** Ellen (161:170)
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors (97:175)
**10.15** Human Target (11:12)
**11.05** Man vs. Wild (6:15)
**11.50** Masterchef (1:13)
**12.35** Nágrannar
**13.00** Who Do You Think You Are? (6:7)
**13.45** Charlie St. Cloud
**15.35** Ofurmennið
**16.00** Lína langsokkur
**16.25** Ellen (162:170)
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan (9:21)
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.06** Veður
**19.15** The Big Bang Theory (17:23)
**19.35** Modern Family
**20.00** Grillað með Jóa Fel (2:6) Glænýir, girnilegir og sumarlegir grillþættir þar sem Jói Fel sýnir okkur réttu handtökin og kynnir fyrir áhorfendum girnilegar uppskriftir, nýstárlegar aðferðir við eldamennskuna.
**20.30** Revolution (11:20) Hörkuspennandi þættir um heim sem missir skyndilega allt rafmagn og þarf að læra að komast af án þess.
**21.15** Grimm (9:22) Spennandi þáttaröð þar sem persónur úr ævintýrum Grimm-bræðra eru færðar í nútímabúning.
**22.00** Vice (3:10) Glænýir og áhrifamiklir fréttaskýringaþættir þar sem fjallað er um málefni líðandi stundar.
**22.25** Sons of Anarchy (13:13)
**23.25** Harry's Law (2:22)
**00.10** Wallander (3:3)
**01.40** Medium (13:13)
**02.25** Mad Men (8:13)
**03.15** Burn Notice (10:18)
**04.00** Charlie St. Cloud
**05.40** Fréttir og Ísland í dag

## POPP TÍVÍ

**19.00** Friends (2:24)
**19.25** Two and a Half Men (3:24)
**19.45** Simpson-fjölskyldan (9:25)
**20.10** Game Tíví
**20.35** Glory Daze (8:10)
**21.20** FM 95BLÖ
**21.40** Sons of Tucson (10:13)
**22.05** Brickleberry (6:10)
**22.30** Pretty Little Liars (1:25)
**23.15** Pretty Little Liars (2:25)
**00.00** Game Tíví
**00.25** Glory Daze (8:10)
**01.10** FM 95BLÖ
**01.35** Sons of Tucson (10:13)
**02.00** Brickleberry (6:10)
**02.25** Pretty Little Liars (1:25)
**03.05** Pretty Little Liars (2:25)
**03.50** Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing
**21.00** Auðlindakistan
**21.30** Siggi Stormur og helgarveður

## SPORT *besta sætið*

**17.35** Meistaradeild Evrópu
**18.05** Kielce - Kiel
**19.35** Hamburg - Barcelona
**21.30** Meistaradeildin í handbolta - markaþáttur
**22.00** Roger Maltbie
**22.45** Evrópudeildin: Benfica - Chelsea
**01.00** NBA 2012/2013 - Final Games BEINT frá úrslitunum í NBA körfuboltanum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.45** Man. Utd - Norwich
**19.30** Premier League World 2012/13
**20.00** Man. Utd - Barcelona - 25.11.98
**20.30** Man. Utd - Arsenal
**22.15** Man. Utd - Barcelona 25.11.98
**22.45** Stuðningsmaðurinn: Magnús Gylfason
**23.15** Wigan - Man. Utd

## krakkar

**13.25** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.50** Lalli
**13.55** Lalli
**14.05** Refurinn Pablo
**14.10** Litlu Tommi og Jenni
**14.35** Svampur Sveinsson
**14.55** Dóra könnuður
**15.20** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.40** Áfram Diego, áfram!
**16.05** Strumparnir
**16.25** Lína langsokkur
**16.50** Waybuloo
**17.10** Brunabílarnir
**17.30** Histeria!
**17.55** Ofuröndin
**18.20** iCarly
**18.45** Njósnaskólinn
**19.10** Victourious
**19.35** Big Time Rush

## GULL

**20.30** Stelpurnar
**21.25** Curb Your Enthusiasm (7:10)
**22.00** The Drew Carey Show (14:22)
**22.25** Breaking Bad
**23.15** Breaking Bad
**00.05** Strákarnir
**00.35** Stelpurnar
**01.00** Fóstbræður (1:8)
**01.30** Curb Your Enthusiasm (7:10)
**02.05** The Drew Carey Show (14:22)
**02.30** Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

## BÍÓ

**10.50** The Marc Pease Experience
**12.15** Cars 2
**14.00** The Help
**16.25** The Marc Pease Experience
**17.50** Cars 2
**19.35** The Help
**22.00** Sherlock Holmes: A Game of Shadows
**00.05** The River Wild
**01.55** Extract
**03.25** Sherlock Holmes: A Game of Shadows

## RÚV

**13.30** Setning Alþingis BEINT frá setningu Alþingis.
**16.20** Ástareldur *(Sturm der Liebe)*
**17.13** Úmísúmí *(10:20) (Team Umizoomi - Season 1)*
**17.37** Lóa *(52:52) (Lou!)*
**17.50** Dýraspítalinn *(4:10) (Djursjukhuset) (e)*
**18.20** Táknmálsfréttir
**18.30** Gómsæta Ísland *(3:6) (Delicious Iceland)* Matreiðsluþáttaröð í umsjón Völundar Snæs Völundarsonar. *(e)*
**19.00** Fréttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.40** Andraland II *(3:5)*
**20.20** Álfukeppnin í fótbolta Heimildarmynd um Álfukeppnina í fótbolta sem stendur yfir dagana 15.-30. júní.
**21.15** Neyðarvaktin *(21:24) (Chicago Fire)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpahneigð *(10:24) (Criminal Minds VII)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05** Ljósmóðirin *(Call the Midwife II) (e)*
**00.00** Prenna *(1:8) (Trekant)*
**00.30** Fréttir
**00.40** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**07.10** America's Funniest Home Videos *(27:48)*
**07.35** Everybody Loves Raymond *(12:25)*
**07.55** Cheers *(17:22)*
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Pepsi MAX tónlist
**14.25** The Voice *(10:13)*
**16.55** 7th Heaven *(22:23)*
**17.40** Dr. Phil
**18.25** Psych *(4:16)*
**19.10** America's Funniest Home Videos *(28:48)*
**19.35** Everybody Loves Raymond *(13:25)*
**19.55** Cheers (18:22
**20.20** How to Be a Gentleman *(4:9)*
**20.45** The Office *(9:24)*
**21.10** Royal Pains *(5:16)*
**22.00** Vegas *(20:21)*
**22.50** Dexter *(7:12)*.
**23.40** Common Law *(4:12)*
**00.30** Excused
**00.55** The Firm *(13:22)*
**01.45** Royal Pains *(5:16)*
**02.30** Vegas *(20:21)*
**03.20** Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America
**06.50** The Memorial Tournament 2013 *(4:4)*
**11.50** Golfing World
**12.40** The Memorial Tournament 2013 *(4:4)*
**17.40** PGA Tour - Highlights *(22:45)*
**18.35** Inside the PGA Tour *(23:47)*
**19.00** Fedex St. Jude Classic 2013 *(1:4)*
**22.00** The Open Championship Official Film 1988
**23.00** PGA Tour - Highlights *(21:45)*
**23.55** ESPN America


Minna að fletta
meira að frétta
visir.is






BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN
Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“


## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


FÁÐU Lemon TIL ÞÍN!
MORGUNVERÐUR * DJÚSAR * SAMLOKUR
Pantaðu Lemon Pop-up og tveir djúsarar mæta á þinn vinnustað með ferskan mat, góða tónlist og eðal stemningu.
POP-UP@LEMON.IS
Lemon * Suðurlandsbraut 4 * 519-5555
Lemon
POP-UP

**BÓKIN**



**„Það er biblían. Ég á flest eintök af henni og eina sem er árituð af biskupnum. Það eru klárlega öll trixin í þeirri bók.“**

Einar Bárðarson, forstöðumaður Höfuðborgarstofu

# Söngkonan Svala Björgvins í hnapphelduna

## Giftist kærastanum Einari Egilssyni eftir nítján ára samband. Bónorðið kom í fyrra.

„Einar bað mín í fyrra. Við byrjuðum saman 4. mars 1994. Það er því kominn tími á að gifta sig,“ segir Svala Björgvinsdóttir. Söngkonan er búsett í Los Angeles með unnusta sínum, Einari Egilssyni, og bróður hans Edda. Saman mynda þau hljómsveitina Steed Lord. Þríeykið hefur búið í Bandaríkjunum undanfarin fjögur ár. „Við giftum okkur 27. júlí í Landakotskirkju en mig langaði að gifta mig í sömu kirkju og foreldrar mínir. Athöfnin í Landakotskirkju þykir mjög falleg, hátíðleg kaþólsk giftingarathöfn sem hentar svo vel því móðurfjölskyldan mín er kaþólsk og ég var alin upp í þeirri trú,“ segir Svala. Kjólinn fann hún fyrir mörgum árum en það er vintage-kjóll frá áttunda áratugnum. „Þetta verður stórt brúðkaup með fjölskyldum okkar, vinum og mikið af tónlistarfólki. Þetta verður dásamlegt. Við erum bara ofsalega þakklát að hafa svona mikið af fólki sem aðstoðar okkur við að skipuleggja veislu sem verður ógleymanleg í alla staði,“ segir Svala. **- mmm**



**GIFTA SIG Í SUMAR** Svala Björgvinsdóttir giftist unnusta sínum, Einari Egilssyni, í sumar.

➜ Hljómsveitarmeðlimir Steed Lord ganga undir nöfnunum Mega, Kali og Eddie í Los Angeles. Þau hafa gefið út þrjár plötur, Heart II Heart árið 2010, The Truth Serum Remix Project árið 2009 og Truth Serum árið 2008.

# Lag um töframann

## Hljómsveitin Dj. flugvél og geimskip með nýtt lag.

**Hljómsveitin Dj. flugvél og geimskip hefur gefið út lagið Draumar töframannsins. Það er fyrsta lagið af væntanlegri plötu sem nefnist Glamúr í geimnum.**

**Lagið fjallar um drauma og þrár töframanns, sem hefur sagt skilið við allt sem hann þekkir í leit sinni að ævintýrum. Dj. flugvél og geimskip býr til hressilega hryllingstónlist sem er blanda af fjörugum töktum, bassa og söng. Textar í lögunum eru um það sem gerist í heiminum í dulbúningi.**

**Glamúr í geimnum kemur út í sumar. Hún var tekin upp að nóttu til og tengjast öll lögin tunglinu, óravíddum geimsins og draumum. Áhrifavaldar við gerð plötunnar voru Joe Meek, Raymond Scott, Suicide og Sigríður Níelsdóttir.**



**DJ. FLUGVÉL OG GEIMSKIP** Hljómsveitin hefur gefið út lagið Draumar töframannsins.




# Fékk eftirsótt starf hjá Eley Kishimoto

## Tanja Huld sótti um starfsnám hjá breska hönnunartvíeykinu og hóf störf í gær.

„Ég fór nýlega í ferðalag með textíldeildinni og ákvað að spyrja þau á staðnum hvort ég mætti sækja um starfsnám hjá þeim. Stuttu eftir að ég kom heim úr ferðinni sendi ég þeim möppuna mína og fékk jákvætt svar daginn eftir,“ segir Tanja Huld Levý Guðmundsdóttir, nemi við textíldeild Myndlistaskólans í Reykjavík.

Hún fékk sumarstarf í London hjá breska hönnunartvíeykinu Eley Kishimoto, sem er á meðal þeirra þekktustu í heiminum.

Tanja útskrifaðist úr fatahönnun við Listaháskóla Íslands árið 2012 og ákvað að sérhæfa sig í textíl við Myndlistaskólann í Reykjavíkur að náminu loknu. Hún hélt til London á þriðjudag og hóf störf í gær. „Ég mun starfa bæði í hönnunar- og prentstúdíóinu, þar sem ég mun aðstoða við ýmis konar verkefni, þá helst undirbúning fyrir vörusýningar og að þrykkja á efni fyrir næstu fatalínu þeirra,“ segir Tanja.

Fatahönnunarfyrirtækið Eley Kishimoto var stofnað 1992 af hjónunum Mark Eley og Wakako Kishimoto, en þau hafa í gegnum tíðina hannað mynstur fyrir stór nöfn á borð við Yves Saint Laurent, Versace, Marc Jacobs, Louis Vuitton og Alexander McQueen. Hönnuðirnir voru gestafyrirlesarar á Hönnunarmars í ár og höfu ið samstarf við Vík Prjónsdóttur.

„Ég hef lengi fylgst með Eley Kishimoto og er mjög hrifin af hönnun þeirra, svo ég var að sjálfsögðu mjög spennt að hitta þau og sjá stúdíóið.“ Er þetta þá ekki draumur að rætast? „Jú, heldur betur. Mér finnst það vera mikill heiður að fá að fara í starfsnám hjá hönnuðum sem ég lít upp til. Það sem heillaði mig mest við hönnun þeirra er hversu leikandi, litrík og skemmtileg mynstrin eru á meðan sniðin eru kvenleg og afslöppuð. Fyrirtæki þeirra er lítið sem þýðir að nemarnir fylgjast vel með og fá að taka mikinn þátt í ferlinu,“ segir Tanja, sem telur að starfsnámið hjá Eley Kishimoto muni nýtast sér einstaklega vel í framtíðinni. „Mig langar að sérhæfa mig í mynsturgerð. Ég sé fram á að starfsnámið muni dýpka skilning minn á því hvernig mynstur- og fatahönnunarferlið fer fram. Svo vonast ég líka til þess að fá að kynnast ferlinu við undirbúning fyrirtækisins fyrir tískuvikuna í London,“ segir hún.

kristjana@frettabladid.is



**SPENNANDI TÍMAR Í SUMAR** Tanja Huld Levý Guðmundsdóttir sótti um starfsnám hjá Eley Kishimoto og fékk starfið. Hún hlakkar til að hitta hönnuðina og vonast til að reynslan nýtist vel í framtíðinni.



### Ekki bara föt frá Eley Kishimoto

Mark Eley og Wakako Kishimoto hanna ekki einungis fatnað undir sínum merkjum. Frá þeim hafa líka komið veggfóður, húsgögn og glerbúnaður. Árið 2008 voru hjónin einnig gerð að listrænum stjórnendum fyrir franska tískuhúsið Cacharel.

# Vegamót dregur úr djamminu

## Veitingastaðurinn Vegamót breytir til og dregur úr djamminu.

„Okkur langaði að færa okkur nær veitinga- og kaffihúsinu Vegamótum,“ segir Óli Már Ólason, annar eigandi veitingastaðarins Vegamóta.

Í hartnær fimmtán ár hefur staðurinn verið einn af stóru skemmtistöðum bæjarins en nú er breyting á. „Við ákváðum að nú væri kominn tími til að breyta til. Við ætlum ekki að loka á djammið en þetta verður meiri bjór- og kokkteilastemning. Framvegis lokum við því klukkan tvö um helgar en eldhúsið verður opið lengur, til miðnættis á fimmtudögum, föstudögum og laugardögum,“ segir Óli Már.

Hann segir breytingarnar vera kærkomnar en það hafi verið orðið erfitt að sameina veitingareksturinn og partístemninguna. „Þegar eldhúsið er opið lengi rekst það stundum á við þá sem eru að koma og djamma. Við viljum því frekar ná að teygja matinn aðeins lengur.“

Á næstu vikum verða gerðar örlitlar andlitslyftingar á Vegamótum en um komandi helgi lokar staðurinn klukkan tvö. **- ka**



**KOMINN TÍMI Á BREYTINGAR** Óli Már vonast til að sjá sem flesta í bjór og kokkteil um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



# VERKEFNASTJÓRNUN OG LEIÐTOGAÞJÁLFUN

Það er okkur gleðiefni að tilkynna að ein vinsælasta og öflugasta námsbraut á Íslandi Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun verður næsta vetur kennd við kjöraðstæður í safnaðarheimili Neskirkju í Vesturbæ Reykjavíkur. Umsjónaraðili námsins í Reykjavík verður Endurmenntun Háskóla Íslands. Námsbækurnar ***Leiðtogafærni, Samskiptafærni, Stefnumótunarfærni og Skipulagsfærni*** eru innifaldar í verði. Höfundar námsins, námsefnis og umsjónarkennarar þess eru þeir Helgi Þór Ingason og Haukur Ingi Jónasson. Einnig verður boðið upp á námið á Akureyri í samstarfi við Símennt Háskólans á Akureyri.



Við hvetjum áhugasama
til að kynna sér námið á vogl.is
eða hjá Kristínu Birnu Jónasdóttur
í kristin@ncg.is

**Skráðu þig NÚNA!**

Opið fyrir umsóknir til
8. júlí 2013

## Umsagnir nemenda um námsbrautina:



„Námið veitti mér góða innsýn í þá möguleika að beita skipulagaðri og agaðri nálgun við dagleg viðgangsefni í starfi mínu.“

Bjarni Jónsson – Samband garðyrkjubænda og Siðmennt

„Frábær upplifun, gaf mér innri sannfæringu um að ég gæti tekið að mér flókin verkefni.“
Elín Björg Jónsdóttir – BSRB





„Nám sem hefur aukið víðsýni mína og göfgað mig.“

Magnús Már Þorvaldsson - Vopnafjarðarhreppur

„Ég kynntist sjálfri mér í náminu, styrkleikum mínum og veikleikum, og hvernig ég get notað verkefnastjórnun til að ná utan um viðfangsefnin mín.“

Ólafía Björk Rafnsdóttir – VR



Nánari upplýsingar um námið má finna á vogl.is

FORLAGIÐ

Nordica ráðgjöf ehf.
Nordica Consulting Group

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Eyþór Ingi á Þjóðhátíð

Eurovision-stjarnan **Eyþór Ingi Gunnlaugsson** hefur bæst við þá listamenn sem stíga á svið á Þjóðhátíð í Eyjum um verslunarmannahelgina. Hljómsveitin vinsæla Jónas Sigurðsson og Ritvélar framtíðarinnar spilar einnig á hátíðinni og því er ljóst að gestir Þjóðhátíðar geta valið úr góðum tónlistaratriðum þessa helgi. Á meðal annarra sem koma fram eru Skálmöld, GusGus, Páll Óskar, Helgi Björnsson, Bubbi Morthens, Sálin, Ásgeir Trausti og Stuðmenn.

- fb



### 30 ára afmæli fagnað á tónleikum

Hljómsveitin Mezzoforte fagnar 30 ára útgáfuafmæli hljómplötunnar Garden Party um þessar mundir. Haldið verður upp á afmælið með tónleikum í Silfurbergi í kvöld. Velgengni hljómsveitarinnar þótti með ólíkindum á sínum tíma. En það var einmitt árið 1983 sem samnefnt lag, Garden Party, varð geysivinsælt víða um heim. Þá voru meðlimir sveitarinnar ungir að árum. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og í dag er hljómsveitin Mezzoforte á meðal virtustu „fusion"-hljómsveita Evrópu. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og lofa meðlimir að hafa engu gleymt.



## Mest lesið vísir

1 Hemmi fékk tíu ár aukalega
2 Sýnir bossann í brasilíska Vogue
3 Laddi: „Hemma verður sárt saknað"
4 8 ára drengur fær ekki bætur fyrir alvarlegt slys á skólatíma
5 Klappað í mínútu fyrir Hemma
6 Bjórinn verður í Höllinni


EINSTAKT UPPFLETTIRIT

Yfir 350 fisktegundum gerð skil




www.forlagid.is

Sumargleði!

20% afsláttur

af öllum vörum í verslunum okkar




